ERLINGUR ÖRN HAFSTEINSSON

*Heldur mikið upp á Boogie Woogie*

• heilsa • nám

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

*Vaxandi háskólasetur og græn hárgreiðsla*

Sérblað um skóla og námskeið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SÉRA PÁLMI MATTHÍASSON

*Fór holu í höggi*

Þakkar Guði fyrir handleiðsluna

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. september 2008 — 238. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Brúðguminn tilnefndur



Mynd Baltasars er tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs.

FÓLK 25

### Lengi í fararbroddi

Kramhúsið er 25 ára um þessar mundir. Stofnandinn Hafdís Árnadóttir segir það hafa átt þátt í að innleiða og breiða út alls kyns strauma og stefnur í dansi á Íslandi.

TÍMAMÓT 18

### Samúel endurvakinn



Tímaritið Samúel gengur í endurnýjun lífdaga á netinu á næstu vikum.

FÓLK 30

### Einar Ingi til HK



Línumaðurinn Einar Ingi Hrafnsson er farinn til HK frá Fram. Viggó Sigurðsson hafði ekki not fyrir hann.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA BJART** Í dag verða norðaustan 8-15 m/s við suðausturströndina, annars mun hægari. Skýjað austan til og hætt við lítilsháttar vætu, annars yfirleitt bjart veður. Hiti 10-19 stig, hlýjast suðvestan til.

VEÐUR 4

# Reglum breytt vegna skila á íbúðarlóðum

**Reykjavíkurborg hyggst endurskoða reglur um lóðaúthlutanir til að létta greiðslubyrði. Tæplega 50 af 184 lóðum hefur verið skilað í tveimur nýjum hverfum á þessu ári og þeim endurúthlutað. Engri lóð var skilað árið 2007.**

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Tæplega fimmtíu lóðum af 184 sem Reykjavíkurborg hefur úthlutað í nýjum íbúðarhverfum í Úlfarsárdal og Reynisvatnsási að undanförnu hefur verið skilað og þeim endurúthlutað. Nokkrum lóðum hefur þurft að úthluta í þrígang og fimm lóðir í Reynisvatnsási gengu ekki út í síðasta útboði. 650 umsóknir bárust upphaflega í 69 lóðir í upphaflega útboðinu. Borgarráð hefur falið framkvæmda- og eignasjóði að endurskoða reglur um lóðaúthlutanir vegna efnahagsástandsins „í því skyni að létta greiðslubyrði húsbyggjenda“.

Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri framkvæmda- og eignasviðs, segir að lóðaskil hafi hafist í byrjun ársins þegar viðskiptabankarnir skrúfuðu fyrir útlán til íbúðakaupa. Hins vegar var engri lóð skilað allt árið 2007. „Flestir bera við að bankarnir vilji ekki lána eða að þeir nái ekki að selja eldra íbúðarhúsnæði. Í flestum tilfellum er um einstaklinga að ræða sem skila lóðum en í nokkrum tilfellum eru það verktakar.“

Í Úlfarsárdal hefur tuttugu af 73 einbýlishúsalóðum verið skilað en sextán af 56 í Reynisvatnsási. Í hverfunum tveim hefur átta af þrjátíu parhúsalóðum verið skilað og einni af fjórum fjölbýlishúsalóðum í Úlfarsárdal. Tæplega 500 íbúðir eiga að rísa á þeim 184 lóðum sem um ræðir en einnig hefur fjórum lóðum undir atvinnuhúsnæði verið skilað.

Borgarráð hefur falið framkvæmda- og eignasjóði að endurskoða reglur um lóðaúthlutanir á vegum borgarinnar í því skyni að auðvelda almenningi að eignast lóðir í Reykjavík. Tillagan var samþykkt samhljóða á fundi ráðsins á fimmtudag.

Óskar Bergsson, formaður borgarráðs og framkvæmda- og eignaráðs, segir ekki ljóst hvernig reglum um lóðaúthlutanir verður breytt eða hvort til greina komi að lækka lóðaverð í borginni frá því sem nú er. „Lagt var upp með, árið 2006, að uppfylla eftirspurn eftir lóðum enda var það mikið gagnrýnt að menn fengu ekki lóðir í Reykjavíkurborg. Efnahagsumhverfið er hins vegar að breyta þessu á þá veru að eftirspurn er minni en framboðið á lóðamarkaði.“

Spurður um tekjuáætlun eignasjóðs segir Óskar að miðað við lóðasölu á þessu ári sé hún vel undir væntingum, „svo vægt sé til orða tekið“.

- shá



**HELGI BJÖRNSSON** Nýjasta plata Helga hefur selst í fimm þúsund eintökum.

Geisladiskasala:

## Enginn samdráttur í sölu á íslensku efni

**ÚTGÁFA** Þrátt fyrir samdrátt í sölu á geisladiskum víðast hvar í heiminum halda íslenskir geisladiskar áfram að seljast sem fyrr. Sala á íslenskri tónlist hefur aukist ef eitthvað er. Þótt aðalsölutíðin sé enn ókomin hafa margir titlar þegar selst mjög vel. Plötur Helga Björns og Sigur Rósar eru báðar komnar í gull með rúmlega 5.000 eintök seld og Sigurður Guðmundsson, Megas og Garðar Cortes hafa selt meira en 3.000 eintök. Á öllum þessum plötum nema Sigur Rósar-plötunni er boðið upp á gömul lög í nýjum búningi.

- glh / sjá síðu 30




**GLÆSIKAGGI** Nemendur Grunnskóla Stykkishólms voru að vonum ánægðir við afhendingu bílsins til ABC barnahjálpar í gær, enda þeirra handverk. Hér eru krakkarnir ásamt kennara sínum Sigrúnu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dugmiklir krakkar í Grunnskóla Stykkishólms gerðu upp bíl:

## Nemar gefa ABC barnahjálp bíl

**GÓÐGERÐARMÁL** Nemendur starfsdeildar Grunnskóla Stykkishólms gáfu bíl, sem þeir sjálfir höfðu gert upp, til ABC barnahjálpar í gær.

„Okkur áskotnaðist þessi bíll sem var nánast búið að setja á Sorpu,“ segir Sigrún Elín Svavarsdóttir, umsjónarkennari starfsdeildarinnar. Bíllinn er í raun gerður úr tveimur bílum.

„Hann var í lélegu ástandi en við vorum svo heppin að nákvæmlega sama gerð og árgerð af bíl var til á Sorpu og við fórum þangað og náðum í varahlutina úr þeim bíl,“ segir Sigrún. Bíllinn er af gerðinni Toyota Tercel ´91.

Sigrúnu fannst lítilsvirðing við vinnu krakkanna að keyra bílinn á Sorpu. Þegar ABC barnahjálp auglýsti fyrirhugaðan bílanytjamarkað kviknaði hugmyndin að gefa ABC bílinn. Þetta er fyrsti bíllinn sem gefinn er til ABC.

Starfsdeildin í skólanum hóf starfsemi síðastliðinn vetur. Að sögn Sigrúnar var ætlunin að létta af sumum nemendum bóklegu fögunum og auka verknámið á móti. Fyrst um sinn voru þeir að gera við hjól sem þeim áskotnaðist, þar til bíllinn kom til sögunnar í febrúar. Áfram verður haldið með starfsdeildina í vetur.

„Nú erum við bara að leita okkur að einhverjum druslum til að ráðast á,“ segir Sigrún.

- vsp

Námskeið fyrir iðnaðarmenn:

## Bjóða græna hárgreiðslu

**NÁM** „Við verðum meðal annars með námskeiðið Græn hársnyrtistofa sem Daninn Johan Galster kennir,“ segir Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar fræðsluseturs sem býður upp á úrval fjölbreyttra námskeiða í haust en heildarfjöldi námskeiða Iðunnar hefur vaxið um 58 prósent á tveimur árum.

Að sögn Hildar eru Danir í fararbroddi þegar kemur að þróun vistvæns fyrirtækjarekstrus og Gelster kennir nýja hugsun og aðferðir í vistvænni efnanotkun í hárgreiðslu.

- hs / sjá sérblað um skóla og námskeið





**Fréttablaðið er með 46% meiri lestur en 24 stundir og 116% meiri lestur en Morgunblaðið.**




Allt sem þú þarft... ...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í maí–júlí 2008.

TENGI

**Sphinx**

Mikið úrval af upphengdum salernum




Opið virka daga frá 8 -18
laugardaga frá 10 -15
tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi
Baldursnesi 6 • Akureyri

## SPURNING DAGSINS



*Baldur, eiga þingmenn að koma út úr skápnum með svona lagað?*

„Já endilega, og þeir ættu í kjölfarið að vera með sérstakan þingmannavagn á næstu Hinsegin dögum.“

Drög að reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunatengslum alþingismanna hafa verið í forsætisnefnd frá því í mars 2007. Baldur Þórhallsson telur að kjósendur eigi að vita hverjir eru bakhjarlar þingmanna og það eigi ekki að vera feimnismál.

Forseti Íslands varaði við afleiðingum loftslagsbreytinga á alþjóðlegri ráðstefnu:

# Styrjaldir geta hlotist af hlýnun jarðar

**UMHVERFISMÁL** Vandamál sem fylgja myndu loftlagsbreytingum gætu jafnvel leitt til átaka eða styrjalda milli ríkja. Meðal slíkra vandamála eru skortur á neysluvatni, landeyðing og fjölgun flóttamanna.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gerði þetta að umtalsefni í ræðu á alþjóðlegu þingi um loftlagsbreytingar sem lauk í Bangladess um helgina.

Benti hann á að í meirihluta hinna viðkvæmu Mið-Austurlanda væru engar vatnsuppsprettur og að vatnsbirgðir Ísraels gætu rýrnað um sextíu prósent á þessari öld.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** benti á að hlýnun jarðar gæti haft alvarlegar afleiðingar í Mið-Austurlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í ræðunni kynnti Ólafur Ragnar hugmynd sína um stofnun sérstaks Himalaya-ráðs sem yrði samstarfsvettvangur ríkja í og við Himalaya-fjöll um loftlagsbreytingar. Gætu þau starfað með hliðstæðum hætti og Norðurskautsráðið gerir.

Í heimsókninni ræddi Ólafur Ragnar við helstu forystumenn í stjórnmálum í Bangladess sem ítrekuðu stuðning við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þá hitti hann Muhammad Yunus, stofnanda Grameen-bankans sem lánar til fátækra.

Ólafur Ragnar kynnti sér einnig náttúrufar í Bangladess. Hann flaug suður undir Bengalflóa og sigldi svo um Sundarban sem er stærsti flotskógur veraldar. **- bþs**

Skoðanakönnun Gallup:

# Samfylkingin vinsælust allra

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin mælist með mest fylgi allra stjórnmálaflokka í nýrri skoðanakönnun Gallup, prósentustigi ofar Sjálfstæðisflokknum.

Meirihluti Reykvíkinga, 56 prósent, er óánægður með nýjan meirihluta borgarstjórnar, en hann er þó ekki eins stór og sá sem sagðist vera óánægður með þann síðasta. Samfylking var með 33 prósenta fylgi á landsvísu, samkvæmt könnuninni, Sjálfstæðisflokkur 32 prósent, VG er með 19 prósenta fylgi og Framsókn með 10. Frjálslyndir eru með 4 prósent og Íslandshreyfing með 2. **- kóp**



**ÓLYMPÍULEIKARNIR** Forsetahjónin léku á als oddi á Ólympíuleikunum. Hér sjást þau ásamt Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kostnaður forsetans á ÓL:

# Forseti ódýrari en ráðherra

**FORSETI Heildarkostnaður vegna ferðar forsetahjóna og forsetaritara á Ólympíuleikana í Peking var 2.777.276 krónur. Ferð forseta var frá 18. til 26. ágúst.**

**Kostnaðurinn skiptist þannig að fargjöld voru kr. 1.472.220, gisting kr. 896.880 og dagpeningar forseta og forsetaritara kr. 408.176. Forsetafrú þáði ekki dagpeninga. Hótelkostnaðurinn var meiri en að jafnaði í ferðum forseta þar sem kínversk stjórnvöld áskildu að þjóðhöfðingjar gistu á sérvöldum hótelum.**

**Ferðir menntamálaráðherra til Peking ásamt maka sínum, ráðuneytisstjóra og maka hans námu hins vegar tæpum fimm milljónum.** **- vsp**

Tvítugur maður fyrir dóm:

# Braut glas á andliti annars

**DÓMSMÁL** Tvítugur maður sem ákærður er fyrir hættulega líkamsárás neitaði sök fyrir dómi. Málið var þingfest í gær.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa kastað glerglasi í andlit annars manns síðasta haust. Glasið brotnaði með þeim afleiðingum að fórnarlambið hlaut meðal annars tvo skurði. **- jss**

# Reglur verði settar fyrir alla þingmenn

**Formaður Samfylkingarinnar segir heppilegra að reglur um hagsmunatengsl og eignir þingmanna verði ekki valkvæðar, heldur þurfi allir að fara eftir þeim. Þingflokksformaður VG er sammála en forseti Alþingis tjáir sig sem minnst.**

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, telur að heppilegast sé að reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunatengslum þingmanna verði almennar, þannig að þær gildi fyrir alla þingmenn.

„Ég geri ráð fyrir því að þetta sé almennt viðhorf í þingflokknum,“ segir hún.

Fram hefur komið í Fréttablaðinu síðustu daga að drög að reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunatengslum þingmanna séu til meðferðar á Alþingi. Þau hafa tafist þar í tæpa átján mánuði.



**STURLA BÖÐVARSSON**

Rætt er um að reglurnar verði annað hvort valkvæðar eða skylda. Einnig er álitamál hvort þær skuli lögbinda, svo kæra megi fyrir brot á þeim.

Þingflokksformaður sjálfstæðismanna hefur lýst því að hún sjái enga ástæðu til lögbindingar, en Ingibjörg segir það vel koma til álita.

Oddviti sjálfstæðismanna í forsætisnefnd, Sturla Böðvarsson, vill sem minnst tjá sig um málið fyrr en það hefur verið rætt í þingflokknum.

„Ég vil ekki lýsa persónulegum skoðunum mínum að svo stöddu, en ég vona að vel gangi að ná sátt um þetta mál, og við stefnum á að það klárist á kjörtímabilinu,“ segir Sturla.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, segir skjóta skökku við að Samfylkingin, sem „gali hæst“ um gegnsæi, birti enn ekki upplýsingar um eignir þingmanna sinna og ráðherra.

„Við birtum þessar upplýsingar nú þegar á heimasíðu okkar. En við myndum vilja sjá fleiri sýna viljann í verki, áður en til lagaþvingunar kemur,“ segir Ögmundur.

Hann sér ekki tilgang með því að setja reglur um valkvæða upplýsingaskyldu þingmanna.

„Til hvers að setja reglur um að þú megir gera hvað sem þú vilt?“ spyr Ögmundur.

Spurð hvers vegna Samfylking hafi ekki gengið fram fyrir skjöldu og birt þessar upplýsingar, segir Ingibjörg að almennt hafi verið talið í þingflokknum að um þetta ættu að gilda reglur, sem allir flokkar færu eftir. Hún útilokar þó ekki að upplýsingarnar verði birtar áður en reglurnar taka gildi.

klemens@frettabladid.is





**ÖGMUNDUR OG INGIBJÖRG** Þingflokksformaður VG saknar þess að Samfylkingin birti upplýsingar um eignir og hugsanleg hagsmunatengsl þingmanna sinna. Formaður Samfylkingar segir sitt fólk hafa beðið þess að reglur yrðu settar, en útilokar ekki að þetta verði gert, áður en til þeirra kemur.





**MÓTMÆLA TENGINGU** Foreldrar barna í Hvaleyrarskóla hafa hengt upp mótmælaborða í nágrenni við skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Foreldrar í Hafnarfirði:

# Undirskriftir gegn tengingu

**HAFNARFJÖRÐUR Foreldrar barna í Hvaleyrarskóla safna undirskriftum til að mótmæla nýju deiliskipulagi sem heimilar tengingu Suðurbrautar og Reykjanesbrautar neðan við Hvaleyrarskóla.**

**Foreldrar áttu fund með bæjarstjóra, formanni skipulagsráðs og lögmanni bæjarins í gær. Á fundinum kom fram að foreldrum yrði ekki veittur frestur til að kynna sér umhverfismatsskýrslu og álit Skipulagsstofnunar frá í ágúst.** **- ghs**

Menntaskólanemi dæmdur:

# Nítján ára með barnaklám

**DÓMSMÁL** Nítján ára menntaskólapiltur hefur verið dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, fyrir að hafa mjög gróft barnaklám í tölvu sinni.

Pilturinn var ákærður fyrir kynferðisbrot. Í tölvu hans á heimavist Menntaskólans á Ísafirði fannst á hörðum diski ein ljósmynd sem sýnir barn á kynferðislegan og klámfenginn hátt og 89 hreyfimyndir sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Þar af var ein hreyfimynd af barni í kynferðisathöfnum með dýri. Þessar myndir hafði pilturinn náð í á netinu og vistað í tölvu sinni. **- jss**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Flugfrakt

Sækjum og sendum
– hratt og örugglega
á hagstæðu verði.





**Til/frá Reykjavík**
Akureyri 8-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 5-7 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag
Vestmannaeyjar 2-3 ferðir á dag

Aðeins eitt símtal í 570 3400 og málið er afgreitt.

Karlmaður á þrítugsaldri fyrir dóm vegna þriggja ofbeldisbrota:

# Maður ákærður fyrir að kýla og beinbrjóta þrjá menn

**DÓMSMÁL** Davíð Smári Helenarson hefur verið ákærður fyrir þrjár alvarlegar líkamsárásir þar sem þrír menn slösuðust verulega. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Ákærði neitaði sök.

Hann er ákærður fyrir að hafa í ágúst í fyrra ráðist að manni á gervigrasvellinum í Mosfellsbæ. Árásarmaðurinn reif í hinn og sparkaði í fætur hans þannig að hann féll á hliðina. Fórnarlambið rifbeinsbrotnaði og hlaut mar á hægri upphandlegg.

Þá er maðurinn ákærður fyrir aðra líkamsárás á Hverfisbarnum í Reykjavík í desember.

Honum er gefið að sök að hafa ráðist þar á annan mann og ítrekað slegið hann í andlitið. Er hinn féll í sófa inni á skemmtistaðnum hélt árásarmaðurinn áfram að kýla hann. Fórnarlambið hlaut heilahristing, glóðaraugu og brot í framvegg hægri kinnbeinsholu sem gekk upp í augntóftarbrún, brot í kinnbeinsboga og sprungu í ennisbeini hægra megin. Þá hlaut hann áverka á tönn.



**APÓTEKIÐ** Ein árásin átti sér stað í skemmtistaðnum Apótekinu í miðborg Reykjavíkur í vetur.

Þriðja líkamsárásin átti sér stað í desember á Apótekinu. Manninum er gefið að sök að hafa ráðist þar á annan mann, slegið hann niður og þá hoppað á vinstri föt hans þannig að fórnarlambið ökklabrotnaði og hlaut rof á liðböndum. **- jss**

SUBARU

# SUBARU GERIR BETUR




# 2.990.000 kr.

## FYRIR SJÁLFSKIPTAN FJÓRHJÓLADRIFINN LEGACY

Margir velja SUBARU vegna þess að hann bilar svo sjaldan. Enn fleiri velja SUBARU vegna þess að hann er fjórhjóladrifinn, öruggur, með ríkulegan staðalbúnað og á hagstæðu verði. Flestir velja þó SUBARU vegna alls þessa og þeirrar staðreyndar að SUBARU er góður í endursölu. Við bjóðum nú takmarkað magn af SUBARU LEGCY SEDAN á sérstökum kjörum. SUBARU GERIR BETUR!



**Ríkulegur búnaður:**

**Fjórhjóladrif**, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari,17” álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt, tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

ENNEMM / SÍA / NM35190

SYMMETRICAL AWD SINCE 1972

## SÉRSTAÐA SUBARU

Subaru er með AWD sídrif – alltaf með drif á öllum hjólum. Þetta gerir hann góðan í snjó og á erfiðum vegum en þýðir líka að hann lætur frábærlega að stjórn í venjulegum akstri. Boxer vélin er hönnunarafrek út af fyrir sig. Hún liggur lárétt í vélarrúminu og er því með lágan þyngdarpunkt sem eykur jafnvægi bílsins og margfaldar eiginleika AWD sídrifsins.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH INGVAR HELGASON

## GENGIÐ 01.09.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 83,65 | 84,05 |
| Sterlingspund | 150,95 | 151,69 |
| Evra | 122,47 | 123,15 |
| Dönsk króna | 16,422 | 16,518 |
| Norsk króna | 15,375 | 15,465 |
| Sænsk króna | 12,936 | 13,012 |
| Japanskt jen | 0,7751 | 0,7797 |
| SDR | 130,92 | 131,70 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
159,9148

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjöldi sérfræðinga kemur fyrir efnahagsnefnd og forsætisráðherra flytur skýrslu:

# Staða efnahagsmála rædd í þinginu

**STJÓRNMÁL** Staða efnahagsmála verður til umræðu á fundi efnahags- og skattanefndar Alþingis í dag. Kemur fjöldi sérfræðinga fyrir nefndina og svarar spurningum nefndarmanna um ástand og horfur. Pétur H. Blöndal, formaður nefndarinnar, segir að sambærilegur fundur hafi verið haldinn í apríl og ástæða sé til að meta ástandið á ný. Gott sé fyrir þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu að geta spurt sérfrótt fólk út í málin.

Fyrir nefndina koma fulltrúar Seðlabanka, fjármálaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins, Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins auk greiningardeilda viðskiptabankanna þriggja: Glitnis, Kaupþings og Landsbanka.



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra mun í dag flytja skýrslu um efnahagsmál.

Framhaldsfundir Alþingis hefjast í dag. Á fundinum mun Geir H. Haarde flytja skýrslu um efnahagsmálin og í kjölfarið fara fram umræður með þátttöku allra flokka.

Nokkur viðamikil mál verða tekin til meðferðar, en hugsunin að baki framhaldsfundunum er einkum að gefa þingmönnum færi á að ljúka málum sem ekki tókst að klára í vor. Meðal mála sem stjórnarliðar leggja áherslu á að klára eru frumvarp um sjúkratryggingar. Það er á dagskrá fundar heilbrigðisnefndar fyrir hádegi í dag.

- bþs

Úr plús í mínus:

# Milestone tapar 13,4 milljörðum

**VIÐSKIPTI Móðurfélag fjárfestingarfélagsins Milestone tapaði 13,4 milljörðum króna á fyrri hluta árs. Samstæða félagsins var í mínus upp á 35 milljarða. Í fyrra nam hagnaðurinn 27 milljörðum.**

**Stærsta eign Milestone er sænska fjármálafyrirtækið Moderna en í því eru falin 92 prósent eigna félagsins. Félagið sænska skilaði 6,2 milljarða króna tapi á tímabilinu. Askar Capital, eitt dótturfélaga Milestone, tapaði 961 milljón króna á sama tíma. Til samanburðar nam hagnaðurinn 207 milljónum á fyrri hluta síðasta árs.**

- jab

# Verkfall kemur verst niður á Suðurnesjum

**Ljósmæður búa fæðandi konur undir að verkfall skelli á annað kvöld. Á Suðurnesjum eru konur sendar heim með skýrslurnar sínar. Fæðandi konur af Suðurnesjum og jafnvel frá Selfossi verða að keyra á Landspítalann.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Tveggja sólarhringa verkfall ljósmæðra kemur harðast niður á konum á Suðurnesjum þegar það skellur á á miðnætti á miðvikudag.

Öll þjónusta við fæðandi konur leggst niður á fimmtudag og föstudag á Suðurnesjum og þurfa konur því að leita á Landspítalann í Reykjavík. Allar konur sem eiga von á sér næstu daga og vikur eru nú sendar heim.

„Hér verður lokað. Samkvæmt neyðaráætlun ríkisins er engin þjónusta hér og því leggst þjónustan alfarið af á fæðingardeildinni. Mæðravernd og fæðingardeild verður lokað og þjónusta í ungbarnaeftirliti skerðist," segir Guðrún Guðbjartsdóttir, deildarstjóri á Suðurnesjum.

Fæðandi Suðurnesjakonur þurfa að keyra til Reykjavíkur til að sækja fæðingarþjónustu ef þær fá hríðir eftir miðnætti á miðvikudag, á fimmtudag eða föstudag. Konur sem liggja á fæðingardeildinni verða sendar heim um miðnætti en konur sem bíða aðgerðar verða fluttar á aðrar deildir.



**LOKAÐ** „Hér verður lokað," segir Guðrún Guðbjartsdóttir, deildarstjóri á Suðurnesjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VF



**KEYRA TIL REYKJAVÍKUR** Þjónusta við fæðandi konur fellur niður á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þegar verkfall skellur á á miðnætti á miðvikudagskvöld og enga þjónustu þar að hafa fyrir konur í neyð. Um 28 konur eiga von á sér á Suðurnesjum í september og verða þær að keyra á Landspítalann ef hríðir hefjast eða vatnið fer á verkfallstíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VF

Guðrún segir að 28 konur eigi von á sér á næstu vikum.

Verkfall ljósmæðra kemur misjafnlega niður á landshlutum. Á Akranesi verður mæðravernd ekki veitt, en ekki lokað fyrir fæðingarþjónustu. Á Selfossi verður engin þjónusta utan skrifstofutíma og því þurfa konur að leita til Reykjavíkur eftir það. Á Akureyri skerðist þjónustan, einungis ein ljósmóðir verður á vakt og önnur á bakvakt. Á Landspítalanum skerðist þjónusta á sónardeild og í mæðravernd, en hugsanlegt er að meðgöngudeild og Hreiðri verði lokað. Á Ísafirði verður þó lítill munur á þjónustu.

Rannveig Rúnarsdóttir, yfirljósmóðir á Landspítalanum, segir að öllum konum í neyð verði sinnt.

Ljósmæður áttu fund með samninganefnd ríkisins síðdegis í gær og varð hann árangurslaus. Ljósmæður vilja 25 prósenta leiðréttingu launa, segir Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands.

ghs@frettabladid.is

### STIGVAXANDI VERKFALL

Verkfall ljósmæðra er boðað frá miðnætti á miðvikudagskvöld og stendur því fimmtudag og föstudag í þessari viku. Verkfall er aftur boðað aðfaranótt fimmtudagsins 11. september og 12. september og fer síðan stigvaxandi. Þriggja daga verkfall er boðað 17.-19. september og fjögurra sólarhringa verkfall 23.-26. september. Allsherjarverkfall skellur á 29. september.



**FRÁ VARMÁ** Mikill fiskdauði fylgdi klórslysi.

Tilraunir í Varmá í Hveragerði:

# Reyna nú veiði eftir klórslysið

**UMHVERFISMÁL** Hafin er sala á veiðileyfum í Varmá við Hveragerði eftir að veiðin lá niðri eftir gríðarmikinn klórleka frá sundlauginni í Laugarskarði í fyrrahaust.

Ágæt niðurstaða var úr seiðamælingum yngstu seiða í sumar. Á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur segir að um tilraunaveiði sé að ræða og aðeins sé veitt á þrjár stangir í stað sex áður. Einnig segir á vefnum að auk áhrifa klórslyssins virðist jarðskjálftarnir í sumar hafa breytt eðli árinnar. Veiðileyfi kosta 7.900 krónur og á að sleppa öllum fiski en skrá hann í veiðibók. Engum sögum fer enn af veiði og afar lítil hreyfing er á veiðileyfum.

- gar

## GEORGÍA

### Rússar ásaka Bandaríkin

Rússar segja að bandarísk hjálparsamtök hafi flutt vopn til Georgíu með skipum sem innihéldu nauðsynjavörur til hjálparstarfa. Þessar grunsemdir eru ástæðan fyrir því að Rússar hafa beðið um vopnainnflutningsbann í Georgíu.

## ÁRÉTTING

Í frétt um útafakstur rútu sem greint var frá í blaðinu í gær var ranghermt að vegkanturinn hefði verið tveir metrar. Hann mun hafa verið hálfur metri. Þá sveigði bílstjórinn ekki framhjá holu rétt áður en óhappið varð.



**MÁLIN KYNNT** Þingmenn VG vilja lögfesta siðareglur þingmanna.

Þingflokkur Vinstri grænna:

# Vinnulag á Alþingi gagnrýnt

**STJÓRNMÁL** Katrín Jakobsdóttir, varaformaður VG, gagnrýnir hve mörg mál, sem samstaða ríki jafnvel um milli flokka, dagi uppi í meðferð Alþingis. Vill hún að ráðin verði bót á.

Á blaðamannafundi í gær hvöttu þingmenn VG til lagasetningar um siðareglur og upplýsingaskyldu þingmanna. Vöruðu þeir einnig við því að frumvarp um sjúkratryggingar yrði samþykkt enda hefði ekki verið staðið við fyrirheit um að fara ofan í saumana á málinu. Lögðu þeir jafnframt til að úttekt yrði gerð á reynslu Breta af hliðstæðu kerfi.

- bþs

Nefndafundir verða opnir:

# Veitir innsýn í nefndastörfin

**ALÞINGI Nefndir Alþingis munu halda opna fundi á komandi vetri. Ekki er um það að ræða að allir nefndafundir verði opnir heldur ákveða nefndarmenn hvenær það skuli gert og jafnframt hvaða mál skuli þá tekin til umræðu.**

**Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, segir þetta gert til að veita almenningi aukna innsýn í nefndastörfin. Jafnframt verður sú nýbreytni tekin upp á haustþingi að ráðherrar koma fyrir fastanefndirnar og upplýsa hvaða mál þeir hyggist leggja fram á þinginu. Gefst nefndamönnum um leið færi á að spyrja ráðherrana út í málin.**

- bþs




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veður-fræðingur

**NÆTURFROST**
Þegar litið er yfir veðurhorfurnar næstu daga er að vænta að himinn verði nokkuð opinn og að loftið yfir landinu verði heldur svalara en verið hefur. Þar sem vindur verður auk þess hægur eru töluverðar líkur á næturfrosti, sérstaklega aðra nótt og aðfaranótt föstudagins.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Billund | 20° |
| Ósló | 18° |
| Stokkhólmur | 19° |
| Gautaborg | 20° |
| London | 18° |
| París | 20° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Berlín | 25° |
| Alicante | 30° |
| Mallorca | 30° |
| Basel | 25° |
| Eindhoven | 20° |
| Las Palmas | 26° |
| New York | 30° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 27° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.toyota.is

# TILBOÐSBÍLAR

## Núna bjóðum við 16 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



**Toyota RAV4**
2000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.03 Ekinn: 73.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Skr.nr. DX-739
**Tilboð: 1.490.000 kr.**



**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 51.000 km
Verð: 3.280.000 kr. Skr.nr. JZ-852
**Tilboð: 2.990.000 kr.**



**BMW X5**
3000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 36.000 km
Verð: 6.890.000 kr. Skr.nr. US-683
**Tilboð: 5.990.000 kr.**



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.04 Ekinn: 40.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. NN-036
**Tilboð: 1.990.000 kr.**



**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 81.000 km
Verð: 1.240.000 kr. Skr.nr. NV-992
**Tilboð: 990.000 kr.**



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 59.200 km
Verð: 5.090.000 kr. Skr.nr. OS-891
**Tilboð: 4.550.000 kr.**



**Toyota RAV4**
2000 Dísel 5 gíra
Á götuna: 09.05 Ekinn: 126.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. RO-530
**Tilboð: 1.890.000 kr.**



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 52.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. RY-805
**Tilboð: 1.390.000 kr.**



**Toyota Land Cruiser 100**
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 82.000 km
Verð: 4.690.000 kr. Skr.nr. SM-105
**Tilboð: 4.390.000 kr.**



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísel 6 gíra
Á götuna: 11.04 Ekinn: 122.700 km
Verð: 3.990.000 kr. Skr.nr. SU-367
**Tilboð: 3.590.000 kr.**



**Land Rover**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 11.03 Ekinn: 83.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. TI-773
**Tilboð: 1.090.000 kr.**



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 64.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Skr.nr. UG-561
**Tilboð: 2.190.000 kr.**



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 48.300 km
Verð: 1.630.000 kr. Skr.nr. YH-311
**Tilboð: 1.390.000 kr.**



**Hyundai Santa Fe**
2700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.01 Ekinn: 128.000 km
Verð: 1.130.000 kr. Skr.nr. YO-915
**Tilboð: 890.000 kr.**



**Toyota Avensis S/D**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 44.000 km
Verð: 2.530.000 kr. Skr.nr. YR-145
**Tilboð: 1.990.000 kr.**



**Nissan Patrol Lux**
38" breyttur o.fl.
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 39.000 km
Verð: 5.770.000 kr. Skr.nr. TE-210
**Tilboð: 4.690.000 kr.**

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 43500 09.2008

## KJÖRKASSINN



*Eiga að vera til siðareglur sem skikka þingmenn til að greina frá eignum sínum?*

| | |
|---|---|
| Já | 79,5% |
| Nei | 20,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Först þú á Jemenmarkaðinn um helgina?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Þýskur veitingamaður réðst inn á skrifstofu verkalýðsfélags í gærmorgun:

# Horst sér ekki eftir atvikinu

**KJARAMÁL** „Hann sér ekki eftir þessu. Hann var mjög reiður út af greininni," segir Margret Bekemeier, eigandi veitingastaðarins Café Margret, spurð hvort eiginmaður hennar Horst Müller sæi eftir því að hafa ráðist inn á skrifstofu AFLs starfsgreinasambands í gærmorgun. Tilefni árásarinnar var greinaskrif 24 stunda um starfsmannamál fyrirtækisins.

„Það er ekki satt sem var skrifað. Við höfum sent alla pappíra til stjórnvalda; vegabréf og fleira fyrir starfsfólkið okkar, en það fær ekki kennitölur. Við getum ekki borgað starfsfólki sem er ekki með kennitölur," segir Margret og bætir við að þau borgi starfsmönnum sem séu með kennitölur.



**Á TJÁ OG TUNDRI** Skrifstofan var illa leikin eftir samskipti veitingamannsins við framkvæmdastjóra AFLs. MYND/AUSTURGLUGGINN

Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs, segir að Horst hafi komið inn á skrifstofu sína og byrjað að æpa. Síðan hafi hann hreinsað allt af borðinu hans. Tók Sverrir þá til þess bragðs að stökkva fram fyrir borðið og halda honum. Til örlítilla handalögmála kom, en þó ekki þannig að sæist á mönnum, að sögn Sverris. AFL hyggst kæra árásina.

„Auk kærunnar munum við fara fram á að fá að skoða launaseðla, ráðningarsamninga og vaktaplön fyrirtækisins og munum biðja um aðstoða lögreglu við að fá það," segir Sverrir. **- vsp**

Hótaði lögreglumönnum:

# Dæmdur fyrir morðhótun

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að hóta tveimur lögreglumönnum lífláti.

Maðurinn, sem er til heimilis í Vesturbyggð, var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 1. júlí 2007, á hafnarsvæðinu við Bíldudalshöfn í Vesturbyggð, hótað tveimur lögreglumönnum lífláti með því að segja: „Þið eruð dauð" og „Ég kem með lið á morgun og við drepum ykkur öll".

Maðurinn viðurkenndi brot sitt fyrir dómi. **- jss**






# Um 700 milljarða tjón vegna Gústavs

**Fellibylurinn Gústav var ekki eins öflugur og gert hafði verið ráð fyrir þegar hann skall á strönd Bandaríkjanna. Eignatjón er samt talið nema allt að 700 milljörðum króna. Íslenskur íbúi New Orleans er feginn að ekki hafi farið verr.**

**BANDARÍKIN** Fellibylurinn Gústav skall á land suðvestan við New Orleans um klukkan hálfþrjú í gær. Gústav var slappari en gert hafði verið ráð fyrir. Þrátt fyrir það náði hann að eyðileggja rafmagnslínur í New Orleans og urðu 700 þúsund heimili rafmagnslaus. Talið er að eignatjón vegna fellibylsins nemi um átta milljörðum dala, eða tæplega 700 milljörðum króna. Í fyrradag gerðu svartsýnustu spár ráð fyrir að eignatjónið gæti orðið meira en þrjátíu milljarðar dala, eða 2.500 milljarðar króna.

„Þetta virðist ekki vera eins slæmt og síðast," segir Linda Garðarsdóttir, fyrrverandi söngkona pönkhljómsveitarinnar Q4U og íbúi New Orleans til fimmtán ára. Segist hún fegin að ekki hafi verr farið.

Linda segir að vonandi verði tilkynnt í dag um hvenær hægt sé að snúa til heimila sinna. Sjálf keyrði hún með snarhasti til Seaport, sem er bær nyrst í Louisiana-ríki.

Búist var við að fellibylurinn yrði fimmta stigs fellibylur þegar hann skylli á land í Bandaríkjunum. Hins vegar var hann aðeins tveggja stiga þegar hann kom á land í bænum Cocodrie. Eftir því sem á leið dvínaði hann verulega og mældist vindhraði síðdegis um fjörutíu metrar á sekúndu. Fellibylurinn færðist nær Texas með kvöldinu.



**MEÐ VINDINN Á HÆLUNUM** Aðeins voru um tíu þúsund íbúa New Orleans eftir í borginni þegar Gústav skall á í gær. Þessi mæðgin voru meðal þeirra sem eftir voru. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í kjölfar fellibylsins gerði mikið úrhellisveður í New Orleans. Árnar flæddu yfir varnargarða borgarinnar en eignatjón í borginni var þó minniháttar. Smábátahöfn sem nýlega hafði verið löguð til skemmdist töluvert og fjórir bátar, í það minnsta, losnuðu frá höfninni.

George Bush Bandaríkjaforseti fór til Texas í fyrradag til að fylgjast með viðbúnaði stjórnvalda. Sagði hann í gær að viðbúnaðurinn væri töluvert betri en fyrir þremur árum, þegar Katrína eyðilagði flest sem fyrir varð.

Ray Nagin, borgarstjóri New Orleans, hvatti íbúa borgarinnar um helgina til að yfirgefa hana vegna hræðslu við svipaðar hörmungar og urðu í kjölfar fellibylsins Katrínu árið 2005.

Tvær milljónir manna hlýddu orðum Nagins og flýðu heimili sín í Louisiana-ríki vegna Gústavs. Um tíu þúsund urðu eftir á heimilum sínum í New Orleans, en í borginni búa um tvö hundruð þúsund manns.

Gústav reið yfir Karíbahaf í síðustu viku. Síðan þá hefur fellibylurinn orðið 88 manns að aldurtila. **vidirp@frettabladid.is**






Umhverfisráðuneyti ógildir eigin úrskurð vegna breyttrar afstöðu Orkustofnunar:

# Vatnsátöppun ekki í umhverfismat

**STJÓRNSÝSLA** Framkvæmdir við vatnsátöppunarverksmiðju Icelandic Water Holding í Ölfusi þurfa ekki að fara í umhverfismat því umhverfisráðuneytið hefur nú ógilt fyrri úrskurð sinn þar að lútandi.

Umhverfisráðuneytið úrskurðaði í maí í vor að vatnsátöppunarverksmiðjan þyrfti í umhverfismat. Icelandic Water Holding óskaði í júní eftir að ráðuneytið tæki málið upp að nýju þar sem Orkustofnun hefði sent ráðuneytinu gallaða umsögn. Ráðuneytið tók ekki undir það en byggði nýjan úrskurð hins vegar á breyttu áliti Orkustofnunar í málinu.

„Byggir hin breytta afstaða Orkustofnunar á nýjum upplýsingum um vatnafar á umræddu framkvæmdasvæði. Afstöðubreyting stofnunarinnar byggist einkum á skuldbindingum framkvæmdaraðila um að umgangast svæðið með það að markmiði að vatnsauðlindum verði ekki spillt, ákvörðun framkvæmdaraðila um að umgangast iðnaðarsvæðið eins og það nyti vatnsverndar og einnig að frárennsli frá verksmiðjunni verði fargað utan iðnaðarsvæðis og vatnsverndarsvæðis," segir í nýja úrskurði umhverfisráðuneytisins.

Þess má geta að þrátt fyrir fyrri úrskurð umhverfisráðuneytisins um umhverfismat eru framkvæmdir við vatnsátöppunarverksmiðjuna á lokastigi. Ætlað er að vinnsla hefjist þar til reynslu í næstu viku. **- gar**



**JÓN ÓLAFSSON** Eigandi Icelandic Water Holding sem nú losnar undan fyrri kröfum um umhverfismat fyrir vatnsátöppunarverksmiðju í Ölfusi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hvaða vexti ert þú með á þínum launareikningi?

- Betri innlánsvextir
- Betri yfirdráttarvextir
- Hagstæðasti launareikningurinn




Sæktu um og þú gætir unnið 10.000 kr. gjafabréf á Argentínu Steikhús

ARGENTÍNA

S24 ...og þú hagnast

Stofnaðu reikning... **www.s24.is** 533 2424 – Sætún 1

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir fellibylurinn sem reið yfir Louisiana-ríki Bandaríkjanna í gær?*

2 *Hvaða félag heldur pub-quiz á Sólón í kvöld?*

3 *Hver hefur verið valinn bæjarlistamaður Mosfellsbæjar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Þriðja líkið fannst á óðalssetri:

## Morðmálið tekur nýja stefnu

**BRETLAND, AP** Breska lögreglan tilkynnti í gær að þriðja líkið hefði fundist í óðalssetri enska milljarðamæringsins Christophers Foster í Maesbrook, 280 kílómetrum norðvestan við London.

Af þeim þremur líkum sem fundist hafa hefur aðeins verið borið kennsl á eitt, Jill Foster, eiginkonu Christophers. Hún var skotin í höfuðið áður en óðalssetrið var brennt til kaldra kola.

Fjórir hundar og þrír hestar þeirra hjóna höfðu einnig verið skotnir til bana. Rannsókn stendur yfir á því hvort skotin séu úr 22 kalíbera riffli Christophers. Hann átti í miklum fjárhagsvanda vegna fyrirtækisins, Ulva Ltd., sem hann átti. Christopher og dóttir hans, Kirstie, hafa ekki sést síðan óðalssetrið brann. - vsp

# Hótel stækkað og byggt upp á Kárastíg

**Samþykkt deiliskipulagstillaga fyrir Kárastígsreit gerir ráð fyrir auknu byggingamagni á reitnum. Eigandi Hótels Leifs Eiríkssonar vildi fá að byggja meira, en íbúar á reitnum vildu óbreytt skipulag. Reynt var að fara bil beggja.**

**SKIPULAGSMÁL** Auka á byggingamagn á lóðum við Kárastíg, Frakkastíg og Skólavörðustíg, samkvæmt deiliskipulagstillögu fyrir Kárastígsreit sem samþykkt hefur verið í Skipulagsráði. Í tillögunni er einnig meðal annars lagt til að byggðamynstur við Kárastíg njóti verndar samkvæmt Húsverndarskrá Reykjavíkur. Þá er lögð til verndun götumynda og húsaraða.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, segir tillöguna samþykkta í góðri sátt. Hún hafi tekið talsverðum breytingum frá upphaflegum tillögum og leitað hafi verið álits hagsmunaaðila auk sérfræðinga. Hann segir mikilvægt að halda í útlit og yfirbragð hverfisins.

Ein helsta breytingin er viðbygging við Hótel Leif Eiríksson á Skólavörðustígnum. Þar samþykkir ráðið kjallarabyggingu og lyftuhús við norðurenda hússins. Þórir Halldórsson, eigandi hótelsins, segir að hugmyndin hafi verið að byggja mun meira á reitnum. Hann á einnig húsið og lóðina við Frakkastíg 26A og ætlaði hann sér að stækka hótelið að því húsi. „Ég á eftir að skoða þetta betur,“ segir Þórir.

„Ég held að Kárastígsreiturinn sé óvenju vel leystur,“ segir Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna. Hún segir að fyrri hugmyndir hafi gert ráð fyrir hærri húsum og niðurrifi.



**KÁRASTÍGSREITUR** Reiturinn afmarkast af Skólavörðustíg, Frakkastíg og Kárastíg en mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína um hverfið á ári hverju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta eru mildar breytingar sem eru í sátt við og til bóta fyrir umhverfið,“ segir Svandís. Hún telur starfsumhverfi hótelsins bætt án þess að gengið sé á rétt nágranna þess.

Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri Reykjavíkur, segir tillöguna í takt við áherslur í skipulagsmálum í Reykjavík í dag. „Við erum að leyfa uppbyggingu í eldri hverfum og erum að gera það á forsendum þeirrar byggðar sem fyrir er,“ segir Ólöf.

Guðmundur Einarsson, eigandi Listvinahússins sem stendur á reitnum, segir deiliskipulagsbreytingarnar upprunalega tilkomnar vegna óska eigenda hótelsins um að fá að stækka hótelið. Hann segir íbúa í hverfinu hafa mótmælt þeim áformum kröftuglega. Mótmælin hafi meðal annars snúið að skuggavarpi á hús og garða íbúanna.

Hann fagnar því að hlustað sé á íbúana. „Nú er ungt fólk aftur að flytjast í hverfið, fólk sem vill búa á svæðum eins og Kárastígsreitnum og ég vil meina að það sé mikill akkur fyrir Reykjavíkurborg að fólk vilji búa í slíku umhverfi,“ segir Guðmundur.

olav@frettabladid.is

Minnihlutaoddviti á Álftanesi:

## Telur úrskurð undarlegan

**SVEITARSTJÓRNIR Guðmundur Gunnarsson, oddviti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Álftaness, segir úrskurð samgönguráðuneytisins í kærumáli vegna launamála bæjarstjórans vera „í undarlegri kantinum“. Ráðuneytið sagði ekki ástæðu til að gera athugasemdir við launamál bæjarstjórans.**



GUÐMUNDUR GUNNARSSON

**Þá hafnar Guðmundur fullyrðingum í yfirlýsingu Sigurðar Magnússonar bæjarstjóra um að hann hafi viljað hafa æruna af Sigurði. Hann kveður bæjarstjórann ekki yfir gagnrýni hafinn frekar en aðrir sveitarstjórnarmenn. „Málið snýst eingöngu um gegnsæi. Fulltrúar Á-lista virðast sáttir við að þessi mál verði áfram óljós og þar við sita.“** - gar

KÓPAVOGUR

### Hvað kostaði lögfræðiálit?

Fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarráði Kópavogs ítrekuðu á síðasta fundi fyrirspurn um kostnað við lögfræðiálit sem Sigurður Líndal prófessor vann vegna hugsanlegs vanhæfis Gunnsteins Sigurðssonar, bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks.

### Foreldrar vilja nudda fóstrur

Félag foreldra leikskólabarna í Efstahjalla í Kópavogi vilja að bæjarsjóður leggi fram styrk til að mæta kostnaði við nudd á leikskólastarfsmönnunum. Bæjarráð hefur vísað málinu til umsagnar hjá fræðslustjóra.




# Góð kaup í Múrbúðinni

## Allt fyrir viðhaldið á góðu verði



**Bílskúrshurðaopnari með öllu tilheyrandi**

**18.900 kr.**

- Tvær fjarstýringar
- Togkraftur 800N
- 1x40w ljós




DEKACRYL 7, 10 lítrar

**3.590 kr.**




SCALA þakmálning, 10 lítrar

**6.795 kr.**






Dicht-Fix þéttiefni. 750ml

**1.495 kr.**



Flísar 20x25 cm, hvítar glans

**1.190 kr. pr. m²**

Besta þekjandi viðarvörn í Skandinavíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.

Sjá www.murbudin.is




ODEN þekjandi viðarvörn. 3 lítrar

**2.995 kr.**




Murexin Flex flísalím, 25kg

**1.990 kr.**




DEKAPRO útimálning, 10 lítrar

**4.450 kr.**



Bílskúrs/útiflísar 33,3x33,3 cm

**1.350 kr. pr. m²**



Gólf/veggflísar. 33,3x33,3 cm

**1.390 kr. pr. m²**




Flísa Rakamembra , 7kg

**3.790 kr.**



Trappa, 4 þrep

**2.995 kr.**

Stigi, 8 þrep

**4.495 kr.**

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

Meiri gæði

Lægra verð

MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Reykjavík, Klettháls 7: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16***
***Suðurnes, Fuglavík 18: Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14***
***Akureyri, Furuvellir 15 : Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-14***

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***



**TENDRUÐ LJÓS Í MYRKRINU** Indverskur sikhi tendrar olíulampa fyrir framan Gullna hofið í Amrítsar í gær. Þá var minnst 404 ára sögu hinnar helgu bókar Guru Granth Sahib, helgirits síkha. Söfnuðurinn varð til í Punjab á 15. öld. NORDICPHOTOS/AFP

Fiskistofa úthlutar kvóta fyrir fiskveiðiárið 2008-2009:

# Tíu með um helming kvótans

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi er stærsti kvótahafinn og er fyrirtækinu úthlutað tæplega 22.700 þorskígildistonnum fyrir nýtt fiskveiðiár sem hófst í gær. Heildaraflaheimildir HB Granda nema um 8,97 prósentum af útgefnum kvóta. Fimm kvótahæstu útgerðirnar fá 31 prósent af útgefnum heimildum og tíu stærstu um helming samtals. Alls hafa tuttugu stærstu útgerðirnar um 66 prósent allra veiðiheimilda og þrjátíu stærstu 75 prósent.

Þær þrjár útgerðir sem fá mestu úthlutað auk HB Granda eru Brim hf. með 6,33 prósent og Samherji með 5,95 prósent. Þorbjörn hf. og Vísir hf. eru í fjórða og fimmta sæti. Reykjavík er heimahöfn fyrirtækja með 12,04 prósent kvótans en Vestmannaeyjar eru í öðru sæti með 11,56 prósent. Grindavík er handhafi 9,91 prósent heimilda og Akureyri 4,73 prósent.

Skipum sem úthlutað er kvóta á þessu fiskveiðiári hefur fækkað um 58. Nú fá 709 skip kvóta en þau voru 767 í fyrra. Skip sem fá úthlutað aflamarki á grunni aflahlutdeilda eru 312 talsins og aflamark þeirra er 222.233 tonn. Það er rúmlega 17 prósenta samdráttur frá fyrra fiskveiðiári. Í krókaaflamarki eru 397 bátar og er þeim úthlutað á grunni krókaaflahlutdeilda 30.400 þorskígildistonnum. Það er rúmlega níu prósenta samdráttur frá fyrra fiskveiðiári. Alls er úthlutað 252.634 þorskígildistonnum sem er sextán prósenta samdráttur á milli ára. - shá



**GRANDASKIP** HB Grandi í Reykjavík er kvótahæsta útgerð landsins eins og undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Börn og unglingar:

# Breyttur útivistartími í gildi

**LÖGREGLUMÁL Útivistartími barna og unglinga hefur tekið breytingum. Nú mega tólf ára börn og yngri vera úti til klukkan átta á kvöldin. Þrettán til sextán ára unglingar mega vera úti til klukkan tíu.**

**Í tilkynningu frá lögreglu segir að bregða megi út af reglunum fyrir síðarnefnda hópinn þegar unglingar eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. Einnig segir að útivistarreglunum sé ætlað að tryggja börnum og unglingum nægan svefn. Ætla megi að börn og unglingar á grunnskólaaldri þurfi tíu tíma svefn á nóttu.** - kg

Æskuár Bítils fest á filmu:

# Ný kvikmynd um Lennon

**MENNING** Vinna er hafin við gerð nýrrar leikinnar kvikmyndar um ævi Bítilsins Johns Lennon. Verður áhersla lögð á æsku- og unglingsár Lennons í fæðingarborg sinni, Liverpool á Englandi.



**JOHN LENNON**

Listakonan Sam Taylor-Wood mun leikstýra kvikmyndinni, sem hefur hlotið nafnið Nowhere Man, eftir Bítlalaginu vinsæla. Matt Greenhalgh mun sjá um handritsgerð. Hann skrifaði einnig handritið að myndinni Control, sem fjallar um ævi Ians Curtis, söngvara hljómsveitarinnar Joy Division. Myndin verður öll tekin upp á æskuslóðum Lennons í Liverpool. - kg

Umferðarstokkar við tónlistar- og ráðstefnuhúsið eru enn á dagskrá meirihlutans í borginni:

# Borgarstjóri og ráðherra funda um stokk

**SKIPULAGSMÁL** „Tillagan gengur út á einn samfelldan stokk en að verkinu verði hugsanlega áfangaskipt,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri um fyrirhugaðan umferðarstokk undir Geirsgötu og Mýrargötu.



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Hanna Birna segir að fyrst verði ráðist í gerð umferðarstokks framan við tónlistar- og ráðstefnuhúsið sem síðar verði lengdur undir Mýrargötu og út í Ánanaust.

„Markmiðið er að stokkurinn verði samfelldur enda er það miklu hagkvæmara á þessu svæði,“ segir Hanna Birna.

Hún segir enga stefnubreytingu í málinu þrátt fyrir meirihlutaskiptin í borginni. Tillagan hafi fengið umfjöllun í skipulagsráði, samgönguráði og hjá Faxaflóahöfnum auk borgarráðs. Fulltrúar allra flokka, utan Vinstri grænna, hafi samþykkt að fara umrædda leið.

Þá var samþykkt í borgarráði fyrir skemmstu að fela borgarstjóra að eiga samtöl við samgönguráðherra um tillöguna og væntanlegan kostnað ríkis og borgar.

Hanna Birna segist fljótlega ætla að óska eftir fundi með ráðherra til að ræða áhuga borgaryfirvalda á að fara þessa leið. - ovd



**TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS** Fyrirhugaðir eru umferðarstokkar við tónlistar- og ráðstefnuhúsið og undir Mýrargötu út að Ánanaustum.





**TRÖLLSKESSA** Verk Svavars Guðnasonar er 160x104 cm. MYND/GALLERÍ BORG

Uppboð á Gallerí Borg:

# Mynd Svavars á 6,6 miljónir

**LIST** Stórt olíumálverk frá 1965 eftir Svavar Guðnason var slegið á 5,5 milljónir króna á uppboði í Gallerí Borg um helgina. Við verðið bætist tuttugu prósenta uppboðsgjald.

Nokkur eftirvænting var fyrir uppboðið sem var fyrsta uppboð haustsins. Pétur Þór Gunnarsson lýsti uppboðinu sem „rólegu“. Ýmis verk seldust undir matsverði: styttur eftir Sigurjón Ólafsson fóru undir matsverði. Fimm verk eftir Kristján Davíðsson voru seld, þau dýrustu á 3,6 og 2 milljónir. Þær upphæðir sem voru boðnar í fjölda verka benda til að lækkun sé að verða á myndlistarmarkaði, verk eftir Kjarval og Ásgrím Jónsson seldust undir mati. Tvær smámyndir Sölva Helgasonar seldust saman á 1.800 þúsund krónur. - pbb

Gríðarleg eyðilegging yfirvofandi:

# Smástirnið Apófis gæti rekist á jörðina

**VÍSINDI** „Ef Apófís myndi lenda á jörðinni myndi orkan sem losnar samsvara þúsund megatonnum af TNT eða um það bil hundrað þúsund sinnum meiri orku en í Hiroshima-kjarnorkusprengjunni,“ segir Þorsteinn Sæmundsson stjörnufræðingur.

„Ef Apófis lenti á þurrlendi myndi ógurlega stórt svæði leggjast í auðn. Menn geta gert sér í hugarlund áhrif þess að slíkt stirni myndi lenda á stórborg. Ef það lenti í hafi myndu öldur án efa valda miklu tjóni. Áhrif á veðurfar gætu líka orðið gríðarleg,“ segir Þorsteinn.

„Sem stendur eru líkurnar á árekstri taldar einn á móti 45 þúsund sem eru auðvitað ekki mjög miklar líkur fyrir hinn venjulega mann. En árekstrar af þessu tagi hafa orðið á forsögulegum tíma og munu eiga sér stað aftur einhvern tímann, það er bara spurning hvenær. Þannig að ef það gerist er ástæða til þess að vera viðbúinn.“

Frægasta dæmið um eyðileggingu af völdum smástirnis er frá því fyrir 65 milljónum ára þegar talið er að stór loftsteinn hafi gjöreytt risaeðlunum og í raun flestum þeim dýrategundum sem þá byggðu jörðina. Sá steinn er reyndar talinn um það bil 25 sinnum stærri en Apófis, sem er líklega milli 300 og 400 m í þvermál.

Ýmsar aðgerðir eru hugsanlegar ef mikil hætta verður talin á árekstri. Þorsteinn segir ekki ráðlegt að sprengja stirnið þar sem erfitt er að spá fyrir um áhrif slíkrar sprengingar. Besta aðferðin er talin vera að beita geimflaug til að færa stirnið af braut sinni.



**SMÁSTIRNI** Smástirni hafa fallið á jörðina og munu gera aftur, hvort sem það verður í nánni eða fjarlægri framtíð. MYND/NASA

Nýjustu mælingar benda til þess að Apófis muni fara framhjá jörðinni árið 2029 en þó aðeins í þrjátíu þúsund kílómetra fjarlægð, sem er til dæmis mun nær jörðinni en brautir fjölda gervihnatta eru. Þyngdarkraftur jarðar myndi þá geta haft áhrif á braut smástirnisins, sem eykur líkur á árekstri næst þegar Apófis er í námunda við jörð árið 2036.

Fimm önnur smástirni sem gætu rekist á jörðina á komandi 120 árum hafa nú verið uppgötvuð. Þau eru þó öll talin hættuminni en Apófis.

Tvívegis á síðustu fimmtán árum hefur uppgötvast eftir á að smástirni hafi smogið framhjá jörðu í rúmlega hundrað þúsund kílómetra fjarlægð. Því er ljóst að ekki er alltaf hægt að spá fyrir um komu stirnanna.

guðmundure@frettabladid.is

**Getum bætt við okkur nokkrum verkefnum í skrautsteypu**



**MYNSTRUN ehf**
Sími: 898 7436 • mynstrun@internet.is

NORRÆNA HÚSIÐ

**Málþing í Norræna húsinu**

**Miðvikudagur 3. september kl 14:00**
Hvernig myndum við umhverfisvæn samfélög?

**Fyrirlesarar verða:**
**Ann Nielsen** frá Dyssekilde í Danmörku
**Högni Hansson** frá Landskrona í Svíþjóð
**Magnús Árni Skúlason** – Er fröken Reykjavík tilbúin á ball?
**Þórunn Sigþórsdóttir** Sjálfbært Snæfellsnes

**Fundarstjóri:**
**Stefán Gíslason** verkefnastjóri Staðardagskrár 21

**Aðgangur er ókeypis og opið öllum**

**Hvernig geta sveitarfélög lagt íbúum sínum lið í þágu umhverfisins.**

**Fyrirlesarar á málstofunni koma víða að og hafa víðtæka þekkingu á umhverfisvernd**

**því gefst hér gott tækifæri til þess heyra þá miðla af sinni þekkingu.**

Norræna húsið | Sturlugötu 5 | 101 Reykjavík | Sími 551 7030 | www.nordice.is




**3-6 GSM símar og heimasími**

Með því að skrá símanúmer heimilisfólksins í **Núllið** þarf fjölskyldan ekki að borga krónu fyrir símtöl sín á milli innanlands. Hægt er að skrá þrjú til sex GSM númer hjá Símanum og eitt heimanúmer. Skilyrði er að viðskiptavinir hafi sama lögheimili og að eitt GSM númer sé skráð í áskrift. Eitt númeranna má vera fyrirtækjanúmer og hringir heimilisfólkið þá í það fyrir 0 kr.

**Kostir Núllsins**

- Enginn aukakostnaður og engar skuldbindingar fylgja því að vera í **Núllinu**.
- Heimilisfólkið skráir sig í áskrift og getur verið með Mitt Frelsi.
- Eitt fyrirtækjanúmer má skrá í **Núllið** og hringir fjölskyldan í það fyrir 0 kr.
- Mitt Frelsisnúmer getur hringt í öll hin númerin þótt inneignin sé búin.
- Með **Núllinu** spara allir á heimilinu.

**Kynntu þér skilmálana og skráðu fjölskylduna í Núllið í dag í síma 800 7000, á siminn.is eða í næstu verslun Símans.**



Mecca Spa
HEILSURÆKT
**er notaleg og persónuleg stöð þar sem boðið er upp á fjölbreytta hóptíma, einkaþjálfun, jóga, vaxtamótun, dans, teygjutíma, gönguferðir og margt fleira.**

Leiðbeinendur: Lovísa Árnadóttir, Margrét Skúladóttir, Sóley Jóhannsdóttir & Fjóla Þorsteinsdóttir

Lífsstíll
NÍUTÍU KÍLÓ PLÚS



Lífsstíll níutíu kíló plús er opið námskeið sem er sérstaklega ætlað konum sem vilja ná niður líkamsþyngd, létta sál og fá ötulan stuðning, aðhald og ráðgjöf í þyngdarstjórnun.

12 mánuðir

Er ekki orðið nokkuð ljóst að ef ná skal varanlegum árangri duga vart 6 - 8 vikna kraftaverkanámskeiðin engan veginn.

NÁMSKEIÐIÐ HEFST 8. SEPTEMBER
Leiðbeinandi: Fjóla Þorsteinsdóttir

Meðgöngujóga
Meðgöngujógakennari: Maggý



- Jóga fyrir verðandi mæður
- Jóga fyrir móðir og barn saman
- Jóga og átak fyrir mæður eftir fæðingu
- Meðgöngujóga í vatni

MECCA SPA
HEILSURÆKT
LEIKFIMISALIR ▪ TÆKJASALUR ▪ SUNDLAUG
SPA MEÐFERÐIR ▪ NUDD ▪ SNYRTISTOFA

Nýbýlavegi 24, Kópavogi | 511 2111 | www.meccaspa.is


Neytendasamtökin spöruðu háar fjárhæðir með færri bréfsendingum:

# Tuttugasti hver fékk sent bréf

**NEYTENDUR** Aðeins um sjö hundruð af um þrettán þúsund félagsmönnum Neytendasamtakanna (NS) fengu sent boð á þing NS sem haldið verður í september bréfleiðis.

„Við hefðum gjarnan viljað senda á alla félagsmenn, en þar verðum við að horfa á hvað hlutirnir kosta, því miður,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður NS. Jóhannes segir að aðeins burðargjaldið hefði verið 910 þúsund krónur hefði bréf verið sent á alla félagmenn, utan kostnaðar af umslögum og vinnu við að setja saman bréfin.

Þingið er æðsta valdið í málefnum NS og eiga allir skuldlausir félagsmenn samtakanna rétt á setu.

Jóhannes segir þá sem fengu sent bréf að hluta til hafa verið valda af handahófi en að hluta til hafi verið um þá að ræða sem setið hafa þing áður eða komið á framfæri áhuga á að sitja þingið. „Það er ekkert verið að reyna að smala inn í neitt, enda veit ég mest lítið sjálfur um þetta fólk sem fær þetta bréf. Við erum einfaldlega að reyna að vekja áhuga þess á þinginu,“ segir Jóhannes.

Jóhannes segir að auk bréfanna hafi þingið verið auglýst í tveimur tölublöðum Neytendablaðsins, sem allir félagsmenn NS fá sent, og á heimasíðu NS. - gh



**JÓHANNES GUNNARSSON** Formaður Neytendasamtakanna segir að þau verði að halda vel utan um budduna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rannsóknir skaðast og eftirlitið lítið

**Lítið rauneftirlit er með útlendingum á höfuðborgarsvæðinu og hætt við að rannsóknir á brotum útlendinga skaðist þar sem lögreglan hefur hvorki tíma né tök á að sinna þeim. Ekki minna en áður segir yfirlögregluþjónn.**

**LÖGREGLUMÁL** Óánægja er meðal lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu með skipulagsbreytingar sem gerðar voru í vor. Lögreglumenn telja að ekkert rauneftirlit sé lengur með útlendingum og hætta sé á því að rannsóknir á brotum þeirra geti skaðast þar sem ekki sé hægt að sinna þeim sem skyldi. Starfsemin þykir ekki nógu markviss lengur.

Skipulagsbreytingar áttu sér stað 1. apríl þegar útlendingaeftirlitsdeild var lögð niður og þeir lögreglumenn sem þar störfuðu voru færðir til, ýmist í rannsóknadeild eða á almennar vaktir. Lögreglumenn, sem ganga almennar vaktir, sinna öllum þeim erindum sem þangað berast sjö daga vikunnar, ekki bara málefnum útlendinga og eftirliti með þeim. Rannsóknadeild sinnir alls kyns rannsóknum.



**SNORRI MAGNÚSSON**



**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON**

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, kannast við að almennrar óánægju gæti innan lögreglunnar með þróunina í málefnum útlendinga.



**LÍTILL TÍMI TIL RANNSÓKNA** Almenn óánægja er meðal lögreglumanna með skipulagsbreytingar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í vor þegar sérstök eftirlitsdeild með útlendingum var lögð niður.

„Menn hafa bent á að frumkvæðisvinna lögreglu verði lakari og þá er ég að tala um eftirlit til dæmis þar sem farið er á staði þar sem útlendingar eru við störf til að kanna hverjir eru án atvinnu- og dvalarleyfa í landinu,“ segir hann.

Snorri bendir á að „sérstök deild með nokkrum lögreglumönnum“ hafi haft „eingöngu það verkefni að sinna eftirliti með útlendingum og atvinnu- og dvalarleyfum. Nú hefur þessum verkefnum verið bætt á almennu deild lögreglunnar og einhverjir starfsmenn færðir yfir en ekki allir þó. Þetta er komið á störfum hlaðna og undirmannaða deild,“ segir hann.

Snorri bendir á að lögreglan í nágrannalöndunum hafi misst yfirsýn yfir þennan málaflokk því ekki hafi verið haldið nógu vel á spöðunum frá upphafi. Í nýútkominni greiningarskýrslu ríkislögreglustjóra sé talað um hættuna á því að erlendar glæpaklíkur geti skotið rótum hér. Í ljósi þess telur hann þróunina vera áhyggjuefni. „Þegar svona skýrslur liggja fyrir hefði maður haldið að það ætti að efla svona starfsemi,“ segir hann.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, segir að skipulagsbreytingarnar hafi orðið til góðs. Nú sinni lögreglan útlendingamálum sjö daga vikunnar, ekki fimm eins og áður. Hann telur lögregluna sinna eftirlitinu „ekki minna en áður“. Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn telur rannsóknir í betri farvegi en áður og segir að þeim sé jafnvel betur sinnt en áður. **ghs@frettabladid.is**

Núll-tilboð Símans er háð skilmálum:

# Núllið hentar bara sumum fjölskyldum



Fjóla Borg er óánægð með „Núllið“, nýtt tilboð Símans. Hún skrifar: *„Ég held ég sé að verða búin að fá mig fullsadda af Símanum. Loksins kemur þetta fína tilboð um að skrá fjölskylduna í „Núllið“. Þá geti fjölskyldan hringt frítt sín á milli, bæði með gsm í gsm og heimasíma! Jæja, af stað er farið og ég skrái mig í einhvern fínan þjónustuvef til að geta haldið áfram og skráð okkur fjölskylduna í „Núllið“. Þegar það ferli allt er að verða búið kemur að því að samþykkja skilmála og skrá sig... Já takk, í skilmálunum stendur að lágmark þrjú gsm númer þurfi til að „Núllið“ virki!*

*Við hjónin erum með sitthvorn gsm símann og einn heimasíma. En til að ég geti fengið „Núllið“ til að virka þyrfti ég að fara og kaupa eitt gsm númer til viðbótar. Ég ætti kannski að splæsa í síma fyrir bráðum 4 ára son minn eða 5 mánaða dóttur!? Svona til að geta nýtt mér „Núllið“? Fyrir mér er þetta frekar falskt tilboð! Þar fyrir utan ef gsm númer er frelsisnúmer verður maður að kaupa sér inneign fyrir 1000 kr á mánuði til að „Núllið“ virki.“*

Linda Waage, upplýsingafulltrúi Símans, svarar: „Áskriftarleiðin Núllið er þjónusta sem hentar vel stærri fjölskyldum sem hafa að lágmarki þrjú en mest sex gsm-númer innan sömu fjölskyldunnar. Auk gsm-númeranna er einnig hægt að skrá einn heimasíma sem fjölskyldan hringir í á núll kr. Við erum einnig með aðrar leiðir í boði fyrir fjölskyldur sem eru með færri en þrjú gsm-númer innan fjölskyldunnar. Í grunnáskrift geta viðskiptavinir okkar valið sér tvo gsm-vini sem hægt er í að hringja í á núll kr. Fyrir þá sem kjósa að nýta sér Frelsisáskrift Símans geta þeir sem skrá sig í „Mitt frelsi“ skráð þrjú vinanúmer sem hringt er í á núll krónur.

Það er markmið Símans að koma til móts við alla viðskiptavini sína með því að bjóða mismunandi fjölskyldustærðum áskriftarleið sem þeim hentar. Núllið er frábær leið fyrir sumar fjölskyldur en við bendum fólki á að kynna sér vel þær leiðir sem í boði eru, því ekki hentar sama leiðin fyrir allar fjölskyldur.“



**DR. GUNNI** neytendur@frettabladid.is

**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

# Tölvunám haustið 2008
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 79.900.

**Veldu kvöld- eða morgunnám!**

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

*Gerðu sumarleyfismyndirnar ennþá betri!*

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Kvöldnám hefst 9. september (19:00-22:00)*

### Vefhönnun og myndvinnsla



Einstakt nám fyrir þá sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

**Helstu kennslugreinar**

- HTML forritun ásamt meginatriðum góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu fyrir vefi með forritunum DreamWeaver, Flash og Photoshop

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Nám hefst 18. september.

### MCSA og MCP nám



Við bjóðum fjölbreytt MCP og MCSA nám fyrir þá sem vilja taka að sér umsjón tölva og neta með því að ljúka námi hjá okkur með alþjóðlegum gráðum frá Microsoft.

**Nánar á www.tv.is.**

Microsoft CERTIFIED Partner

### Flash margmiðlun

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með forritinu sem er staðallinn hjá fagfólkinu.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 27.900

*Nám í boði á ýmsum tímum!*

### Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stígðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 54.900

### Hagnýt verkefnastjórnun

Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við öll verkefni. Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun MS Project við gerð verkáætlana og stjórnun.

**Lengd**: 54 st./36 klst. **Verð**: 99.900

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

*Kennslugreinar:*

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 64.900

**Vertu með tvisvar í viku kl. 16:15-19:15!**

### Photoshop

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndun og prentun.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Nám í boði á ýmsum tímum!*

### DreamWeaver

Búðu til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við á einfaldan hátt.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Nám í boði á ýmsum tímum!*

### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

**Lengd**: 94 stundir/63 klst. **Verð**: 159.900

*Nám hefst 29. september (19:30-22:30)*

## Bókhald, tölvur og skrifstofa

**Hagnýtt bókhaldsnám**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

**Skrifstofu- og bókhaldsnám**

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: ~~249.900~~ 229.900

**Skrifstofu- og tölvunám**

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: ~~169.900~~ 159.900

**Tölvu- og bókhaldsnám**

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

**Helstu kennslugreinar**

- Upplýsingatækni, Excel, Access, Outlook, PowerPoint og Word
- Verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

**Lengd**: 225 stnd./150 klst. **Verð**: ~~199.900~~ 179.900

**Bókaðu þig strax í kvöld- eða morgunnám**

* Tilboð gildir í takmarkaðan tíma

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

### Stutt námskeið

*Skoðaðu vefsíðuna okkar þar er að finna mikið úrval stuttra Office, Internet og annarra námskeiða sem henta öllum, byrjendum sem lengra komnum!*

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

nýtt mazda2 djásn

**Glænýr Mazda2 Advance**

1,3i 86 hö 122 Nm 5 gíra 5 dyra
**Nýtt djásn kostar 2.190.000 kr.***
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
4 bílar á þessu tilboði.



# Breyttu druslunni í nýtt







nýtt fiesta djásn

**Glænýr Ford Fiesta Trend**

1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
**Nýtt djásn kostar 2.130.000 kr.***
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
3 bílar á þessu tilboði.

nýtt fusion djásn

**Glænýr Ford Fusion Trend**

1,6i 100 hö 146 Nm sjálfskiptur 5 dyra
**Nýtt djásn kostar 2.390.000 kr.***
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
3 bílar á þessu tilboði.

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Á sumum myndum í þessari auglýsingu er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Brimborg kaupir hvaða druslu sem er uppí glænýjan bíl
Núa áttu 200.000 kr. útborgun í glænýjan bíl hjá Brimborg

# Druslan öðlast nýtt líf í dag

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú glænýjan í Brimborg. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.
Komdu bara í Brimborg í dag.

## nýtt c3 djásn

**Glænýr Citroën C3 SX**
1,4i 75 hö 118 Nm 5 gíra 5 dyra
**Nýtt djásn kostar 2.090.000 kr.***
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
2 bílar á þessu tilboði.




# djásn í dag

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í nýjan bíl.
Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann á 200.000 kr.
Komdu bara með bíldrusluna og settu tvöhundruðþúsundkallinn upp í glænýjan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern bíl.
100% fjármögnun.

**Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.**

## nýtt ka djásn

**Glænýr Ford Ka**
1,3i 70 hö 106 Nm 5 gíra 3 dyra
**Nýtt djásn kostar 1.490.000 kr.***
... og drusluna uppí, á kr. 200.000
2 bílar á þessu tilboði.




## 100% fjármögnun

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skýrsla forsætisráðherra um efnahagsmál:

## Beðið eftir Godot

JÓN KALDAL SKRIFAR

Alþingi í dag mun Geir Haarde forsætisráðherra flytja skýrslu um stöðu efnahagsmála. Það eru örugglega engar ýkjur að segja að fárra framsagna Geirs hafi verið beðið með jafn mikilli eftirvæntingu.

Biðin eftir viðbrögðum ríkisstjórnarinnar við þeim efnahagsþrengingum sem fylgja gengisfalli krónunnar, hratt hækkandi verðlagi og tilheyrandi verðbólgu er farin að minna um margt á Beðið eftir Godot, frægasta leikrit írska Nóbelsskáldsins Samuels Beckett. Eins og allir leikhúsunnendur þekkja vísar titill verksins í bið sem aldrei tekur enda.

Og það bíða vissulega margir eftir leiðsögn stjórnmálalífsins þessa dagana.

Það fallega hugtak þjóðarsátt hefur sérstaklega verið mörgum tamt á tungu undanfarna mánuði. Í síðustu viku ítrekuðu forystumenn ASÍ ósk um breitt samráð ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda og kvörtuðu um leið yfir drætti um undirtektum þeirrar fyrstnefndu.

Í viðtali við Markaðinn fyrir fjórum vikum ræddu fyrrum jaxlar úr fremstu víglínu atvinnulífsins og verkalýðsbaráttunnar, þeir Þórarinn V. Þórarinsson og Ari Skúlason, um nauðsyn styrkrar forystu stjórnmálamannanna um þessar mundir. Þeir fullyrtu reyndar að við núverandi aðstæður yrði stjórnmálalífið að taka af skarið og veita þá forystu sem með þyrfti. Þeir félagar bentu réttilega á að samfélagið væri gjörbreytt frá dögum þjóðarsáttarinnar þegar vinnumarkaðurinn var lokaður og samtök atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar sterkari.

*Það er þó óneitanlega kaldhæðnislegt að frumkvæði VSÍ og ASÍ á sínum tíma var einmitt vegna ráðleysis og skort á frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem sat þá við völd.*

Það er þó óneitanlega kaldhæðnislegt að frumkvæði VSÍ og ASÍ á sínum tíma var einmitt vegna ráðleysis og skort á frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem sat þá við völd.

Það er hálf hrollvekjandi tilhugsun, en orð Þórarins og Ara um mikilvægi stjórnmálalífsins er tæpast hægt að skilja á annan veg en að þjóðin sé í stórvandræðum ef núverandi ríkisstjórn guggnar frammi fyrir efnahagsvandanum.

Það er engin ástæða til að draga úr umfangi þeirra þrenginga sem eru fram undan, og beinlínis ósanngjarnt að ætlast til að stjórnmálamennirnir hafi lausnir við þeim á reiðum höndum.

Krafa um styrka forystu og skýr skilaboð frá ríkisstjórninni er hins vegar eðlileg og réttmæt.

Hingað til má segja að forsætisráðherra hafi verið eins og í hlutverki Estragons, úr fyrrnefndu verki Becketts, sem situr mestallan fyrsta þátt þess og bisar við að ná af sér öðru stígvélinu, þar til hann gefst upp og segir. „Ekkert við því að gera.“

Í dag hefur Geir tækifæri til að sýna úr hverju hann er gerður. Áhorfendurnir í salnum eru orðnir óþolinmóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?




Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.




Allt sem þú þarft... ...alla daga

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ruddaleg framkoma

Ólafur F. Magnússon, áheyrnarfulltrúi í borgarráði, lét bóka í síðustu viku að óviðunandi væri hvernig fundir borgarráðs hefðu farið fram það sem af er ári. Flestir fulltrúar væru nettengdir meðan á fundi stæði, gættu ekki trúnaðar og lækju ýmsum málum jafnharðan í fjölmiðla. Þá hefði ruddaleg framkoma og ljótt orðbragð einkennt fundina og þar hefði enginn gengið lengra en Óskar Bergsson, nýr formaður borgarráðs. Þá taldi Ólafur borgarbúa mundu líða fyrir það að nýr meirihluti í borgarstjórn sæti í umboði minnihluta Reykvíkinga.



### Þegar borgarráð setti niður

Það er auðvitað rétt hjá Ólafi að betur færi á að fulltrúar í borgarráði gengju fram með stillingu og kurteisi. Og ljótt er að heyra að sumir þeirra fari frjálslega með trúnaðarmál og leki í fjölmiðla eftir hentisemi. Ólafur minnist hins vegar ekki á eigin þátttöku í orðaskakinu á borgarráðsfundum, til dæmis að fyrir ekki svo löngu sá hann ástæðu til að draga til baka ummæli í þá veru að borgarstjórn setti niður við nærveru Óskars Bergssonar.



### Trúnaður og umboð

Af bókuninni að dæma hlýtur Ólafur líka að sjá eftir því að hafa efnt til blaðamannafundar daginn eftir síðustu meirihlutaslit, þar sem hann ljóstraði upp um minnisblað um fyrirhugaðan niðurskurð hjá borginni. Það hlýtur að hafa lotið sama trúnaði og mál sem er fjallað um á borgarráðsfundum. Og hvað umboð meirihlutans snertir – eru borgarfulltrúar Framsóknarflokksins ekki jafn margir og F-lista?

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Njótið þess að vera til



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Andlegir leiðtogar

Sigurhátíðin í miðborg Reykjavíkur 27. ágúst verður lengi í minnum höfð.

Gleðin og stoltið yfir afreki íslenska handboltaliðsins í Kína kveikti í hverju hjarta og eldurinn læstist um sál og sinni. Þegar fyrirliðinn stóð í sviðsljósinu notaði hann það til að koma á framfæri skilaboðum sem nýtast ekki aðeins þeim sem vilja stunda handknattleik hér á landi og íþróttir yfirleitt, heldur öllum sem á hlýddu. Frá leikskólabörnum til ellilífeyrisþega: „Vera glaðir og sáttir. Elska sjálfan sig. Finna fyllinguna, ekki vöntunina. Finna hver maður er. Þegar maður er sáttur við sjálfan sig getur maður byrjað að gefa orku.“ Og á Arnarhóli sagði hann meðal annars: „Njótið þess bara að vera til! Ég lærði það í þessu móti að það er ótrúleg gjöf að vera Íslendingur. Við eigum að keppa við sjálf okkur endalaust, ekki hvert annað.“

Maður sem talar svona er bæði sigurvegari á vellinum og í eigin lífi og hann er að miðla eigin reynslu og félaga sinna til þeirra sem á augnabliki sigursins drekka í sig hvert orð sem hann segir. Hann er að tala um að vera manneskja. Að við ráðum sjálf hverju við beinum athyglinni að og getum stýrt daglegu lífi okkar í þann farveg sem viljinn stendur til.

Okkur getur þótt þessi ábending góð gjöf og fyrirliðinn snjall, en svo koma nýir atburðir, víman rennur af fólki og hugurinn reikar annað. Ég held nú samt að við ættum að taka okkur vænan afleggjara af þessari jurt, leyfa henni að vaxa og dafna og muna að vökva hana reglulega. Á heimavelli geta allir orðið sigurvegarar – ef þeir vilja það nógu mikið.

**Einstakur maður**

Andlegur leiðtogi þjóðarinnar í áratugi kvaddi lífið árla dags 28. ágúst. Sigurbjörn Einarsson biskup gerði þjóð sína stærri með mennsku sinni, yfirsýn og visku. Við glöddumst yfir því að eiga hann og finnst við auðugri en margar stórþjóðir vegna hans. Hann hreykti sér aldrei en setti ekki ljós sitt undir mæliker. Talaði til hvers manns eins og jafningja, bæði í fjölmiðlum og einkasamtölum. Hann náði háum aldri en var til hinstu stundar nútímamaður. Með skarpa sýn og skapandi hugsun. Hann átti brýnt erindi við samtíð sína hvern einasta dag, var djúpvitur og talaði enga tæpitungu.

*„Njótið þess bara að vera til! Ég lærði það í þessu móti að það er ótrúleg gjöf að vera Íslendingur.“*

Í einum af pistlum hans sem birtust í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni „Hvað viltu veröld“, skrifar hann:

„Á hverri tíð er mikið í húfi um það, að til sé fólk, sem hefur heill og manndóm til þess að sjá í gegnum mistur og moldviðri samtíma síns, láta ekki blekkjast af glossagangi ofláta og dægurgosa né neinn sírenusöng seiða sig í andlegt dauðadá.

...Það er leyndarmál þeirra manna, sem heimurinn á mest að þakka, að þeim þótti vænt um mennina.“

Sigurbjörn Einarsson var sjálfur einn þeirra manna sem hann vísar þarna til. Sá kimi heimsins sem heitir Ísland á honum mikið að þakka. Honum þótti í raun og sannleika vænt um mennina, og hafði bæði heill og manndóm til að sjá í gegnum mistur og moldviðri samtímans.

**Höfðingi og alþýðumaður**

Sigurbjörn biskup var vitur og vel menntaður kennimaður, biskup Íslands í rúma tvo áratugi, mikilvirkt sálmaskáld, þýðandi og rithöfundur. Hann var bæði höfðingi og alþýðumaður. Sjálfri er mér minnisstæðast hvernig manneskja hann var. Hvað hann hafði hlýja og sterka nærveru, sem maður naut best í tveggja manna tali. Samt var auðvelt að finna þennan galdur þegar Sigurbjörn birtist á skjánum.

Maður eins og Sigurbjörn Einarsson, biskup, alþýðumaður sem verður æðsti maður kirkjunnar hér á landi, nýtur virðingar heima og erlendis hjá þeim sem kynnast honum og verkum hans, maður sem á brýnt erindi við samtímann, talar inn í hjörtu fólks, og nærir heilbrigða hugsun, slíkur maður gæti auðveldlega komist í dýrlingatölu. Verið settur á stall.

En það var mennskan sem gerði hann einstakan. Hann var kærleiksríkur maður og góður en líka mannþekkjari. Skildi mannlegan breyskleika en dæmdi ekki. Beygði aldrei hegðun sína undir almenningsálit. Var ævinlega hann sjálfur. Hann gerði mann glaðan.

Við erum mun ríkari en ella af því að hann var til, og var Íslendingur.

# Atvinnumál í öndvegi

**UMRÆÐAN**

Höskuldur Þórhallsson skrifar um atvinnuuppbygginguna



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Í lok síðasta mánaðar óskaði ég eftir því að viðskiptanefnd kæmi saman til að ræða og fá upplýsingar um yfirvofandi vanskil og gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja. Því miður gáfu þær upplýsingar sem nefndin fékk ekki væntingar til bjartsýni. Ef ekki verður spyrnt við fótunum getur fjöldi fólks lent í miklum og alvarlegum greiðsluerfiðleikum og með auknu atvinnuleysi verður vandinn enn meiri.

Í vetur verða atvinnumálin í fyrirrúmi á Alþingi og umræðan mun fyrst og fremst snúast um hvernig þjóðin getur komist úr þeim vanda sem nú blasir við. Sérstaklega verður að huga að aðgerðum til að koma í veg fyrir gjaldþrot ungs fólks sem er að stofna fjölskyldur og koma sér upp þaki yfir höfuðið. Upplýsingar frá Ráðgjafastofu heimilanna gefa til kynna að sífellt hærra hlutfall þeirra sem leita sér aðstoðar hjá Ráðgjafastofunni sé á bilinu 20-40 ára sem er mikið áhyggjuefni.

Í raun er ótrúlegt til þess að hugsa að í kjölfar ofangreindra frétta skuli núverandi stjórnvöld setja fótinn fyrir og tefja atvinnuuppbyggingu á Norðausturlandi. Að tefja framkvæmdir og brjóta niður viðleitni heimamanna til að byggja upp atvinnu fyrir samfélagið sitt er með öllu óskiljanlegt. Í raun er það ófyrirgefanlegt með öllu þegar litið er til þess að „ímyndarveiki“ umhverfisráðherra ráði ein og sér hvernig fór.

Einnig er óskiljanlegt hvernig Vinstrihreyfingin – grænt framboð brást við. Vinstri grænir gáfu sig einu sinni út fyrir að vera flokkur fólksins. Flokkur sem vildi atvinnu fyrir alla. Nú hefur hin gegndarlausa umhverfisöfgahyggja náð þar völdum. Það að fagna því að atvinnuuppbygging sé tafin og jafnvel stöðvuð er því miður aðeins dæmi um að flokkurinn hefur yfirgefið rauða litinn sem eitt sinn var tákn samstöðu og atvinnu fyrir alla.

Framsóknarflokkurinn hefur ávallt sett atvinnumálin í öndvegi. Flokkurinn gaf stór loforð árið 1995 um að snúið yrði frá atvinnuleysisstefnu Sjálfsstæðisflokks og Alþýðuflokks og 12.000 nýjum störfum komið á fót. Við þetta loforð var staðið og rúmlega það. Við framsóknarmenn munum einnig berjast fyrir því að atvinnuuppbyggingu um allt land verði framhaldið. Sérstaklega er mikilvægt að framkvæmdir við orkuöflun á Norðausturlandi verði ekki stöðvaðar.

*Höfundur er alþingismaður.*

**HLÁTURJÓGA** hefur notið nokkurra vinsælda hérlendis, enda þykir það ágæt leið til að efla gleði og styrkja jákvæða lífssýn. Púlsinn heldur utan um slík námskeið en allar nánari upplýsingar um þau er hægt að fá á heimasíðunni www.pulsinn.is eða með því að hafa samband í síma 848 5366.





Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

ÞJÓÐDANSAFÉLAG REYKJAVÍKUR STOFNAÐ 17 JÚNÍ 1951

Gömludansarnir

Opið hús

miðvikudaginn 3. september kl. 20.30

Upplýsingar í síma 587 1616

Þjóðdansafélag Reykjavíkur Álfabakka 14a

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts auglýsir innritunardaga

Innritun í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts verður í Breiðholtsskóla miðvikudag 3. og fimmtudag 4. september, kl.17 – 19 báða dagana. ATH! Notið ekki aðalinngang heldur inngang að íþróttahúsi skólans.

Ágúst 2008 Skólastjóri

Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?

Námskeið með Ebbu Guðnýju í hvernig útbúa á einfaldan og næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Hvaða fæðutegundum er gott að byrja og hvenær? Námskeiðið nýtist einnig þeim sem eru með eldri börn. Nýjar uppskriftir fylgja og verða nokkrir réttir útbúnir á staðnum.

Námskeið miðvikudaginn 24. september eða 1. október kl: 20-22 í Heilsuhúsinu, Lágmúla

Að auki verður bókin **Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?** seld með 10% afslætti á námskeiðinu. Námskeiðið kostar aðeins 3500 kr. Upplýsingar og skráning fer fram í síma 694 6386 og á netfanginu ebbagudny@mac.com




náttúrulega heilsuhúsið

Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Selfossi & Akureyri



Erlingur Örn verkfræðinemi sveiflar Önnu Kristínu í Boogie Woogie. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sveiflast um á tá og hæl

**Önnum kafnir háskólanemar þurfa að hugsa um heilsuna. Erlingur Örn Hafsteinsson lætur sig ekki muna um að mæta í ræktina fimm sinnum í viku og hringsnúast í dansi í lok dags.**

Erlingur Örn Hafsteinsson stundar verkfræðinám í Háskólanum í Reykjavík. Meðfram náminu hugsar hann um heilsuna og lyftir og spilar skvass á morgnana, fimm sinnum í viku. Á kvöldin dansar hann svo á tá og hæl með Háskóladansinum.

„Háskóladansinn auglýsti fyrir ári námskeið í gömlum sveifludönsum og ég skellti mér á það,“ segir Erlingur. „Uppáhaldsdansinn minn er Boogie Woogie, það er svona gamaldags sveifludans, þar sem daman er dregin gegnum klofið og hent yfir bakið og lyft. Mig hefur alltaf langað að læra það og finnst þetta frábært.“

Erlingur segir strákana yfirleitt færri en stelpurnar á svona námskeiðum og þeir detti frekar út þegar líður á. „Þeir eru bara svo óþolinmóðir. En það má ekki gleyma því að það er ekkert karlmannlegra en að geta stýrt dömu á dansgólfinu. Það er svo gaman að geta farið á ball og gripið næstu dömu og dansað við hana.“

Erlingur segist nota dansfærnina hvenær sem tækifæri gefst en þau séu ekki á hverju strái. Fáir skemmtistaðir spili annað en raftónlist og Elvis og Bítlarnir heyrist sjaldan. „Inni á þessum klúbbum eru allir bara hoppandi með hendur upp í loft. Háskóladansinn hefur staðið fyrir danskvöldum í Iðnó og á efri hæðinni á Sólon, þá eru spiluð gömul lög. Það er mjög skemmtilegt og ég reyni að stunda þau grimmt.“

Erlingur segir dansinn og skvassið í rauninni vera jafn erfitt því dansinn reyni mikið á þolið. Eins þurfi mikla útsjónarsemi í dansinum.

„Dansinn er svo mikil alhliða hreyfing. Strákarnir þurfa að stýra dansinum og hugsa, hvað á ég að gera næst og það tekur á að hugsa upp grunnspor á fullu og sjá til þess að daman sé að dilla sér. Þetta heldur mér í dúndurformi. Ég hafði eitthvað prófað breikdans og hipphopp í gamla daga og dottið inn á kátnrínámskeið með mömmu einu sinni,“ segir hann hlæjandi þegar hann er inntur eftir fyrri dansreynslu.

En ætlar hann að halda áfram í sveiflunni? „Já, ég held ótrauður áfram, einhver verður að stýra dömunum á dansgólfinu.“

*heida@frettabladid.is*

SEPTEMBER

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

SUBWAY

6 tommu bátur

329 kr.

Gildir í september 2008

Gildir ekki með öðrum tilboðum

Gildir ekki í Stjörnumáli

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

7 kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna

HjartaHeill



# HEILSA

**NIÐURSTÖÐUR** úr rannsókn sem gerð var við Háskólann í Edinborg sýna að notkun barnshafandi kvenna á ilmvötnum eða snyrtivörum, sem kunna að innihalda ilmefni, geti aukið hættu á ófrjósemi ófæddra barna þeirra. Frá þessu er greint á www.bbc.co.uk.




Eirberg



Betra loft
betri líðan

Airfree lofthreinsitækið

Byggir á nýrri tækni sem eyðir
- Svifryki, myglusveppi og ólykt
- Gæludýraflösu og bakteríum
- Vírusum og öðrum örverum
- Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt
- Tilvalið á heimilið og skrifstofuna

Hæð aðeins 27 cm

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



SPORT KLÚBBURINN

Kaupauki að verðmæti 59.000.-
fyrir aðeins 4.990.- á mánuði!

- frítt í allar ÍTR sundlaugarnar
- frír mánuður fyrir vin
- tækjakennsla
- bolur
- brúsi
- 5 tímar í skvass
- 5 tímar í Golf
- máltíð á BK Kjúkling
- 5 tímar í ljós

EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?

SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla

www.sporthusid.is | Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is




Sólveig Anna Bóasdóttir og Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur standa að undirbúningi náms í kynfræði á háskólastigi hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þekkingin bætir kynlífið

**Samtök norrænna kynfræðifélaga heldur ráðstefnu á Grand Hótel 4. september. Þetta er í annað sinn sem ráðstefnan er haldin hérlendis. Að sögn Jónu Ingibjargar Jónsdóttur kynfræðings er mikil þörf á faglegri þekkingu á þessu málefni hérlendis.**

Kynfræðiráðstefna á vegum Samtaka norrænna kynfræðifélaga verður haldin á Grand Hótel í Reykjavík fimmtudaginn 4. september og stendur til 7. september. Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur og Sólveig Anna Bóasdóttir, guðfræðingur og siðfræðingur, sitja í undirbúningsnefnd að henni.

„Ráðstefnan er árleg og er þetta í annað sinn sem hún er haldin hér á landi en Norðurlöndin skiptast á að halda hana,“ segir Jóna og bætir við að kynfræði sé vaxandi fræðigrein sem snúist um kynverund mannsins, en hugtakið nær yfir kynlífsathafnir okkar, hugsanir, tilfinningar og alla þá reynslu sem felst í því að vera kynvera. Að hennar sögn hefur fræðigreinin þróast með ólíkum hætti eftir löndum.

Þemað í ár er rannsóknir og nám í kynfræði. „Dagskráin skiptist í þrennt,“ segir Jóna. „Við byrjum á glæsilegri vinnusmiðju sem dr. Sólveig Anna Bóasdóttir stýrir um kynfræði og siðfræði. Annar hlutinn snýst um rannsóknir og rannsóknarniðurstöður verða kynntar. Þar kemur margt spennandi fram, eins og árangur af kynlífsmeðferð, kynhegðun unglinga og þróun kynlífsrannsókna. Í þriðja hlutanum verður farið í þróun náms í faginu og hvernig það hefur skilað sér, til dæmis til heilbrigðisstétta. Nám í kynfræðum verður einnig kynnt, bæði hér heima og á Norðurlöndunum.“

Um þrjátíu erindi verða flutt á ráðstefnunni en fyrirlesararnir koma fyrst og fremst frá Norðurlöndunum. Sólveig Anna bendir á að þó nokkur íslensk erindi verði flutt á ráðstefnunni, sem hún segir vera nýbreytni því Íslendingar hafi ekki mikið látið að sér kveða á þessum ráðstefnum.

Jóna og Sólveig eru sammála um að ekki veiti af aukinni faglegri umræðu hérlendis um þetta málefni. „Það er svo mikið ósamræmi milli þeirrar miklu kynlífsvæðingar sem er í gangi og faglegrar þekkingar,“ segir Sólveig. „Mín nálgun er önnur en hjá hinum klínísku kynfræðingum. Ég tek kynfræðina út frá heimspekilegri og siðferðislegri nálgun. Mikilvægt er að koma inn með sýnina á manneskjuna sjálfa, hvað henni er eðlilegt og hverjar þarfir hennar eru. Neikvæð sýn á manneskjuna sem kynveru hefur til dæmis verið hluti af guðfræðilegri kristinni hefð og hefur haft mjög slæmar afleiðingar í för með sér.“

Þess má geta að undirbúningur stendur nú yfir að háskólanámi í kynfræðum hérlendis og að sögn Jónu er vonast til að það fari af stað strax næsta haust. Jóna, Sólveig, Áslaug Kristjánsdóttur kynfræðingur og Sóley Bender, dósent í hjúkrunarfræði, standa að undirbúningi þess.

Ráðstefnan er opin bæði fagfólki og almenningi og hægt er að kaupa sig inn á alla ráðstefnuna, sem og dagpassa á einstaka viðburði. Þeim sem vilja kynna sér dagskrána er bent á heimasíðuna www.kynstur.is. Einnig er hægt að hafa samband á netfangið nacs2008@iii.is.

*klara@frettabladid.is*


## Kynningarnámskeið um grundvallaratriði lífsins

Kynnt verður aðferð sem gerir kleift að liaóttalaus með öllu, hafa sterkan tilgang í tilverunni, fullur trausts a sjálfum sér og öðrum. Þetta er fyrsta skrefið í þjálfunarferli sem fjölmargir nota viða um heim. Fyrsta helgarnámskeiðið verður svo 20.og 21 sept n.k. Ferlið er fyrir þá sem vilja fá meira útúr lífinu og láta gott af sér leiða. Leiðbeinandi er Pétur Guðjónsson, höfundur marga bóka, m.a. "Bókin um hamingjuna", "Að lifa er list", "Leitað að Guði".....

**Staður.... Grand Hotel**
**Stund .... Fimmtudagur 11sept, kl 20-23.**
**Verð... 2500 kr, innifalið kaffi og meðlæti**
**Áhugasamir bóki þátttöku á petur@islandia.is**





„Aldrei verið hressari!“




Heilsuvara ársins í Svíþjóð 2003, 2004 og 2005

Fæst í apótekum og heilsubúðum.

Original Arctic Root

Ein vinsælasta lækningajurt heims

Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.

Vinnur gegn streitu og álagi

Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi og nýtur nú mikilla vinsælda.

Original Arctic Extract

heilsa –hafðu það gott

**ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ** fyrir útlendinga hefjast 15. og 16. september hjá Mími símenntun. Námskeiðin eru á fimm stigum auk sérstakra tal- og ritunarnámskeiða. Hægt er velja um morgun- og kvöldtíma. Upplýsingar og skráning í síma 580 1808 eða á mimir.is.






Sædís Gísladóttir er nýútskrifaður vínráðgjafi og starfar í nýjustu 1.000 tegunda verslun ÁTVR í Skútuvogi. Hún er ein þriggja kvenna og fjögurra karla sem lokið hafa námi í vínráðgjöf frá hinum virta vínskóla WSET á Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Konur á framabraut

Stefnumótun, vöru- og þjónustuþróun, markaðsmál, fjármál og stjórnun auk annarra hagnýtra atriða við stofnun og rekstur fyrirtækja er á meðal þess sem kennt er á námskeiðinu Brautargengi, sem hefst á Akureyri, Reyðarfirði og Reykjanesbæ hinn 13. september.

Námskeiðið, sem Impra hefur haldið síðan árið 1996, er ætlað athafnakonum sem vilja hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd.

Markmið námskeiðsins eru að konurnar vinni viðskiptaáætlun, kynnist grundvallaratriðum í stofnun fyrirtækis, öðlist innsýn og þekkingu á atriðum er lúta að rekstri fyrirtækis, til að mynda á stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun. Það byggist upp á fyrirlestrum og verkefnatímum.

Námskeiðið er sjötíu tímar og kennt einu sinni í viku í fimmtán vikna lotu, 4,5 tíma í senn. Nánari upplýsingar um Brautargengi er að finna á heimasíðu Impru, www.impra.is, eða með því að hafa samband við Selmu Dögg Sigurjónsdóttur, selma@nmi.is eða sími 460 7970.



Brautargengi er ætlað athafnakonum. NORDICPHOTOS/GETTY


Nám í búvísindum undirbýr nemendur fyrir alls kyns störf tengd landbúnaði, svo sem búrekstur, leiðbeiningar, þjónustu, kennslu, rannsóknastörf og fleira.



www.landbunadur.is.


# Vísdómur og vín

**Að velja hið fullkomna vín fyrir rétta tilefnið er þrautin þyngri fyrir leikmenn í hillum vínbúða, en þar koma vínráðgjafar til hjálpar með sérþekkingu á flóknu samspili víns og matar.**

„Það er auðvelt að koma heim með vitlausa vínflösku þegar halda á matarboð,“ segir Sædís Gísladóttir vínráðgjafi, sem útskrifaðist með gráðu í vínfræðum frá hinum virta skóla Wine and Spirit Education Trust (WSET) á Englandi í vor.

„Við útskrifuðumst þrjár konur að þessu sinni, en áður höfðu útskrifast fjórir karlar. ÁTVR er samstarfsaðili WSET og námið fer fram hér heima, en náms- og prófgögn eru send að utan, sem og prófskírteini,“ segir Sædís, sem í sjö ár hefur starfað hjá ÁTVR.

„Nám í vínráðgjöf býðst þeim sem hafa lokið námskeiðum í Vínskóla ÁTVR með ágætiseinkunn. Hjá WSET lærðum við um lönd, þrúgur, veðurfar, jarðveg og annað sem lýtur að víngerð og kom á óvart hversu mikill vísdómur liggur að baki. Námið var ótrúlega skemmtilegt, en virkilega strembið. Í verklega hlutanum er smökkun fyrirferðarmikil, enda þurfa vínráðgjafar að geta skilgreint uppbyggingu víns og uppruna af nákvæmni með lyktar- og bragðskyni sínu,“ segir Sædís.

„Vínráðgjafar leiðbeina um val á víni fyrir hvert og eitt tilefni með sérþekkingu sinni, hvort sem það er léttvín, bjór eða sterkt vín. Vínráðgjöf nýtur mikilla vinsælda, enda margt sem spilar inn í hvað varðar vínið sjálft, en einnig mat og meðlæti sem á að njóta með vínglasi. Fólk kýs í auknum mæli að drekka lífræn vín og er vínheimurinn að koma til móts við þá eftirspurn með því að hafa afurðir sínar eins náttúrulegar og hægt er. Það er bæði dýrara og áhættusamara fyrir framleiðendur, en þó hefur vín ekki hækkað að ráði hérlendis í mörg ár. Ódýr vín þykja dýr í samanburði við nágrannalöndin, en dýr vín eru ódýrari, og reyndar svo mjög að hingað koma safnarar til að kaupa fínustu vín í heimi,“ segir Sædís og staðfestir að frönsk vín þyki enn þau bestu á heimsvísu.

„Frakkar stunda vínrækt við kjöraðstæður með gamla siði að vopni. Útkoman er spennandi og aldrei tvisvar eins, og fer eftir veðri. Það hefur loðað við vín frá Nýja heiminum að vera keimlík milli ára, en vín Frakklands, Ítalíu og Spánar eru margbreytileg og alltaf jafn spennandi að bíða nýrrar uppskeru þaðan,“ segir Sædís, sem starfar við vínráðgjöf í nýjustu verslun ÁTVR í Skútuvogi 2.

*thordis@frettabladid.is*


**Trommuskóli Gunnars Waage**

Innritun stendur yfir fyrir byrjendur og lengra komna

***Undirbúningsdeild***
***Diplomanám á háskólastigi***

**554 7212 / 865 5890**

trommuskolinn.is






Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið



**KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS**

**NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2008**

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda - framhalds – og talæfingaflokkum

**ENSKA**
**DANSKA**
**NORSKA**
**SÆNSKA**
**FRANSKA**
**ÍTALSKA**
**SPÆNSKA**
**ÞÝSKA**

**Íslenska fyrir útlendinga I - V**
9 vikna námskeið
50 kennslustundir

**Icelandic for foreigners I - V**
9 weeks courses
50 class hours

**Nauka jezyka islandzkiego dla obcokrajowcow I – V**
Kurs 9-tygodniowy
50 godzin lekcyjnych

**Verklegar greinar**
Bókband
Frístundamálun
Glerbrennsla
Silfursmíði
Skrautritun
Trésmíði
Útskurður

**Saumanámskeið**
Að endursauma föt og hanna að nýju
Crazy quilt
Fatasaumur/ Barnafatasaumur
Skrautsaumur *Baldering* *Skattering*
Þjóðbúningur - *saumaður*

**Tölvunámskeið**
Fingrasetning
Tölvugrunnur
Tölvugrunnur II
Word *Ritvinnsla*

**Garðyrkjunámskeið**
Garðurinn allt árið

**Matreiðslunámskeið**
Gómsætir bauna – pasta – og grænmetisréttir
Gómsætir hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndunum
Hráfæði
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn I *Grunnnámskeið*
Matargerð fyrir karlmenn II *Framhaldsnámskeið*
Bökur *Fríðubökur*

**Förðunarnámskeið**
Förðunarnámskeið *Að farða sig og aðra*

**Innritun í síma 564 1507**

*á vef skólans http:// kvoldskoli.kopavogur.is eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla*
*Nánari upplýsingar eru einnig á vefsíðu skólans*
*Vefsíða:http:// kvoldskoli.kopavogur.is Netfang: kvoldskoli@kopavogur.is*

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI



**100% erlent lán**
**3.300.000.-**
Ekkert út aðeins yfirtaka FORD F350 CREW 4X4 KING RANCH EKKERT ÚT !!!!. Árgerð 2005, ekinn 94 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 100% erlent lán

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**www.bilabankinn.is**



Einstakt tækifæri!!! Nýtt og stórglæsilegt 60fm sumarhús í Munaðarnesi. Verð 18.9m. Skipti möguleg. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Rnr.112575. Frekari upplýsingar í síma 562-1717 og 899-3715.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**



**Aðeins 19 þ.km!**
Yaris 1.3 sjálfsk, grár, ek19 þkm, 5 dyra, verð 1690 þús. Bein sala.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**



Nissan NAVARA 4WD DOUBLE CAB MT SE árg. 2004, ek.15þús, beinsk, Álfelgur, Dráttarbeisli, Klædd skúffa, Líknarbelgir, Plasthús, Ásett verð 3290 þús.kr. Gullfallegur bill!!!!

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**



**Sem nýr spari-baukur !**
Hyundai Getz II Gls - 5 dyra - ssk. - ek. 3þ.km - Nýsk. 11.07 - ABS - álfelgur - filmur - fjarstýrðar samlæsingar - cd - kastarar - rafdrifnar rúður - reyklaust ökutæki - útvarp - vindskeið/spoiler - vökvastýri - Verð 1.890þ - Fleiri myndir á www.sparibill.is - raðnúmer 100749.



**Jeep Grand Cherokee SRT8 420 Hestöfl!**
Ekinn aðeins 3.900km , nýskráður 11.07 . Magnað tryllitæki á frábæru verði ! ABS - Aksturstölva - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar samlæsingar - cd- Glertopplúga - Hiti í sætum - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Loftkæling - Minni í sætum - Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Veltistýri - Vökvastýri - Þjófavörn - 20" álfelgur . Fleiri myndir á www.sparibill.is Verð aðeins kr : 5.490þ

**Sparibíll ehf**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar til sölu




Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.




Nýir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum. Við finnum draumabílinn. Yfir þrjár milljónir bíla á skrá. Allt að 30% lægra verð. Dæmi um 2007/2008: Acura TSX, frá 3.390 þús., Volvo XC-70, frá 4.070 þús., Porche Cayman, frá 6.500 þús. Sími 552 2000, www.islandus.com.



VW Bora '99. 1,6 sjálsk sk. '09. ek 140 þús ný tímareim góður og fallegur bill verð 390,000 stgr.Uppl 7707501.




Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.




Hybrid í dag! Minni eyðsla, minni mengun, meiri kraftur. Tveir bílar tilbúnir í reynsluakstur. 2008 Toyota Highlander Hybrid og 2008 Toyota Camry Hybrid LTD. Pantaðu reynsluakstur í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



Peugeot árg. '05, beinsk. Ek. 60 þ. V. 1,4 millj. S. 848 4974.



Til sölu eða leigu ! Hyunday H-1 '00. T.D.intecoler,sjálsk,10 manna topp bíll hentar vel sem vinnubíll eða fyrir stóra fjölskyldu. V. 390 þús stgr. Uppl 7707501.



M-Benz 230E sjálsk '92. sk. '09.Mjög góður bíll verð 290,000 einnig M-Benz 220E beinsk '92.sk'09. einnig mjög góður bíll verð 270,000. Uppl 7707501.




Til sölu Ford F350 árg. 2004 6.0 ek. 62 þ.mílur. Kinge Range leður langur pallur, flottur bíll. Tilboð 2.590 þ. stgr. Uppl. í síma 698 4342.



Til sölu Land Rover Deefender diesel árg '02 ek. 172 þ. með krana á palli. Uppl í s. 698 5362.



**Tilboð 150 þús.**
Nissan Primera 11/'98, 1,6 5 gíra, þarfnast smá lagfæringar. Ásett verð 360 þús. Tilboð 150 þús. S. 841 8955.

Sumbústaðarlóð 2,4 miljónir (eignarlóð), tilbúinn að tala diesel jeppa uppí á verðb. 800-1200 þ. S. 896 2888.

Mazda RX8 Grásans. árg.'04 nýl. yfirfarinn af umb. Verð 2 millj. Lán til 3 ára getur fylgt. Uppl. í s. 862 3310.

Susuki Vitara V6 2.0 árg. '97. Ek. 170 þ. Verð 110 þ. S. 697 8232.

## 0-250 þús.



Suzuki Baleno '98, ekinn 132 þúsm, skoðaður '09, sparneytinnm Verð 220 þús. Sími 849 3928.



Baleno 4WD '97, ek. 130 þ. sk. '09. Fallegur og traustur bíll, v. 249 þ. Uppl. í s. 894 9002.

Renault Megan Cl. árg. '98, ek. 162 þ. Góður skólabíll. v. 180þ. Uppl. 8204595

## 250-499 þús.

Til sölu Hyunday Elantra 2,0L árg 2003 ekinn aðeins 72,000KM mjög góður bíll, 2 eigendur. Verð 550.000 Visa raðgreiðslur í boði upplýsingar í síma 898-3888.

## 1-2 milljónir



Tilvalinn í skólann. Toyota Yaris árg. '06. Ek. 56 þús. Tilboð 1090 þús. Áhv. ca. 420 þús. Helst ekki skipti. Uppl. í síma 616 2011 eða jono@isleifur.is

Toyota Corolla 07/'06 platínugrár 5 dyra, ek. 24 þ.km. Verð 1690 þús. Skipti á ódýrari. S. 899 4512

## 2 milljónir +




Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.




Skiptu í hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri í síma 552 2000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.

## Jeppar




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruð þúsunda í eldsneyti. Allt að 40% minni eyðsla en samt meiri kraftur. Pantaðu hybrid-reynsluakstur í Reykjavík eða á Akureyri, s. 552 000. Hybrid-bílar eru nú fáanlegir frá fjölmörgum framleiðendum: Chevrolet, Ford, GMC, Honda, Lexus, Mazda, Mercury, Saturn, Toyota o.fl. www.islandus.com.



500 ÞÚS LÆKKUN Frábær ferðabíll. TERRANO II LUX 2,7d árg.01 ek. 125þ. 7 manna toppl ofl. Hagstætt lán. Tilboð 990þ. S893-9915

Toyota Land Cruiser 120 GX '03 diesel ssk. ek. 89 þ. Verð 3,7 m. Uppl. ragnarmar@hotmail.com eða s. 844 4615.






## Pallbílar




Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.




Mikið framboð af pallbílum vestanhafs. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup. Dæmi um 2007/2008 bíla: Ford F350 frá 2.790 þús., Dodge Ram 2500 frá 2.500 þús., Toyota Tacoma frá 1.460 þús., GMC Sierra C/K 1500, frá 1.690 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com.

## Sendibílar



Reno Kangoo árgerð 1999 ekinn 117.000 km verð 395.000 kr. Uppl.í s: 517-7718



Ford Transit 150L 6 manna árg.1999 ekinn 150.000km verð 380.000 kr. Uppl. í s: 517-7718



Toyota Hiace 2.5 langur disel árg. '00, ek. 240 þús. Bíll í toppstandi. Tilboð óskast. Frábær hjólabíll. S. 861 1369.

## Hópferðabílar



Til sölu benz rúta 303, 58 sæta er ekki á skrá en er ökufær. Þokkaleg sæti. Uppl. í s:8637519

## Vörubílar



Til sölu Volvo FH 16 660 2007 ek. ca. 50þ. ásamt Langendorf malarvagni og frystivagni. Uppl. í s. 892 9673.



# Fjarnám
farðu lengra

26. ágúst — 8. september 2008
Skráning á www.verslo.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

KAPITAL.IS


# skólar og námskeið

ÞRIÐJUDAGUR 2. SEPTEMBER 2008





:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

# FJARNÁM

Skráning á haustönn fer fram 29. ágúst – 7. september
á slóðinni www.fa.is/fjarnam



# Lærið að lesa himininn

Fyrir þá sem áhuga hafa á stjörnunum og himinhvolfinu verður byrjendanámskeið í stjörnufræði og stjörnuskoðun á vegum Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness nú í haust. Námskeiðið stendur þrjú kvöld; þriðjudagskvöldið 30. september, miðvikudagskvöldið 1. október og fimmtudagskvöldið 2. október. Ef veður leyfir verður stjörnuskoðun síðasta kvöldið.

Fyrirlesarar á námskeiðinu verða Grétar Örn Ómarsson, ritari Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness og áhugastjörnuljósmyndari, Sverrir Guðmundsson, stjörnufræðikennari í MR, og Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness.

„Námskeiðið er ætlað öllum sem áhuga hafa á stjörnufræði og fyrir fólk á öllum aldri. Það er hvorki skilyrði að vita neinn skapaðan hlut né að eiga sjónauka til að skrá sig á námskeiðið, eina skilyrðið er að hafa áhuga,“ segir Sævar Helgi en þetta er í þriðja sinn sem félagið stendur fyrir námskeiðinu og áhuginn er mikill.

Á námskeiðinu verður fjallað um fyrirbæri á næturhimni og meðferð sjónauka og annars útbúnaðar. Kennt verður í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi og verður húsið opnað klukkan 19.45. Dagskráin hefst klukkan 20 og stendur til klukkan 22.30 með kaffihléi. Skráning er hafin en nánar má lesa um námskeiðið og greiðslufyrirkomulag á vefsíðu félagsins, www.astro.is. *- rat*



Á námskeiðinu verður meðal annars kennt hvernig finna má fyrirbæri á himninum með sjónauka.






Aðstaða í Háskólasetrinu er góð en þar sem starfið hefur vaxið verður tekið í notkun nýtt húsnæði. MYND/ ÁGÚST ATLASON

# Blómstrandi háskólasetur

**Háskólasetur Vestfjarða var stofnað árið 2005 en hefur síðan þá stækkað ört og býður upp á sífellt fleiri námsleiðir. Nú síðast var farið af stað með nýja námsleið á meistarastigi.**



Ingi Björn segir Háskólasetrið á Vestfjörðum hafa blómstrað allt frá því að það var stofnað árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Tilkoma nýrrar námsleiðar á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun markar tímamót þar sem nú er í fyrsta sinn boðið upp á staðbundið háskólanám sem alfarið er kennt á Vestfjörðum. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á þann möguleika að fólk geti tekið einstök námskeið í þeirri námsleið í endurmenntun og er námið byggt upp í lotum,“ segir Ingi Björn Guðnason, verkefnastjóri hjá Háskólasetri Vestfjarða.

Nú þegar eru þrettán nemendur skráðir í meistaranámið en enn er hægt að skrá sig í endurmenntun. „Námskeiðin eru kennd á ensku en meistaranámið er þverfaglegt, alþjóðlegt nám á sviði umhverfis- og auðlindastjórnunar með áherslu á haf- og strandsvæði, en þess háttar nám hefur ekki verið í boði á Íslandi áður. Farið er eftir áherslum Evrópusambandsins á samþætta stjórnun haf- og strandréttarsvæða og eru inntökuskilyrði grunnháskólagráða. Einnig er rétt að taka fram að kennd er full sumarönn og þá eru endurmenntunarmöguleikarnir einnig í boði,“ útskýrir Ingi Björn áhugasamur en meistaranámið er í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Þetta er þó ekki það eina sem í boði er en Háskólasetur Vestfjarða býður meðal annars upp á frumgreinanám í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, fjarnám og sumarskóla. „Frumgreinanámið er undirbúningsnám fyrir háskólanám og er hugsað fyrir fólk sem ekki hefur lokið stúdentsprófi en hefur þó reynslu úr atvinnulífinu. Það fór af stað um síðustu áramót og er bæði staðbundið og kennt í fjarnámi. Við sinnum síðan öllum fjarnemum sem eru í háskólanámi á Íslandi en allir háskólarnir eru stofnaðilar Háskólasetursins. Nemendur við Háskólann á Akureyri eru mest áberandi hjá okkur núna þar sem skólinn kennir mikið í gegnum fjarfundarbúnað og þeir nemendur sækja þá tíma til okkar,“ útskýrir Ingi Björn. „Einnig höfum við starfrækt sumarskóla sem hefur til dæmis verið í tengslum við tónlistarhátíðina Við Djúpið en þá hafa verið haldin „masterclass“-námskeið sem gilda sem einingar á háskólastigi og er það í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Í sumar vorum við með þriggja vikna námskeið í íslensku og komu hingað um áttatíu námsmenn sem hefja nám við íslenska háskóla í haust. Það heppnaðist mjög vel og var í samstarfi við Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og voru þetta mest Erasmus- og Nordplus-nemendur.“

Frekari upplýsingar um Háskólasetrið má finna á heimasíðunni http://hsvest.is en fyrir sérhvert námskeið í endurmenntun rennur skráningarfrestur út tveimur vikum áður en það hefst. *- hs*



Í porti Háskólaseturs Vestfjarða er glæsilegur badmintonvöllur. MYND/INGI BJÖRN GUÐNASON

# TÖKUM VEL Á ÞVÍ Í VETUR!

## Tilboð í tækjasal á aðeins 3.333 kr.* á mánuði

### Afró
Egilshöll
Kraftmiklir danstímar fyrir fólk á öllum aldri. Frábær útrás fyrir hið daglega amstur.
Nýtt!

### Herþjálfun
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

### Lífsstílsnámskeið
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

### Karlapúl
Egilshöll
Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri.

### Fit-Pilates
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

### Gymstick
Egilshöll
Gymstick er fjölnota líkamsræktartæki, þar æfir þú þol og styrk og kemur brennslunni á fullt.
Nýtt!

### Pole Fitness
Egilshöll
Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dansi, styrk og úthaldi er blandað saman.

### KVK í formi
Nýtt!
Egilshöll
Frábær námskeið fyrir konur sem vilja halda sér í formi í góðum félagsskap.

### Mömmuþrek
Egilshöll
Í form eftir barnsburð. Fjölbreyttar æfingar í góðum félagsskap.

### Rope Yoga
Egilshöll
Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar hug, líkama og sál.

### Scientific fighting
Egilshöll
Ein besta alhliða sjálfsvörn sem völ er á. Nemandinn fær að upplifa alvöru aðstæður.

### Tarzan fyrir börnin
Egilshöll
Tími fyrir börnin á hinum eina sanna Tarzanvelli þar sem krakkar geta hangið, klifrað og hoppað undir leiðsögn þjálfara.

### Dansskóli Birnu Björns
Egilshöll
Freestyle, Jazzballet, Hip Hop og söngleikjadans fyrir börn og unglinga.

### Breakdans
Egilshöll
Natasha kennir breakdans frá götum New York borgar. „The Basic Break moves.“

### Sundskóli 2-5 ára
Lágafellslaug - Mosfellsbæ
Sundkennsla fyrir 2-5 ára börn. Frábær undirbúningur fyrir skólasundið.

### Nordic Walking
Egilshöll
Gymstick Nordic Walking - Áhrifaríkt stafagöngunámskeið. Ganga, þol- og styrktaræfingar undir berum himni.

## sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á frábæran tækjasal, opna tíma, einkaþjálfun og landsins mesta úrval námskeiða.
Næstu námskeið hefjast 8. september í Egilshöll og Íþróttahúsi Lækjarskóla Hafnarfirði.



Næstu námskeið hefjast 8. sept.

heilsuakademían
*Hreyfing, heilbrigði, skemmtun*
*www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666*

* Miðað við 12 mánaða skuldbindingu

# Opinn háskóli fyrir alla

**Í Háskólanum í Reykjavík er starfræktur Opni háskólinn sem eykur aðgang almennings og atvinnulífs að háskólanámi.**



Guðrún Högnadóttir er framkvæmdastjóri Opins háskóla Háskólans í Reykjavík sem nú hefur sitt annað starfsár við fádæma vinsældir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Opni háskólinn er okkar svar við gríðarlegri aðsókn að skólanum, en í dag þurfum við að vísa frá einum af hverjum tveimur stúdentum sem sækja um að vera í klassísku háskólanámi,“ segir Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

„Þegar Háskólinn í Reykjavík var stofnaður var tilgangur hans að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Þar höfum við komið mjög sterkt við sögu á síðustu árum, bæði í nafni stjórnendaskólans og Símenntar, og höfum unnið með flestum stærstu fyrirtækjum landsins. Með Opna háskólanum aukum við aðgang almennings og íslensks atvinnulífs að þeirri þekkingu sem við búum yfir hér og bjóðum lausnir sem henta hverjum og einum í gegnum sex gáttir sem við tilgreinum eftir markhópum. Í gegnum FagMennt bjóðum við einstaklingum aðgang að diplóma-, eininga- og löggildingarnámi, ásamt því að opna almenningi aðgang að stökum kúrsum háskólans þar sem þeir geta lokið einingum,“ segir Guðrún.

„Háskólar hafa oft blómstrað á tímum efnahagsniðursveiflu, þegar fólk hefur rýmri tíma til að sækja nám. Önnur mikilvæg gátt er StjórnMennt sem við vinnum með íslenskum fyrirtækjum að stjórnendaþjálfun og innleiðingu stefnu fyrirtækja. Við áttum von á verulegum samdrætti í haust á þessu sviði, en þar hefur orðið gríðarlegur vöxtur þannig að fyrirtæki virðast gera sér æ betri grein fyrir því virði sem skapast með því að þjálfa sitt starfsfólk.

Hinar gáttirnar fjórar eru FrumgreinaMennt, sem brúar bil yfir í háskóla fyrir þá sem ekki hafa lokið stúdentsprófi; FrumkvöðlaMennt í samstarfi við Klak, og GrunnMennt þar sem við bjóðum kúrsa fyrir ungt fólk á aldrinum tíu til fimmtán ára og hentar það vel fyrir bráðger og námfús börn. Einnig förum við í nokkra grunnskóla í vetur og kennum 9. bekkingum Sjö venjur til árangurs í lífsleikni. Að lokum má nefna gáttina MannAuð sem er samstarfsverkefni um mannrækt,“ segir Guðrún.

„Við höfum byggt rekstur okkar á að vera alltaf með bestu kennara á hverjum tíma. Þannig verður til þekking, sem er ein mesta auðlind samfélaga. Við virðum rannsóknir og gildi háskólasamfélagsins fyrir íslenskt atvinnulíf, um leið og við gerum okkur grein fyrir að hagnýtt nám skiptir öllu og leitum í sjóði atvinnulífs með þjálfun og kennslu. Reynsla kennara okkar, fjölbreyttir kennsluhættir og hagnýtar áherslur færa kenningum líf og einstaklingum auð!” *- þlg*





## Bumban burt

8 vikna lífsstílsnámskeið fyrir karla 25 ára og eldri með fjölbreyttri leikfimi þrisvar sinnum í viku. Þetta er mjög metnaðarfullt námskeið með aðhaldi, vigtun, mælingum og ráðgjöf varðandi mataræði og hreyfingu.
Innifalið í námskeiðinu er fyrirlestur næringarráðgjafa, vigtun, fitumæling, ummálsmæling, þolmæling, matardagbók, markmiðssetning, hreyfidagbók og frjáls aðgangur að tækjasal.

Bumban burt tímar í Hreyfigreiningu.

| | |
|---|---|
| Mánudaga | 18.20-19.20 |
| Miðvikudaga | 18.20-19.20 |
| Föstudaga | 18.20-19.20 |

Heilsurækt í húsi Hreyfigreiningar, Höfðabakka 9
HREYFI GREINING
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is




## Jóga tímar

Í Hreyfigreiningu er boðin margskonar Jóga þjálfun:
Jóga, Kraftjóga, Kundalini jóga og Rope-yoga.

Finndu tíma sem henta þér:

Jóga tímar í Hreyfigreiningu. Opnir og lokaðir tímar.

| | | |
|---|---|---|
| Jóga | Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga | 07.30-08.30 |
| Jóga | Mánudaga og miðvikudaga | 17.30-18.30 |
| Kraftjóga | Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga | 12.10-12.50 |
| Rope-yoga | Þriðjudaga og fimmtudaga | 16.30-18.00 |
| Kundalini Jóga | Mánudaga og miðvikudaga | 17.20-18.20 |

Heilsurækt í húsi Hreyfigreiningar, Höfðabakka 9
HREYFI GREINING
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is





## Bakleikfimi - breiðu bökin

Dans- og músíkleikfimi með samba og afró ívafi þar sem kerfisbundið er unnið að því að byggja upp betra stöðu- og hreyfimynstur sem eykur álag á stóra vöðvahópa og sterka liði en minnkar álag á viðkvæma liði og líkamssvæði. Sérstök áhersla er lögð á að virkja og ná stjórn á djúpa vöðvakerfi hryggsúlunnar, auk þess sem unnið er að því að leiðrétta beitingu og vöðvavinnu axlargrindar og útlima.

Bakleikfimi - breiðu bökin. Tímar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þriðjudaga | 16.20-17.20 | 17.20-18.20 | 18.20-19.20 |
| Fimmtudaga | 16.20-17.20 | 17.20-18.20 | 18.20-19.20 |

Heilsurækt í húsi Hreyfigreiningar, Höfðabakka 9
HREYFI GREINING
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is




## Fit-Pilates

Fit-Pilates þjálfar djúpvöðva líkamans, gefur langa fallega vöðva, sléttan kvið, grönn læri, sterkt bak, betri líkamsstöðu og aukinn liðleika.

- Skemmtilegar æfingar, styrkjandi og móta flottar línur líkamans
- Enginn hamagangur og læti en virkilega vel tekið á
- Æfingar á boltanum veita þægilegt vöðva og liðleikanudd
- Æfingakerfi sem þú heldur áfram að nota heima hjá þér og heldur þér í formi
- Fit-Pilates leikfimi fyrir þá sem vilja sjá línurnar verða flottari

Fit pilates tímar í Hreyfigreiningu. Opnir og lokaðir tímar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | 06.30-07.30 | 12.10-12.50 (Opinn tími) | 16.20-17.20 |
| Miðvikudaga | 06.30-07.30 | 12.10-12.50 (Opinn tími) | 16.20-17.20 |
| Föstudaga | 06.30-07.30 | 12.10-12.50 (Opinn tími) | |

Heilsurækt í húsi Hreyfigreiningar, Höfðabakka 9
HREYFI GREINING
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

HEILSUBYLTINGIN
Bæjarhrauni 2 • 220 Hafnarfirði • Sími: 544 5300 • www .heilsubyltingin.is

Notalegur staður fyrir fólk sem vill hugsa um líkama og sál.
Bjóðum góða aðstöðu fyrir meðferðaraðila með símsvörun, tímabóknum og móttöku viðskiptavina.

**8. september byrja námskeiðin okkar og þetta er í boði í september:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| • Fit Pilates | mán, mið, fös | kl.6:30-7:25 (55 mín) | Kennari Ásdís Guðmundsdóttir |
| • Dansblanda | mán, mið, fös | kl.7:30-8:25 (55 mín) | Kennari Ásdís Guðmundsdóttir |
| • Hádegisjóga | mán, fim | kl.11:50-12:40 (50 mín) | Kennari Sigga Dís |
| • Meðgöngujóga | mán, fim | kl.12:45-14:00 (75 mín) | Kennari Sigga Dís |
| • Jóga pilates | mán, mið | kl.18:30-19:40 (70 mín) | Kennari Anna Steele |
| • Magadans | mán | kl.19:45-21:00 (75 mín) | Kennari Sigga Nanna |
| • Bakleikfimi | þri, fim | kl.18:30-19:25 (55 mín) | Kennari Viktoría Sigtryggsdóttir |
| • Salsa fyrir einstaklinga | þri | kl.19:30-20:30 (60 mín) | Kennari frá salsaiceland |
| • Boogie Woogie fyrir byrjendur | Fim | 17:30-18:25 (55 mín) | Kennari Elvar Rafn, Hrafnkell og félagar |

**Í þessari viku bjóðum við fría opna tíma – komið og prófið og athugið hvort tíminn sé akkúrat það sem þið hafið verið að leita að:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| • Jóga Pilates | - miðvikudag kl.18:30 | • Fit Pilates | - föstudag kl.6:30 |
| • Salsa | - miðvikudag kl.19:30 | • Dansblanda | - föstudag kl.7.30 |
| • Boogie Woogie | - fimmtudag kl.17:30 | • Hádegisjóga | - föstudag kl.11:50 |
| • Bakleikfimi | - fimmtudag kl.18:30 | • Meðgöngujóga | - föstudag kl.12:45 |
| • Magadans | - fimmtudag kl.20:00 | • Jóga slökunartími | - föstudag kl.17:30 |

**Í tilefni af opnun Heilsubyltingarinnar á nýjum og glæsilegum stað bjóðum við kort í Ultratone líkams og andlitsmeðferðir á 50% afslætti 1.-6. september.**

Eftirtaldir meðferðaraðilar starfa í Heilsubyltingunni, hægt er að panta tíma hjá þeim í síma 544-5300.

- **Guðný Ragnarsdóttir,** höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferðaraðili, hún er einnig reikimeistari og heilari. Hefur sérhæft sig í meðferð ungbarna.
- **Gyða Pálsdóttir,** hjúkrunarfræðingur, chinese medicine (nálastungur,) Bach multi-terapi (Bach blómadropa meðferð fyrir börn og fullorðna), heilunarmiðill.
- **Þór Gunnlaugsson,** heilunarmiðill.




Shake barinn býður **50%** afslátt alla opnunarvikuna.
Bragðgóðir sheikar fullir af næringu án óþarfa hitaeininga.

Opið mán-fim 6-22 • fös 6-20 • lau 8-15
Bæjarhraun 2 • Hafnarfirði • 544 5300

Námskeiðsgjald
**4.500 kr.**
Skráning á spara.is
og í síma 5872580 og 577 2025

# „ÚR MÍNUS Í PLÚS"



**15**
**milljóna lán**
heildargreiðsla á 40 árum
**83 milljónir**

**þú sparar**
**39**
**milljónir**

Með veltukerfi spara.is getur þú stytt lánstímann og sparað svo um munar

Miðað við styttingu lánstíma um 15 ár, 3,9% verðbólgu og 5,1% vexti.

**25**
**milljóna lán**
heildargreiðsla á 40 árum
**139 milljónir**

**þú sparar**
**65**
**milljónir**

Með veltukerfi spara.is getur þú stytt lánstímann og sparað svo um munar

Miðað við styttingu lánstíma um 15 ár, 3,9% verðbólgu og 5,1% vexti.

## Það hefur aldrei verið svona hagstætt að koma á námskeiðið



**Ingólfur H. Ingólfsson**
kennir þér að gera fjársjóð úr skuldunum þínum.

**ÞÁ ÁTT NÓG AF PENINGUM TIL AÐ:**
...Greiða hratt niður skuldir
...Byggja upp sparnað og eignir
...Hafa gaman af að eyða peningum

**FJÁRHAGSKERFI HEIMILISINS**
Nýtt tölvukerfi verður kynnt á námskeiðinu sem sameinar bókhalds- og uppgreiðslukerfi spara.is og ýmsar reiknivélar sem finna hagstæðasta lánið og besta sparnaðinn. Þetta er fjárhagskerfi fyrir þá sem vilja ná árangri í fjármálum og hafa gaman af peningunum sínum.

**EFTIRFARANDI NÁMSKEIÐ VERÐA Í BOÐI Í HAUST**

| | |
|---|---|
| Reykjavík | 15. sept. – Borgarleikhúsið |
| Akureyri | 30. sept. – Brekkuskóli |
| Keflavík | 7. okt. – Ráin |
| Reykjavík | 13. okt. – Borgarleikhúsið |
| Egilsstaðir | 21. okt. – Menntaskólinn Egilsstöðum |
| Reykjavík | 3. nóv. – Borgarleikhúsið |
| Selfoss | 11. nóv. – Hótel Selfoss |

Námskeiðin byrja kl 18:15 og eru 4 tímar í senn.

SPARNAÐUR

Sparnaður ehf greiðir niður námskeiðið
ÚR MÍNUS Í PLÚS úr 9.000 kr í 4.500 kr haustið 2008.
Holtasmára 1 201 Kópavogur Sími: 5772025 www.sparnadur.is

www.spara.is - Fjármál heimilanna ehf - 5872580

spara.is



● **LIST Í ALMENNINGSRÝMI** Saga útilistaverka í Reykjavík verður rakin á námskeiði sem Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir dagana 24. september og 1., 8. og 11. október. Ljósi verður varpað á helstu strauma og stefnur sem einkennt hafa list í almenningsrými á síðari árum og sérstakur gaumur gefinn verkum nokkurra listamann sem eiga áhugaverð verk í borginni. Námskeiðinu lýkur með vettvangsferð þar sem útilistaverk í borginni verða skoðuð.

# Betri yfirsýn og afköst

Fyrirtækið Verkefnalausnir, sem sérhæfir sig í hagnýtum lausnum á sviði verkefnastjórnunar, býður meðal annars upp á Mind Manager-hugbúnaðinn. Að sögn Elínar Þ. Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, nýtist hann við verkefnastjórnun og skipulagningu, hugarflug, fundarstjórnun, kynningar, skýrslugerð og til að halda utan um upplýsingar.

Fyrirtækið stendur reglulega fyrir opnum námskeiðum í notkun búnaðarins en annars vegar er um að ræða hraðnámskeið sem eru ætluð mjög tölvufærum notendum og hins vegar grunn- og framhaldsnámskeið. Þá er einnig haldinn fjöldi námskeiða innan fyrirtækja og stofnana. „Með hugbúnaðinum, sem er mjög notendavænn, getur fólk skapað yfirsýn yfir verkefni sín, sparað tíma og aukið afköst,“ segir Elín.

Hinn 27. október næstkomandi mun fyrirtækið standa fyrir morgunverðarfundi sem ber yfirskriftina Mind Manager í skólastarfi. Þar er ætlunin að fjalla um hvernig hugbúnaðurinn getur nýst skólastjórnendum, kennurum og nemendum í skólastarfi á öllum stigum. *-ve*



**Fyrirtækið Verkefnalausnir býður upp á MindManager-hugbúnaðinn sem nýtist við verkefnastjórnun, skipulagningu og fleira.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Græn hárgreiðsla framtíðin

**Í haust geta iðnaðarmenn úr flestum greinum bætt endalaust við sig þegar kemur að spennandi námskeiðum Iðunnar.**

„Iðan er orðin tveggja ára og vex hratt á milli ára, en heildarfjöldi námskeiða hefur vaxið um 58 prósent og fjöldi þátttakenda um 37 prósent,“ segir Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri Iðunnar fræðsluseturs, sem varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006. Hlutverk Iðunnar er að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga- og málmiðngreinum, prentiðnaði, matvæla- og veitingagreinum, og nú síðast hárgreiðslugreinum.

„Úrval námskeiða í haust er geysilega spennandi og fjölbreytt. Með tilkomu hárgreiðsluiðnar bjóðum við í fyrsta sinn námskeið í herraklippingu fyrir fagfólk, en hingað til hafa slík námskeið verið á vegum heildsala. Við leggjum áherslu á að fá til liðs við okkur bestu fáanlegu sérfræðinga og verðum meðal annars með námskeiðið Græn hársnyrtistofa sem Johan Galster kennir hérlendis. Danir eru í fararbroddi þegar kemur að þróun vistvæns fyrirtækjarekstur og Johan kennir nýja hugsun og aðferðir í vistvænni efnanotkun,“ segir Hildur Elín.



Hildur Elín Vignir er framkvæmdastjóri Iðunnar sem býður upp á frábært úrval námskeiða fyrir hinar ýmsu iðngreinar í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Í haust bjóðum við aukið framboð í almennum og rekstrarstjórnunarnámskeiðum. Þar má nefna námskeið sem nú er brýn þörf fyrir, eins og skuldastýringu, gengisvarnir, birgðahald, vörustjórnun og framleiðslustýringu í iðnaði. Þá erum við með námskeið fyrir bílgreinar, örnámskeið fyrir minni fyrirtæki og réttindanámskeið fyrir bifvélavirkja til að verða löggiltir tjónamenn. Óupptalin eru námskeið á málm- og véltæknisviði, almenn og sérhæfð tölvunámskeið, og sameiginleg verkefni þar sem við nýtum þekkingu úr einni iðngrein í aðra, eins og með því að bjóða upp á rafmagnsfræði og iðntölvustýringu fyrir prentiðnað sem mjög er að tæknivæðast. Síðast en ekki síst bjóðum við spennandi matreiðslunámskeið um norræna eldhúsið með einum fremsta matreiðslumeistara Norðurlanda, Mattias Dalhgren frá Grand Hotel í Stokkhólmi,“ segir Hildur Elín.

„Á haustdögum bryddum við upp á þeirri nýjung að vera með viku símenntunar á Norður- og Austurlandi, til að sinna betur okkar fólki á landsbyggðinni. Þar bjóðum við ýmis námskeið fyrir iðngreinar, en færum líka heim í hérað stjórnunar- og þjónustunámskeið, auk átaks fyrir okkar félagsmenn í almennum tölvunámskeiðum.“

Námskeið eru að byrja og verða áfram í allt haust hjá Iðunni fræðslusetri. Nánari upplýsingar á www.idan.is. *-þlg*








HAGNÝTT NÁM FYRIR STJÓRNENDUR:
OPNI HÁSKÓLINN – StjórnMennt

Í samstarfi við capacent

**Gull í mund – þekkingaráskrift**
Einstakt tækifæri fyrir fyrirtæki og stofnanir til að senda valinn hóp stjórnenda á erindi átta leiðbeinenda í heimsklassa og skerpa þannig á áherslum í stjórnun og rekstri (8 skipti).

**7 venjur til árangurs**
Vinnustofa sem byggir á verkum **Stephen R. Covey**, The 7 habits of highly effective people/The 8th habit – From Effectiveness to Greatness.
Við leggjum rækt við grunngildi, viðhorf og verklag þitt þannig að þú uppskerir aukinn árangur í starfi, rekstri og lífi! Næsta opna vinnustofa er 29.-31. október (20 klst).

**Leiðtoginn og samskiptahæfni**
9. september (33 klst.)
**Fjármál stjórnandans**
9. september (42 klst.)
**Grunnþættir í mannauðsstjórnun**
10. september (36 klst.)
**Stjórnun og forysta í ferðaþjónustu**
23. september (56 klst.)
**Stjórnun og forysta í skólaumhverfi**
18. september (30 eininga ECTS-nám)

**Stjórnendur framtíðar**
9. október (81 klst.)
**Persónuleg forysta – 7 venjur til árangurs**
29. til 31. október (20 klst.)
**Coaching Clinic – Að laða fram það besta í öðrum**
16. og 17. október (2 dagar)

Auðlind einstaklinga – Auðlind atvinnulífsins

Kynntu þér þessi námskeið nánar á heimasíðu Opna háskólans.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

opnihaskolinn.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-1246

# Fylgst með nemunum

Hjá Fjarkennsla.com – símenntun og ráðgjöf, er boðið upp á námskeið á netinu sem nemendur geta stundað hvar og hvenær sem er sólarhringsins.

Fjarkennsla.com – símenntun og ráðgjöf hefur starfað í ellefu ár og segir Kristín Helga Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri og kennari hjá fyrirtækinu, þau hafa verið meðal brautryðjenda í fjarkennslu á netinu. Hún segir að námskeiðin séu meðal annars hugsuð fyrir fólk sem vill hefja fyrirtækjarekstur eða starfrækir nú þegar lítil eða meðalstór fyrirtæki því mikil áhersla er lögð á viðskipta- og tölvutengdar greinar. Einnig segir hún að í boði séu námskeið á netinu og í staðnámi fyrir fræðslustéttir.


Kristín Helga Gunnarsdóttir segir Fjarkennslu.com einkum bjóða námskeið fyrir fólk í fyrirtækjarekstri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við miðum við hópa sem eiga kannski ekki svo auðvelt með að komast á staðnámskeið," segir Kristín. „Þá á ég við fólk sem er búsett úti á landi eða konur og karla sem eru heima hjá börnum og sinna þeim en vilja bæta við sig í þeim fögum sem við erum að bjóða upp á."

Kristín segir að námskeiðin standi yfirleitt yfir í fjórar til átta vikur og að þátttakendur fái viðurkenningarskjöl að námskeiði loknu.

En hvernig er fylgst með því að nemendurnir vinni fyrir viðurkenningunni? „Við fylgjumst með okkar fólki og látum það ekkert í friði. Við höfum oft frumkvæði að því að hvetja það til dáða eða hafa samband ef við sjáum að þau eru ekki byrjuð að vinna," segir Kristín og bætir við að vel sé haldið utan um nemendurna en þeir fá ekki viðurkenningu nema þeir hafi skilað inn um áttatíu prósentum verkefna.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.fjarkennsla.com.

*- mmf*


Hægt er að stunda nám hjá Fjarkennslu.com á netinu hvar og hvenær sem er.

# Námshjálpin á netinu heima

Á heimasíðunni www.skolavefurinn.is má finna efni sem nemendur í leik- og grunnskólum geta nýtt á skólagöngu sinni en foreldrar geta einnig fundið þar efni til að hjálpa börnum sínum að ganga menntaveginn.

„Heimilin eru heldur betur að sækja í skólavefinn en í vor voru tæplega fjögur þúsund heimili áskrifendur að vefnum," segir Ingólfur B. Kristjánsson ritstjóri. „Hvert heimili þarf bara eina áskrift og fólk er auðvitað ánægt með að allir geti nýtt sér sömu áskriftina." Ingólfur segir áskrifendur almennt telja vefinn auðveldan í notkun. „Þeir sem lent hafa í einhverjum vandræðum hringja til okkar eða senda tölvupóst og fá leiðbeiningar. Á síðunni eru líka leiðsagnir um vefinn sem þýðir að hann er útskýrður fyrir hverjum aldurshópi og sýnt er hvernig má nota hann fyrir mismunandi aldurshópa."

*- mmf*


Börn geta fundið námsefni við sitt hæfi á skolavefurinn.is. NORDICPHOTOS/GETTY


**Viltu komast í KJÖRÞYNGD til frambúðar ?**

**Allt sem þú þarft eru 30 mínútur á dag til að bæta lífsstílinn á árangursríkan hátt.**

Hnitmiðað 7 vikna námskeið sem byggir á fræðslu um:

- Mataræði
- Hreyfingu
- Hugarfar
- Tímastjórnun
- Streitu & slökun
- Sjálfsaga

**Gönguhópur 2x í viku.**

**Næsta námskeið hefst 16. september**

Þriðjudagar kl.19-22



**Kolbrún Rakel Helgadóttir** leiðir námskeiðið í nýjum og glæsilegum fundarsal **Heilsubyltingarinnar** að Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði.

Skráning í síma 544-5300 og á rakel@heilsubyltingin.is
Verð 34.900,- www.kolbrunrakel.is

FÓTAAÐGERÐASKÓLI ÍSLANDS

**Fótaaðgerðaskóli Íslands er að hefja sitt annað starfsár og tekur inn nýja nemendur í október n.k.**

Fótaaðgerðaskóli Íslands er sérskóli á framhaldsskólastigi. Nám í fótaaðgerðarfræði tekur 16 mánuði eftir að undanförum er lokið. Nám í fótaaðgerðafræðum er bæði hagnýtt og skemmtilegt nám. Nemendur fá löggildingu sem fótaaðgerðafræðingar að námi loknu og geta hafið eigin atvinnurekstur.

Áhugasamir aðilar eru velkomnir í heimsókn í Fótaaðgerðaskóla Íslands að Hjallabrekku 1, Kópavogi alla virka daga milli 9-16. Þar er hægt að kynna sér námið og þá aðstöðu sem er í boði.

Einnig eru veittar upplýsingar í síma 553-7900 eða kristing@snyrtiakademian.is








512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Villtu ganga til liðs við okkur?**
**Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri, Austurveri og Glæsibæ leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar 897 5470 milli kl. 9-16 Umsóknareyðublöð á netinu www.bakarameistarinn.is**

**Skalli Hraunbæ**
**Vantar hressan og duglegan starfskraft eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi í vetur.**
**Uppl. í s. 567 2880 alla virka daga til kl. 17.**

**Gullnesti Grafavogi**
**Auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf.**
**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum.**
**Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076, einnig umsóknir á unnur@joifel.is**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni og Borgartúni**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf. Dagvinna á tímabilinu 10-14 & 8:30-16:30. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Nemi/Snyrtifræðingur**
**Óskast, vinnutími samkomulag. Get útvegað húsnæði á staðnum.**
**Greifynjan sími 587 9310.**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast á bar um helgar.**
**Upplýsingar í síma 869 5037 & 899 3258.**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Pizzabakara - Sendla - fólk í símsvörun - Um er að ræða hentugan vinnutíma í hlutastarf. Góð laun fyrir rétta fólkið.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum Wilson's Pizza, Gnoðarvogi 44 & Ánanaust 15 & Eddufelli 6 eða í síma 581 1515.**

**Krydd & Kavíar, Hádegisverðaþjónusta**
**Starfsfólk óskast til Krydd & Kavíar. Vinnutími er frá 8 - 16 alla virka daga Óskum einnig eftir fólki í hlutastörf frá 10 - 14 Snyrtimennska, jákvætt hugarfar og áhugi á matargerð æskileg.**
**Upplýsingar gefur Vala eða Garðar í síma 565 9933 milli 13-17**

**eða senda umsókn á kryddogkaviar@kryddogkaviar.is**



Óskum eftir að ráða verkamenn til starfa við slátrun og kjötskurð. Mikil vinna framundan. Fastráðningar. Nánari upplýsingar í síma 899 1754, Þorkell.

**Vaktavinna-Egilsstaðir**
Vantar starfsfólk til afgreiðslustarfa, í vaktavinnu. Grill og sjoppa - Uppl. í s. 861 7756. Bensínsstöð, S. 864 6680.

**American Style Hafnafirði, Nýbýlavegi og Tryggvagötu, fullt starf**
Fólki líður vel í vinnu hjá okkur! Í boði er vaktavinna, unnið er aðra hverja helgi. Á tímum kreppunnar er þetta öruggur vinnustaður, samkeppnishæf laun, skemmtilegt fólk. Góð íslenskukunnátta áskilin. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

Hársnyrti nemi. Nemi óskast á Avedastofuna HÁR-FÓKUS í Grímsbæ Áhugasamir hafið samband í síma: 568-2240 / 693-0965.

Blend leitar að stundvísum og metnaðarfullum starfsmönnum. Full störf og hlutastörf í boði. Uppl. veitir Unnur í kringlunni unnur@blend.is og Stefán í smáralind 660 1758

Málarar óska eftir málurum til starfa. Uppl. í s. 896 5159. Finn Hansen. Málarameistari.

Óskum eftir að ráða duglegan mann með góða þjónustulund til starfa í fullt starf, eða auka starf. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 568 2818. Skóarinn í Kringlunni.

Hársnyrti nemi. Nemi óskast á Avedastofuna HÁR-FÓKUS í Grímsbæ Áhugasamir hafið samband í síma 568 2240 / 693 0965.

Starfskraftur óskast til kjötafgreiðslustarfa, einnig aðstoðamaður í kjötvinnslu með bílpróf. Kjöthöllin - Skipholti 70 - S. 553 1270.

**Sandholt Laugavegi og Hverafold**
Vantar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. sem fyrst. Uppl. í s. 897 0350 Stefán.

Óska eftir mönnum vönum múrviðgerðun inni og úti. Uppl. í s. 698 6738.

Vantar starfsfólk um helgar og eftir kl. 15 á virkum dögum. S. 555 6565 / stjornustelpur.is

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnótabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Þarf að geta byrjað sem first. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s. 892 5522.

## Atvinna óskast

34 ára Pólskur karlmaður, (Íslenskur ríkisborgari) óskar eftir vinnu er vanur kranamaður, allt kemur til greina. Uppl. í s. 823 4261.

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Gulgrár dísarfugl týndist frá Hæðarseli 6 sunnudag 31.08. Sími 823 6829 & 822 5382.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 opið allan sólarhringinn.**

Karlmaður um sextugt, ungur í anda og í góðu formi vill kynnast stúlku sem vini og ferðafélaga. Má gjarnan vera erlend. Endilega sendið mér tölvupóst á netf. felagsvera@visir.is eða leggið inn skilaboð í talhólf 839 4379.

## Uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:**

Aðalbraut 61, fnr. 216-7062, 675 Raufarhöfn, þingl. eig. Marek Grzegorz Kancyr og Ewa Karolina Bielaczyc, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Ásgata 15, 216-7094, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Marzenna Bogumila Kowalska, gerðarbeiðandi Glitnir banki hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Bakkavegur 9, fnr. 216-7726, þingl. eig. Grétar Jósteinn Hermundsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Bæjarás 11, 217-0838, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Langanesbyggð og Hagur ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Bæjarás 4, 221-6110, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Hagur ehf og Lýsing hf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Bæjarás 5, 221-6174, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Hagur ehf og Lýsing hf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Bæjarás 7, 221-6171, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Hagur ehf og Lýsing hf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Bæjarás 9, fnr. 221-6170, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Hagur ehf og Lýsing hf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Langanesvegi 24, eignarhluti gerðarbeiðanda, fnr. 216-7880, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Þórhalla Aðalbjörg Hjaltadóttir, gerðarbeiðandi Kaupþing banki hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Syðri-Bakka, eignarhluti gerðarbeiðanda, fnr. 154119, Keldunes-hreppi, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Vatnsenda lóð, eignarhluti gerðarbeiðanda, fnr. 221-7717, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Birkir Björnsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Akureyri, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Garðarsbraut 43, 215-2618, 640 Húsavík, þingl. eig. Þóranna Jónsdóttir og Ævar Ákason, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Hafnargata 13B, 217-0846, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Langanesbyggð og Hagur ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Klifagata 2-2A, 216-6903, 670 Norðurþing, þingl. eig. Ásta Helga Viðar og Geir Bjarnason, gerðarbeiðandi S24, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Miðvangur 1, 226-0270, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Langanesbyggð og Hagur ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Miðvangur 3, 226-0271, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Langanesbyggð og Hagur ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Skólagata 4, 217-0862, 685 Langanesbyggð, þingl. eig. Langanesbyggð og Hagur ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Skútahrauni 19, fnr. 216-3453, 660 Mývatn, þingl. eig. Hólmgeir Eyfjörð, gerðarbeiðendur Malarvinnslan hf, N1 hf, Spölur ehf, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Vátryggingafélag Íslands hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Staðarhóll, lnr. 153975, 641 Húsavík, Aðaldal, þingl. eig. Hólmgeir Hermannsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Húsavík, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Víðibakki, fnr. 216-6788, 671 Kópaskeri, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðandi Vörður tryggingar hf, mánudaginn 8. september 2008, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
1. september 2008.


# Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Auglýsingasími 512 5050



– Mest lesið

## Til sölu / Leigu

# Tækifæri

Til sölu eða leigu nýlega innréttuð hárgreiðslustofa á jarðhæð í fullum rekstri með tveimur stólum á Húsavík.

Hér er gott tækifæri fyrir áhugasama sem vilja búa í fallegu umhverfi.

***Nánari upplýsingar fást í síma 897 0505***

Frum

## Fasteignir

Frum

ÁS FASTEIGNASALA

**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600, Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða www.as.is**
**Opið virka daga kl. 9–17**
*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

### MÖGULEIKI Á ALLT AÐ 90% LÁNI



**NORÐURBAKKI 5 - HFJ. TIL AFHENDINGAR STRAX**
Sérlega vandaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á frábærum stað í miðbæ Hfj.
GLÆSILEGAR SÝNIGARÍBÚÐIR. KYNNIÐ YKKUR FRÁBÆRA GREIÐSLUMÖGULEIKA.
**Verð frá 26,7 millj.** 6928



**NORÐURBAKKI 1 OG 3 HF. TIL AFHEND. FLJÓTLEGA**
Glæsilegar 3ja-4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu á frábærum stað við sjávarsíðuna í miðbæ Hafnarfjarðar.
* Vandaðar innréttingar frá InnX
* Vönduð tæki frá Miele
* Granítborðplötur í eldh. og á baði
**V. 36,9 m.** 6649



**KVISTAVELLIR 44 TIL AFHENDINGAR STRAX**
Eigum eftir nokkrar glæsilegar 4ra herbergja íbúðir í þessu fallega 4ra hæða LYFTUHÚSI. Hægt er að fá BÍLSKÚR ef vill.
* Hágæða innr. og skápar frá AXIS
* Uppþvottavél og ísskápur fylgir
**Afhending strax.**
**Verð frá 27,1 millj.** 7080



**NORÐURBAKKI 15 - 17 OG 19 HFJ. – TIL AFHENDINGAR STRAX** Sérlega vandaðar 105 til 130 fm 2ja og 3ja herb. íbúðir á 1. til 5. hæð í nýjum LYFTUHÚSUM á NORÐURBAKKANUM, m/ STÆÐUM í bílageymslu. Sérlega vel skipulagðar eignir, gólfsíðir gluggar, gólfhiti, extra lofthæð o.fl. Frábær lóð verður á milli bygginga.
**Verð frá 25,7 millj.** 7561

## Atvinna

# ELDBAKAN

## Starfsmaður óskast

Við óskum eftir reyndum starfsmanni í fullt starf í sal á einum glæsilegasta pizzastað á landinu, aldurskilyrði er 20 ára og góð kjör í boði.

Áhugasamir sendið umsókn á eldbakan@eldbakan.is eða hafið samband við Guðrúnu eða Kareni í Síma: 544-8844 á milli 2 og 4 á daginn.

## Lagerstarf - mikil vinna!

**Við óskum eftir starfsmanni til að vinna á lager í húsgagnaverslun okkar. Viðkomandi þarf að vera hraustur, vandvirkur og tilbúinn í mikla vinnu.**

**Áhugasamir leggi inn umsókn á ragnar@heimahusid.is**

HEIMA HÚSIÐ mood heima Öndvegi

**Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242**

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2008 FOSSHÓTEL Vinalegri um allt land INNS OF ICELAND

## Starfsmaður í móttöku á Flóki Inn; framtíðarstarf

Starfsmann vantar á næturvaktir í móttöku á Flóki Inn frá 8.september 2008

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af móttökustörfum æskileg
- Reynsla af hótelbókunarkerfinu Cenium / Navision æskileg
- Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum
- Vingjarnleiki, þjónustulund og gestrisni
- Lágmarksaldur 22 ára

Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is

Nánari upplýsingar veitir Lára Sigríður Haraldsdóttir í síma 562-4000 eða á netfanginu lara@fosshotel.is

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Hellisheiðarvirkjun. Breytingar á niðurrennslisveitu, Sveitarfélaginu Ölfusi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **1. október 2008.**

**Skipulagsstofnun**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.189 **-0,45%**

**Fjöldi viðskipta:** 201
**Velta:** 1.465 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PET.** | +2,74% | **EXISTA** | -1,97% |
| **ÖSSUR** | +2,43% | **BAKKAVÖR** | -1,88% |
| **ALFESCA** | +1,05% | **FØROYA BANKI** | -1,25% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,75 +1,05% ... Atorka 5,00 -0,79% ... Bakkavör 26,05 -1,88% ... Eimskipafélagið 14,33 -0,49% ... Exista 7,45 -1,97% ... Glitnir 14,94 -0,73% ... Icelandair Group 20,10 +0,00% ... Kaupþing 704,00 -0,42% ... Landsbankinn 23,85 -0,63% ... Marel 85,40 -0,70% ... SPRON 3,60 +0,00% ... Straumur-Burðarás 9,15 +0,00% ... Össur 92,70 +2,43%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Flestir fylgja Teymi

Tæp tíu prósent hluthafa Teymis gengu að tilboði félagsins um að fá greitt fyrir hlut sinn með bréfum í Alfesca. Tilboðið tengdist afskráningu Teymis úr Kauphöll. Frestur til að ganga að tilboðinu rann út á föstudag.

Samkvæmt tilboðinu var gengi bréfa í Teymi 1,9 og gengi hlutabréfa í Alfesca 6,96. Þegar tilkynnt var um tilboðið upplýstu aðaleigendur Teymis, með 80 prósenta eignarhlut, að þeir myndu ekki ganga að því.

Ekki fékkst uppgefið hjá Teymi hversu margir hluthafar tóku tilboðinu eða hversu margir litlir hluthafar kusu að hafna því.

„Mikil óvissa er um framhaldið hjá Teymi, sérstaklega ytri aðstæður. Alfesca stendur hins vegar ágætlega, og við töldum að fólk sem á litla hluti væri betur sett með með bréf í Alfesca en óskráðu félagi,“ sagði Valdimar Halldórsson, hjá greiningu Glitnis, í samtali við Markaðinn.

Glitnir ráðleggur fólki að halda í bréf sín í Alfesca, enda sé gengi félagsins nú undir markgengi Glitnis.

**- msh**

## Glitnir sjóðir hagnast

Hagnaður Glitnis sjóða, sem reka verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði Glitnis nam 284 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins í samanburði við 6,1 milljónum á sama tímabili fyrir ári. Rekstrartekjur jukust um 47,3 prósent, meðan gjöld jukust um tæp 2 prósent. Eignir félagsins uxu um 27 prósent miðað við sama tíma í fyrra og nema nú 971 milljónum. Fjármunir sjóða í stýringu Glitnis sjóða hf. námu 255 milljörðum króna í lok júní, og hafði þá aukist um 7,16 prósent frá því í upphafi árs.

**- msh**

# Gjaldþrota þrátt fyrir góðan lestur

**Útgáfu danska fríblaðsins Nyhedsavisen var hætt á sunnudag. Milljarðatap var á rekstrinum. Vandræði lágu í loftinu en ákvörðunin kom þó á óvart.**



**FRÁ STARFSMANNAFUNDINUM Í GÆR** Stjórnendur útgáfufélags Nyhedsavisen gerðu starfsfólki grein fyrir því í gær að dagar blaðsins væru taldir. Morten Lund situr hnípinn á stalli. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

„Við erum hérna bara tveir í húsinu, Sigurður B. Sigurðsson umbrotsmaður og ég, að drekka bjór. Aðrir hafa hreinsað persónulega muni af skrifborðum og eru farnir,“ segir Teitur Jónasson, yfirmaður ljósmyndadeildar danska fríblaðsins Nyhedsavisen.

Ákveðið var að hætta útgáfunni um helgina og funduðu stjórnendur útgáfunnar með starfsmönnum í höfuðstöðvum blaðsins í Holmen í Kaupmannahöfn í gær.

Teitur, sem vann að stofnun Nyhedsavisen, segir að þótt erfiðleikar útgáfunnar hafi lengi legið í loftinu hafi það komið mörgum á óvart hversu stuttan tíma það hafi tekið að slá blaðið út af borðinu. „Það á enn eftir að segja öllum formlega upp. Svo tekur þetta klassíska við. Hér fást engir peningar og enginn hefur fengið greitt,“ segir hann.

Nyhedsavisen á rætur að rekja til þess þegar afþreyingar- og útgáfufélagið Dagsbrún stofnaði dótturfyrirtækið Dagsbrun Media snemma árs 2006 í Danmörku. Gunnar Smári Egilsson, fyrrverandi forstjóri Dagsbrúnar, sem settist í sama stólinn í Danmörku, boðaði útgáfu fríblaðs í ætt við Fréttablaðið sem hefði tekjur sínar af auglýsingasölu. Landnám í öðrum löndum var í skoðun.

Danskir fjölmiðlar fóru samstundis í skotgrafir og settu á laggirnar fríblöð til höfuðs Nyhedsavisen áður en fyrsta tölublaðið leit dagsins ljós. Það varð samt fljótlega mest lesna dagblað Danmerkur.

Viðmælendur Markaðarins eru sammála um að Nyhedsavisen hafi gjörbreytt dönskum auglýsingamarkaði. Verð á auglýsingum hafi hríðlækkað í kjölfarið en aukin samkeppni hafi að sama skapi grafið undan rekstrargrundvellinum. Þá hafi erfiðleikar í dönsku efnahagslífi haft sitt að segja um afkomu blaðsins.

Um mitt ár lágu fyrir erfiðleikar í loftinu en danskir fjölmiðlar fullyrtu að tap af útgáfunni hafi numið 632 milljónum danskra króna, jafnvirði 10,7 milljarða íslenskra. Þá var eigið fé fyrirtækisins neikvætt upp á ríflega 230 milljónir.

Fjárfestirinn og athafnamaðurinn Morten Lund, sem kom inn í hluthafahóp útgáfufélagsins í byrjun þessa árs, reri að því öllum árum fram yfir helgi að fá nýja fjárfesta að rekstrinum. Það reyndist árangurslaust.

Þórdís Sigurðardóttir, forstjóri Stoða Invest, segir niðurstöðuna dapurlega. Félagið hafi sett 450 milljónir danskra króna, rúma sjö milljarða íslenskra króna, í útgáfuna en reksturinn hafi reynst hít til skemmri tíma. Útlit sé fyrir að stærstur hluti fjárhæðarinnar verði afskrifaður. Ekki liggur fyrir hvað verði um eignir útgáfufélags Nyhedsavisen en Stoðir á veð í öllum eignum Lunds. Þórdís fer utan á morgun og fundar með stjórn blaðsins um framhaldið. Ekki náðist í Morten Lund í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

**jonab@markadurinn.is**




**JOHN RONALD REUEL TOLKIEN LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1973.**

*„Huglaus er sá sem kveður þegar vegurinn myrkvast.“*

***Tolkien var breskur rithöfundur og fræðimaður þekktastur fyrir skáldsögurnar The Lord of the Rings og The Hobbit eða Hringadróttinssögu og Hobbitann.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. SEPTEMBER 1666

## *Lundúnabruninn mikli hófst*



Lundúnabruninn mikli hófst þennan dag árið 1666 en eldsupptök voru í bakaríi Thomas Farriner á Pudding Lane.

Bruninn, sem stóð yfir í þrjá daga, eða til 5. september, er einn sá mesti sem orðið hefur á Englandi. Hann breiddist hratt út um alla miðborgina, náði yfir í fátækrahverfi borgarinnar og ógnaði um tíma Westminster.

Í brunanum eyðilögðust 13.200 hús, 87 kirkjur, þar á meðal Dómkirkja Páls Postula og flestar opinberar byggingar. Bruninn eyðilagði heimili sjötíu þúsund Lundúnabúa en í miðborginni bjuggu um áttatíu þúsund manns.

Ekki er talið að margir hafi látið lífið en þó voru manntöl yfir millistéttina og fátæka ónákvæm og því getur verið að fleiri hafi látist en tölur gefa til kynna.

## MERKISATBURÐIR

**1625** Katla tekur að gjósa með miklum eldgangi og verður mikið vatnsflóð og ísrek fram Mýrdalssand. Einnig varð mikið öskufall. Gosið rénaði 14. september.

**1845** Heklugos hefst og stendur til næsta vors. Voru 77 ár frá gosinu á undan en 102 ár liðu til næsta goss á eftir.

**1876** Kveikt er á fyrsta götuljóskerinu í Reykjavík. Þetta var steinolíulukt á háum stólpa neðst í Bakarabrekku (nú Bankastræti).

**1967** Brúin yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi er vígð og var önnur lengsta hengibrú landsins eða 110 metra löng.

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Þórir Sighvatsson**

skipstjóri, Skúlagötu 2, Stykkishólmi,

verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 5. september næstkomandi kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Stykkishólmskirkju.

**Eggert Bjarni Bjarnason** | **Hafdís Sverrisdóttir**
**Sævar Berg Ólafsson** | **Hjálmfríður Guðjónsdóttir**
**Guðbjörg Halldóra Ólafsdóttir** | **Þorvarður Einarsson**
**Ægir Þór Ólafsson** | **Eydís Bergmann Eyþórsdóttir**
**María Bryndís Ólafsdóttir** | **Ásgeir Héðinn Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir minn, sonur, bróðir og frændi,*

**Gísli Marteinsson**

Þverbrekku 2, Kópavogi,

lést þann 27. ágúst síðastliðinn í Kaupmannahöfn.

**Arnar Gíslason**
**Lilja Gísladóttir**
**Vilborg Marteinsdóttir og fjölskylda**
**Marteinn Marteinsson og fjölskylda**
**aðrir aðstandendur.**

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lára Petrína Guðrún Bjarnadóttir**

Háaleitisbraut 155, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 22. ágúst, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 3. september kl. 13.00.

**Birna María Eggertsdóttir**
**Ásta Lóa Eggertsdóttir**
**Ingigerður Eggertsdóttir**
**Unnur Eggertsdóttir** | **Hermann Arnviðarson**
**Gunnhildur Hrefna Eggertsdóttir** | **Óskar Þorsteinsson**
**Kolbrún Eggertsdóttir** | **Arnaldur F. Axfjörð**
**Pétur Eggert Eggertsson** | **Sigurborg Steingrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---


# Legsteinar
í **miklu** úrvali



REIN
**Steinsmiðja**
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is


---

**KRAMHÚSIÐ:** FAGNAR 25 ÁRA AFMÆLI

# Gróðurhús fyrir alls kyns dans og menningarstrauma

Hafdís Árnadóttir stofnaði dans- og leiksmiðjuna Kramhúsið í gömlu trésmíðaverkstæði við Bergstaðastræti fyrir 25 árum, en hluti hússins er frá því fyrir stríð. Þar hefur síðan verið unnið mikið grasrótarstarf og eins og Hafdís orðar það sjálf þá er staðurinn gróðurhús fyrir alls kyns dansstíla og menningarstrauma.

„Mikið af þeim dansnámskeiðum sem eru orðin útbreidd hér á landi byrjuðum við með og má nefna tangó, afró, break og magadans sem dæmi. Við höfum verið óhrædd við að gera tilraunir og sumt deyr út á meðan annað festist í sessi,“ segir Hafdís og þakkar meðal annars þeim mikla fjölda erlendra kennara sem hafa komið í skemmri eða lengri tíma til að kenna. „Þeir bera með sér ferska strauma og þótt Kramhúsið sé lítið að utan þá er það dálítið stórt að innan. Hér er því rúm fyrir alla mögulega dansstíla og -stefnur.“

Hafdís hefur nýlokið við að stýra árlegri tangóhátíð þar sem þátttakendur komu hvaðanæva að, byrjendur jafnt sem lengra komnir. Hátíðin var stærri í sniðum en venjulega í tilefni afmælisins en fleira er þó á döfinni. „Við erum nú frekar róleg í tíðinni en verðum þó með ýmsar uppákomur í haust líkt og endranær. Þá reikna ég með því að við gerum eitthvað alveg sérstakt og höldum áreiðanlega góða afmælisveislu eða veglega jólagleði,“ fullyrðir Hafdís.

Hún er menntaður íþróttakennari en komst snemma að því að hefðbundnar íþróttir áttu ekkert sérstaklega vel við hana. „Ég er lítil keppnismanneskja og ekki gefin fyrir kassalaga íþróttir. Ég sneri mér því að dansi, hreyfingu, spuna og sköpun. Í upphafi starfsins var á því talsverður leiksmiðjubragur en í dag er þetta fyrst og fremst danssmiðja.“

Hjördís segir mikinn meðbyr með dansinum um þessar mundir og minnist eróbik-æðisins, sem gekk yfir um árið, með lítilli eftirsjá. „Þá tæmdist húsið og meira að segja dansarar fóru frekar í eróbik,“ segir hún kímin.

Hafdís segir aldurshópinn sem sækir Kramhúsið mjög breiðan og að ekki sé óalgengt að þar séu þrjár kynslóðir við æfingar. Eins hafi fjölmargir nemendur fylgt húsinu alla tíð. Með breakinu hafi síðan strákunum fjölgað til muna. Yngstu börnin segir hún læra að samþætta hreyfingu og tónlist en elstu nemendurnir fara gjarnan í leikfimi með salsa og sambatakti.

„Við höfum lengi lagt áherslu á að losa um hinar lútersku mjaðmir en fólk losnar hreinlega úr álögunum í dönsum á borð við salsa og afró,“ segir Hafdís. Hún hyggst opna húsið á fimmtudag fyrir fólki sem vill kynna sér starfsemi vetrarins.



**GRASRÓTARSTARF** Hafdís segir mikla tilraunastarfsemi fara fram í Kramhúsinu sem stundum skili sér í því að nýir dansstílar festist í sessi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**vera@frettabladid.is**

---



†

*Þökkum innilega þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns og föður,*

**Magnúsar Karlssonar**

Mímisveg 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til lækna og alls hjúkrunarfólks á lungnadeild Landspítalans fyrir frábæra umönnun.
Guð blessi ykkur öll.

**Bára Guðmannsdóttir**
**Guðmann Sigurgeir Magnússon**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Fanney Sigurbaldursdóttir**

frá Ísafirði, Asparfelli 2, Reykjavík,

lést föstudaginn 29. ágúst á Landakoti.

**Ásta Dóra Egilsdóttir** | **Jón Jóhann Jónsson**
**Petrína Margrét Bergvinsdóttir**
**Hulda Bergvinsdóttir** | **Gunnar Hallsson**
**Jón Bergvinsson** | **Ingibjörg Viggósdóttir**



# Sæktu þér aukinn styrk

## - fjölbreytt og áhugaverð námskeið í boði

### STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

Tímastjórnun
hefst 15. september

Sönn leiðtogahæfni: Jákvæð forysta
haldið 25. september

Verkefnastjórnun: Hlutverk og stjórnskipulag
hefst 29. september

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 30. september

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri
haldið 11. september

Excel I – fjármál og rekstur
hefst 16. september

Virðisaukaskattur af byggingarstarfsemi
haldið 23. september

Excel - Veltitöflur (Pivot table)
haldið 24. september

Gerð viðskiptaáætlana
haldið 26. september

Excel II - fjármál og rekstur
hefst 30. september

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Mannauðs- og breytingastjórnun í grunnskólum
hefst 16. september

Talnalykill: Staðal og markbundið próf í stærðfræði
haldið 19. september

Mannauðs- og breytingastjórnun í grunnskólum
- eingöngu í fjarfundi
hefst 23. september

### MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

Franska fyrir byrjendur
hefst 2. september

Kínverska fyrir byrjendur
hefst 15. september

Kvikmyndirnar og lífið
hefst 18. september

Thor Vilhjálmson – list og starf
hefst 22. september

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
hefst 23. september

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 24. september

Bækurnar í bústaðinn
hefst 30. september

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Viðbótar og óhefðbundnar meðferðir í hjúkrun
– á Akureyri
hefst 8. september

Geislavarnir fyrir ábyrgðarmenn
haldið 12. september

Mansal
haldið 15. september

Leiðtogahæfni í lífi og starfi
hefst 17. september

### HUGBÚNAÐUR

Stafrænt frelsi í ríkisstofnunum
hefst 22. september

### SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Gerð lagafrumvarpa og reglugerða
haldið 17. september

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is




Verð frá 109.900 kr.

**Fljúgðu í gegnum námið með ThinkPad**

ThinkPad fartölva er frábær kostur fyrir skólafólk. Hún er nett, létt og ótrúlega öflug. Allt að 9 stunda rafhlöðuending, skarpur skjár og vefmyndavél. Góð afköst á frábærum kjörum.

- Yfirburðatækni
- Frábærlega endingargóð
- Lág bilanatíðni
- Vegur aðeins 2,5-2,9 kg
- Innbyggð vefmyndavél
- Allt að 9 stunda rafhlöðuending

**Mest verðlaunaða fartölva sögunnar!***

Sölustaðir ThinkPad eru: Verslanir Nýherja í Reykjavík og á Akureyri, verslanir Símans, Elko, TRS, Tölvun, Omnis, Tengill, Netheimar, Martölvan, Ráðbarður og Hrannarbúðin.

FALLVÖRN
GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA
INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL
LENGRI RAFHLÖÐUENDING
VÖKVAPOLIÐ OG UPPLÝST LYKLABORÐ

Kíktu á ThinkPad.is og skoðaðu úrvalið!

NÝHERJI

NÝHERJI hf. sími 569 7700 www.nyherji.is

ENNEMM / SÍA / NM34933

*http://news.lenovo.co.uk/news.nsf




NOKKUR ORÐ
Sunna Dís Másdóttir

# Silfurfolinn og skandinavískt haust

Eftir óralangan biðtíma, að minnsta kosti í mínum huga, hefur fjölgað í eins manns fjölskyldu minni. Silfurfolinn er kominn í hús. Hann hélt innreið sína í líf mitt í síðustu viku, stálsleginn og glæsilegur, hið myndarlegasta hjól af sænskum ættum. Frá því að Silfurfolinn barst mér hef ég farið allra minna ferða á honum, svo hann ókyrrist nú ekki í hjólageymslunni. Það gildir líka um skrepp út í hornbúð, þótt það taki lengri tíma að læsa hjólinu en að kaupa í matinn. Ég set stefnuna nú á að verða afskaplega skandinavísk í háttum. Folinn er bara fyrsta skrefið í þeirri viðleitni minni. Hann er meira að segja keyptur á mjög skandinavískan máta – í Svíþjóð, og sendur með flugi til mín, þar sem það var hagstæðara en að fjárfesta í fáki hér á landi. Ég hef stundum kvartað yfir nákvæmlega þessum þætti í frændum okkar Skandinövum og fussað og sveiað yfir því fáránlega skipulagi sem þar virðist vera á öllu og því veseni sem mér finnst það iðulega leiða af sér. Ekki lengur. Ég ætla að ganga í lið þeirra í staðinn.



Með tilkomu Silfurfolans hefur bílnum verið lagt og innan skamms verður hann á bílasölu. Ég mun fara í stórinnkaupaferðir í Bónus með skátabakpoka á fáknum. Ég hyggst geyma kaffikorginn minn og nota hann sem áburð á blómin sem ég er alveg að fara að rækta í mold sem mun eiga rætur sínar að rekja í lífræna úrgangshauginn minn. Ég mun sauma rúmteppi úr götóttum sokkum og nota rúmteppið í tuskur þegar það verður götótt. Ó já. Ég ætla að leyfa öllum nýtni-genunum sem ég hlýt að hafa hlotið í vöggugjöf að skína skært í haust. Skandinavía, her kommer jeg.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# Hann er kominn aftur!

## Örfáar aukasýningar í haust

Nú gefst aftur tækifæri að sjá ævintýri Gosa og félaga í Borgarleikhúsinu. Frábær fjölskyldusýning með skemmtilegum sönglögum. Allra síðustu sýningar í september.

**Miðasala hafin**

Sun. 7.sept. kl. 14
Sun. 14. sept. kl. 14
Sun. 21. sept. kl. 14
Sun. 28. sept. kl. 14

Sett upp í samstarfi við

ávöxtur – alveg satt!

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið




# Flytja inn saman

Svo virðist sem hörð viðbrögð umheimsins við sambandi Siennu Miller og leikarans Balthazar Getty, sem ku hafa haldið framhjá eiginkonu sinni til margra ára með Siennu, hafi ekki haft áhrif á turtildúfurnar tvær.

Parið leitar sér nú að húsnæði í Los Angeles, og samkvæmt heimildum Daily Mirror hafa þau nýlega skoðað 22 milljóna dollara hús í Malibu.

„Það er með sundlaug með söltu vatni og sturtu undir beru lofti. Sienna var mjög ánægð með það,“ segir heimildarmaðurinn. Skötuhjúin höfðu áður skoðað hús á öðru svæði í Malibu, sem átti að kosta tólf milljónir dollara, en hættu við að festa kaup á því þar sem það var ekki „nógu afskekkt“.

Svo virðist sem þeim sé annt um friðhelgi einkalífsins.



**HRIFIN AF SUNDLAUG** Sienna Miller ku hafa verið afar hrifin af 22 milljón dollara húsnæðinu sem hún skoðaði með Balthazar á dögunum.

**MEIRA NÆÐI** Balthazar Getty hefur orðið fyrir ágangi ljósmyndara frá því Sienna kom inn í líf hans og vill því fá meira næði í nýja húsnæðinu.

# Reykti hass í 36 tíma

Amy Winehouse tókst aftur að svekkja aðdáendur sína með því að hætta við tónleika í París nú á föstudag, aðeins tveimur tímum áður en þeir áttu að hefjast. Tónleikahaldarar eru svo æfir yfir framkomu söngkonunnar að þeir hyggjast leita réttar síns með aðstoð lögfræðinga.

„Umboðsmaður Winehouse sagði okkur klukkan 20 um kvöldið að hún myndi ekki koma og við neyddumst til að aflýsa tónleikunum. Okkur hafa enn ekki verið gefnar útskýringar fyrir fjarveru hennar. Við hörmum þessar aðstæður mjög og deilum vonbrigðum tónleikagesta,“ segja þeir.

Talsmaður Winehouse gaf ekkert út á mögulega lögsókn en talaði í staðinn um heilsu skjólstæðings síns, sem hefur ekki verið upp á marga fiska að undanförnu. „Amy Winehouse er sem stendur heima við að jafna sig. Veikindin eru ekki alvarleg, ekkert sem að smá tími í rúminu og hlé á söng getur ekki lagað,“ segir hún.

Heilsa Winehouse var einnig umfjöllunarefni vinar hennar, sem ljóstrar því upp í viðtali við The Sun að sjúkrahúsinnlögn söngkonunnar í júlí á þessu ári hafi komið til af því að söngkonan hafði þá neytt hass í 36 tíma samfleytt. „Hún hafði reykt ómannlegt magn af hassi sem leiddi af sér alvarlega kannabis-eitrun,“ segir vinurinn. „Köstin hennar voru jafn slæm og í ofneyslunni í ágúst í fyrra,“ bætir hann við, og segir lækna óttast að hún muni brjóta bein í slíkum köstum, þar sem þau sé orðin svo þunn sökum neyslunnar.

Winehouse á næst að koma fram á tónleikum á Isle of Wight-hátíðinni á laugardag.



**STEFNIR Í ÓEFNI** Amy Winehouse gengur lítið í haginn þessa dagana og á yfir höfði sér lögsókn vegna aflýstra tónleika í París á föstudag. NORDICPHOTOS/GETTY







Einhver metnaðarfyllsti og stærsti PC leikur sem gerður hefur verið
kemur í verslanir 4. september 2008
SPORE
The Sims
Frá þeim sömu og gera Sims leikina!
SPORE
PC DVD ROM
Mac
EA
Næsta stig í þróun tölvuleikja. Spore er leyfir þér að búa til kvikindi og sjá þau þróast í gegnum lífið.
Allt frá einfrumungum að fullkomnum skepnum sem ætla sér heimsyfirráð. Spore nýtir sama stjórnkerfi og leikmenn þekkja úr Sims 2.
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
12. HVER VINNUR!
SENDU SMS BTC SPG
Á NÚMERIÐ 1900! ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU SPORE TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR, FULLT AF PEPSI, TÖLVULEIKIR, DVD... OG MARGT FLEIRA!
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

# Tilboð framlengt



TILBOÐ Í VETUR Regnboginn er vinur litla mannsins í kreppunni og heldur áfram með tilboð sitt, 650 krónur á allar myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sumartilboð Regnbogans verður framlengt út veturinn, ef ekki lengur, en á sumartilboði bíóhússins hefur kostað 650 krónur á sýningar Regnbogans. „Þetta gekk bara mjög vel," segir Jón Gunnar Geirdal, markaðsstjóri Senu. „Við bjuggumst alveg við því að þetta myndi fá góðar viðtökur, með öllu hækkandi í þjóðfélaginu, en þetta fór meira að segja fram úr væntingum," segir Jón Gunnar.

Sumartilboð Regnbogans skiptir því um nafn og heitir nú bara tilboð Regnbogans, eða jafnvel bara eðlilegt verð í Regnboganum. „Við munum allavega halda þessu áfram út veturinn og jafnvel til frambúðar. Maður veit ekkert hvað gerist í bíómálum á næstunni, en fólk mun geta gengið að Regnboganum vísum í vetur," segir Jón Gunnar.

Fram undan eru sýningar á myndum á borð við Burn after Reading, Quantum of Solace og Australia. - sun

# VoxFox með tónleika

**Raddbandið VoxFox hefur verið valið til að taka þátt í a capella-hátíð sem verður haldin í Svíþjóð síðar í mánuðinum. Í tilefni þess verða haldnir tónleikar á Café Rosenberg í kvöld til að afla fjár fyrir ferðalagið.**

Þar verður flutt bæði gamalt og nýtt efni, meðal annars frumflutningur á útsetningu sem var sérstaklega gerð fyrir VoxFox ásamt verkum eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, einn af meðlimum bandsins. Einnig munu gestirnir Kristjana Stefánsdóttir djasssöngkona, Páll Óskar Hjálmtýsson og Monika Abendroth syngja og spila, bæði með VoxFox og hver fyrir sig. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og er miðaverð kr. 2.000.

# Þyrluatriði þrungið spennu

**Fjöldi fólks var samankominn í blíðskaparveðri undir Akrafjalli í gær þar sem tökur stóðu yfir á sakamálaþáttunum Hamrinum sem hefja göngu sína í Ríkissjónvarpinu á næsta ári.**



DÓRA JÓHANNSDÓTTIR OG JÓN ATLI HELGASON Dóra Jóhannsdóttir á tökustað ásamt hinum blóðuga Jóni Atli Helgasyni, sem lék manninn sem féll fram af hamrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Rúlla kameru og ....aksjón! var hrópað á tökustað rétt áður en þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, lenti á Reynisásum undir Akrafjalli við mikinn hávaða.

Mikil spenna var í loftinu enda tökur á umfangsmesta atriði Hamarsins í vændum. Auk þátttöku þyrlunnar kom þar við sögu fjöldi lögreglu-, sjúkraflutninga-, og slökkviliðsmanna frá Akranesi.

Í umræddu atriði var þyrlan að sækja slasaðan mann sem hafði dottið fram af hömrum í beltisgröfu og eins og gefur að skilja þurfti allt að ganga snurðulaust fyrir sig, sem það og gerði. „Það er gífurlega mikil hjálp sem við höfum fengið frá Gæslunni og öllum á svæðinu. Það er með ólíkindum hvað fólk er til í að taka þátt í þessu með okkur. Þetta er ekki eins og raunverulegt slys heldur þarf að gera þetta tíu eða tuttugu sinnum," segir Snorri Þórisson, framleiðandi þáttanna.

## Allt of gott veður

Handritshöfundurinn Sveinbjörn I. Baldvinsson fylgdist einnig með tökunum í fyrsta sinn síðan þær hófust 11. ágúst. Eins og gefur að skilja var hann mjög spenntur að sjá útkomuna, en tók þó fram að veðrið væri í raun allt of gott því í handritinu hefði hann gert ráð fyrir rigningu og dumbungi.

Tökur á Hamrinum halda áfram út þennan mánuð í leikstjórn Reynis Lyngdal. Með aðalhlutverk fara Björn Hlynur Haraldsson og Dóra Jóhannsdóttir sem leika rannsóknarlöggurnar Helga Marvin Rúnarsson og Ingu Aradóttur. „Þetta hefur gengið rosalega vel og verið ótrúlega gaman," segir Dóra, sem er að leika rannsóknarlöggu í fyrsta skiptið. „Við fórum á lögreglustöðina og töluðum við rannsóknarlögregluna. Mín persóna er frá Selfossi og ég fór og talaði við þá líka. Það var ekkert smá skemmtilegt og hjálpaði okkur rosalega mikið. Það skiptir miklu máli að þetta sé eins trúverðugt og hægt er," segir hún.

Þættirnir verða sýndir á RÚV snemma á næsta ári og hafa þeir þegar verið seldir til sjónvarpsstöðva í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

freyr@frettabladid.is



REYNIR LYNGDAL Leikstjórinn Reynir Lyngdal hafði í nógu að snúast í góða veðrinu.



ÞYRLAN MÆTT Þyrla Landhelgisgæslunnar spilaði stóra rullu í atriðinu sem var tekið upp í gær.



SNORRI OG SVEINBJÖRN Framleiðandinn Snorri Þórisson frá Pegasus og Sveinbjörn I. Baldvinsson handritshöfundur fylgdust spenntir með tökunum.


SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| GET SMART | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 8:30 - 10:20 | 12 |
| STAR WARS | kl. 5:50 | L |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| STAR WARS | kl. 5:50D | L |
| GET SMART | kl. 10:10 | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| MAMMA MÍA Síð. sýn. | kl. 8 | L |
| SKRAPP ÚT | kl. 10:10 | 12 |
| X-FILES 2 | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SVEITA BRÚÐKAUP | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| WALL-E. m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| GET SMART | kl. 8 - 10 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 - 10 | L |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TROPIC THUNDER LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 - 8 - 10.10 | L |
| THE ROCKER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5.45 – 8 – 10.15 | L |
| THE ROCKER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAKE IT HAPPEN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| X - FILES | kl. 5.40 - 8 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.20 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE ROCKER | kl. 10.10 | 7 |
| MAMMA MIA | kl. 6 - 8 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TROPIC THUNDER | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 16 |
| GET SMART | kl. 5.40, 8 og 10.15 | L |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 9 | L |

ALLTAF 750 kr. í bíó

ef þú borgar með KORTINU

Gildir í öllum kvikmyndahúsum Sambíóanna



Sæktu um á kaupthing.is/kortid

KAUPÞING Hugsum lengra KORTIÐ




**TÓNLIST**

**Beautiful Future**

Primal Scream

★★★

**Þó að smekkvísin sé á sínum stað á Beautiful Future þá er platan of tilþrifalítil til að komast í hóp með bestu plötum Primal Scream.**

## Smekklegt

Beautiful Future er níunda plata Primal Scream á rúmlega tuttugu ára ferli. Plötur sveitarinnar eru ólíkar. Hún hefur flakkað á milli rokks, dubs, sýru og danstónlistar. Stundum hafa rokkslagararnir verið ráðandi, stundum sýran eða danstónlistin. Það sem hefur haldist í gegnum allan ferilinn er töffaraskapur og smekkvísi Bobby Gillespie, söngvara og höfuðpaurs sveitarinnar.

Smekkvísin er á sínum stað á Beautiful Future. Þetta er poppaðasta Primal Scream-platan hingað til og eins og stundum áður er sótt í riff og frasa úr rokksögunni með ágætum árangri. Það eru nokkur fín lög, til dæmis titillagið, Uptown og Suicide Bomb, en á heildina litið stendur platan bestu plötum Primal Scream töluvert að baki. Hún er of flöt og tilþrifalítil til að ná að halda athyglinni að fullu. Hún er ekki vonlaus, en það er ekkert nógu afgerandi á henni til að hún fari í hóp með Screamadelicu, Vanishing Point, XTRMNTR eða Evil Heat. **Trausti Júlíusson**

# Brúðgumi Baltasars tilnefndur

Brúðguminn, kvikmynd Baltasars Kormáks, hefur hlotið tilnefningu til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár. Myndin er byggð á leikriti Antons Tsjekhov og hlaut afar góða aðsókn hér á landi fyrr á árinu. Baltasar skrifaði einnig handritið ásamt Ólafi Agli Ólafssyni og framleiddi myndina ásamt Agnesi Johansen fyrir Sögn ehf.

Alls eru fimm myndir tilnefndar, ein frá hverju Norðurlandanna, og fær vinningsmyndin í sinn hlut 350 þúsund danskar krónur. Dómnefndin er skipuð fagfólki frá hverri Norðurlandaþjóð, en það er rithöfundurinn Sjón sem er fulltrúi Íslands í henni. Varamaður er Sif Gunnarsdóttir kvikmyndagagnrýnandi. Í umsögn þeirra um Brúðgumann segir að myndin sé án efa besta kvikmynd Baltasar Kormáks. „Í Brúðgumanum kemst hann til fulls þroska sem kvikmyndagerðarmaður á sama tíma og hann nýtir sér uppruna sögunnar til að auðga kvikmyndalist sína með tuttugu ára reynslu úr leikhúsinu, bæði í myndrænni útfærslu og frásagnarbrögðum.“

Hinar myndirnar sem eru tilnefndar eru Fyrstu árin – Erik Nietzsche – 1. hluti frá Danmörku, þar sem Jacob Thuesen leikstýrir handriti Lars Von Trier, hin finnska Heimili dökku fiðrildanna í leikstjórn Dome Karukoski, Maðurinn sem unni Yngvari frá Noregi í leikstjórn Stian Kristiansen og hin sænska Þið sem lifið eftir Roy Andersson. Myndirnar fimm verða til sýningar í Háskólabíói helgina 13. og 14. september á vegum Græna ljóssins.

Tilkynnt verður um úrslitin 15. október, en verðlaunaafhending fer fram í Helsinki 28. október, þar sem einnig verða afhent önnur verðlaun Norðurlandaráðs. **- sun**



**TILNEFNDUR TIL VERÐLAUNA NORÐURLANDARÁÐS** Mynd Baltasars Kormáks, Brúðguminn, er tilnefnd til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár.






**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Þriðjudagur 2. september**

**→ Tónleikar**

**20.30 Almanaksljóð** Gerður Bolladóttir sópran, Pamela De Sensi flautuleikari og Sophie Marie Schoonjans hörpuleikari halda tónleika í Sigurjónssafni. Meðal verka er nýtt tónverk eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur við Almanaksljóð séra Bolla Gústavssonar. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnestanga 70.

**→ Tónlist**

**20.00 Við slaghörpuna** Jónas Ingimundarson kynnir tónleikaröðina TÍBRÁ og komanda starfsár í Salnum með spili og spjalli eins og honum einum er lagið. Aðgangur ókeypis. Salurinn, tónlistarhús Kópavogs.



**→ Myndlist**

**Hlynur Hallsson** er með yfirlitssýningu sem samanstendur af eldri og nýrri verkum. Sýningin stendur yfir til 28. september. Nýlistasafnið, Laugavegi 26. Opnunartími mán.-fös. 10-17, lau. 12-17.

**Sigga Björg Sigurðardóttir** sýnir í 101 Gallery, Hverfisgötu 18a. Sýnigin stendur til 5. október.

**Sjóndeildarhringir** Málverk eftir Bjarna Sigurbjörnsson og höggmyndir eftir Svövu Björnsdóttur og Kristinn E. Hrafnsson. Sýningin stendur til 21. september. Listasafn Kópavogs, Gerðasafn.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**







## > Viktor Unnar í utandeildina

Knattspyrnukappinn Viktor Unnar Illugason mun næsta mánuðinn leika með enska utandeildarliðinu Eastbourne Borough. Félag Viktors Unnars, Reading, féllst á að lána Viktor þangað en hann vantar leikæfingu eftir að hafa verið meiddur í nokkurn tíma. Viktor ætlaði að spila með Þrótti í sumar en ekkert varð af því þar sem hann meiddist áður en hann kom til landsins.




**sport**

sport@frettabla-

LÍNUMAÐURINN EINAR INGI HRAFNSSON: MJÖG ÓVÆNT ÚR FRAM OG YFIR TIL HK Í KÓPAVOGI

# *Við Viggó áttum eiginlega ekki samleið*

Línumaðurinn sterki Einar Ingi Hrafnsson fór í gær frá Fram og samdi við HK til tveggja ára. Þessi tíðindi koma frekar mikið á óvart enda var Einar Ingi einn af bestu línumönnum N1-deildarinnar síðasta vetur, ef ekki sá besti.

„Það má bara segja að við Viggó höfum eiginlega ekki átt samleið," sagði Einar Ingi við Fréttablaðið í gær aðspurður um ástæður þess að hann væri að yfirgefa Safamýrina. „Ég spilaði nánast ekkert á Reykjavíkurmótinu um síðustu helgi. Í kjölfarið töluðum við Viggó saman í síma og í því samtali kom í ljós að ég væri bara ekki inni í hans plönum. Hann var bara heiðarlegur með það. Í kjölfarið spurði ég að því hvort ég mætti leita mér að öðru félagi og hann sagði ekkert vera því til fyrirstöðu. Það var engin dramatík í þessu og ég er ánægður með að hafa bara fengið hreinskilin svör við minni stöðu hjá félaginu," sagði Einar Ingi.

Viggó virðist frekar ætla að veðja á hina línumenn félagsins, Harald Þorvarðarson og Brján Bjarnason. „Hann er einfaldlega að taka þá tvo fram yfir mig. Viggó ætlar líka að gera Brján að sóknarmanni og hann er í raun að fá mitt hlutverk."



Einar Ingi segir þessa framvindu mála hafa komið sér mjög á óvart enda var hann í lykilhlutverki hjá Fram í fyrra og átti ekki von á öðru en að svo yrði einnig í vetur.

„Þetta kom mér verulega á óvart og sérstaklega þar sem ég stóð mig mjög vel í fyrra. Það var frekar erfitt að taka þessu. Ég veit að það eru ekkert allir voða ánægðir með þetta en svona er þetta stundum í boltanum. Menn eiga ekkert alltaf samleið," sagði Einar Ingi, sem fundaði með forráðamönnum HK og FH í gærkvöld og gengu málin fljótt fyrir sig.

Einar átti eitt ár eftir af samningi sínum við Fram og því ljóst að HK þurfti að greiða fyrir hann. Má gera ráð fyrir að maður á borð við Einar hafi farið fyrir um 300-400 þúsund krónur.

Einar Ingi segist kveðja Safamýrina með nokkrum söknuði.

„Þetta er líka leiðinlegt strákanna vegna sem mér líkar afar vel við. Þetta kom ótrúlega flatt upp á mig og það stóð aldrei til að yfirgefa félagið."

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Stefán Logi var hetja KR-inga

**KR tryggði sér sæti í úrslitum VISA-bikarsins er liðið lagði Breiðablik eftir vítaspyrnukeppni. Stefán Logi Magnússon, markvörður KR, reyndist hetja KR-inga í vítaspyrnukeppninni. KR mætir Fjölni í úrslitum.**

**FÓTBOLTI** Það verður KR sem mætir Fjölni í úrslitum Visa-bikarsins eftir frækinn sigur á Breiðabliki eftir framlengdan leik og vítaspyrnukeppni. Markalaust var að lokum venjulegs leiktíma og skoruðu liðin sitt markið hvort í framlengingunni. KR skoraði fjögur mörk gegn einu í vítakeppninni.

Mikilvægi leiksins kristallaðist í varnarsinnuðum leikaðferðum liðanna. KR-ingar voru öllu meira með boltann framan af fyrri hálfleik en áttu ekki skot að marki Breiðabliks allan hálfleikinn.

Sóknartilburðir Breiðabliks voru örlítið skárri en helst skapaðist hætta við mark KR þegar landsliðsmarkvörðurinn Stefán Logi Magnússon missti fyrirgjafir Blika án þess að Kópavogsliðið næði að nýta sér það.

Fyrsta markskot KR kom á fimmtu mínútu síðari hálfleiks þegar Casper Jacobsen varði meistaralega frá Gunnari Erni af stuttu færi. KR sótti af krafti fyrstu tíu mínútur síðari hálfleiks og lofaði byrjunin góðu.

Blikar svöruðu með fínum spretti Jóhanns Bergs sem lagði upp gott færi fyrir Marel sem Stefán varði.

Eftir þessa fínu byrjun á síðari hálfleik datt leikurinn niður á ný og fyrir utan einstaka spretti Blika gerðist fátt markvert þar til fimm mínútur voru til leiksloka. Blikar gerðu harða atlögu að marki KR og áttu meðal annars skot í stöng en allt kom fyrir ekki og framlengja þurfti leikinn.

3.026 manns mættu til að sjá skemmtilegan leik en urðu fyrir sárum vonbrigðum. KR-ingar voru mættir til að halda hreinu sem þeir gerðu á kostnað sóknarleiksins.

**VÍTASPYRNUKEPPNIN**

**KR - Breiðablik 1-1 e. framlengingu**

| | |
|---|---|
| **0-1, Marel Baldvinsson** | **96.** |
| **1-1, Pétur Marteinsson** | **102.** |
| 2-1, Bjarni Guðjónsson | mark |
| 2-1, Arnar Grétarsson | varið |
| 3-1, Guðjón Baldvinsson | mark |
| 3-1, Alfreð Finnbogason | yfir |
| 4-1, Pétur Marteinsson | mark |
| 4-2, Arnór Aðalsteinsson | mark |
| 5-2, Jónas Guðni Sævarsson | mark |



**ÁTÖK OG HETJAN** Það var hart tekist á hjá KR og Blikum í gær. Það fékk Björgólfur Takefusa að reyna líkt og sést á myndinni að neðan. Á minni myndinni er hetja KR-inga, Stefán Logi Magnússon, sem varði vel í leiknum sem og í vítakeppninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Marel Jóhann Baldvinsson braut ísinn á sjöttu mínútu framlengingar með marki úr vítaspyrnu sem Frosti Gunnarsson aðstoðardómari dæmdi. Strangur dómur en Pétur Marteinsson braut á Marel.

Eftir markið þurftu KR-ingar að færa sig framar og sækja og það bar ávöxt sex mínútum eftir mark Breiðabliks þegar Pétur bætti fyrir vítaspyrnuna og skoraði af stuttu færi eftir aukaspyrnu Bjarna Guðjónssonar.

Framlengingin var töluvert líflegri en venjulegur leiktími og fengu bæði lið færi til að tryggja sér sæti í úrslitum. Engu að síður urðu mörkin ekki fleiri og þurfti því vítaspyrnukeppni til að knýja fram úrslit.

Stefán Logi var hetja KR í vítaspyrnukeppninni þegar hann varði eina frá Arnari Grétarssyni á sama tíma og KR nýtti allar fjórar spyrnur sínar. **- gmi**




Kennsla hefst 15. september
Innritun og upplýsingar
í síma 561 5620
frá kl. 10-16.
www.schballett.is
BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara

SPARISJÓÐURINN
Aðal styrktaraðili
Reykjanes maraþon
REYKJANES MARAÞON
REYKJANESBÆR
Kort af hlaupaleið er á hlaup.is
6. september
á Ljósanótt í Reykjanesbæ
Flögu tímataka
Skráning er hafin í Lífsstíl s: 420 7001
Hálfmaraþon (ræsing kl. 10:30)
10 km hlaup (ræsing kl. 11:15)
3,5 km skemmtiskokk (ræsing kl. 11:20)
Verðlauna afhending kl. ca. 13:00
Úrdráttar verðlaun m.a. utanlandsferð fyrir tvo með Icelandair

Úrslit réðust á Íslandsmótinu í holukeppni á Korpúlfsstaðavelli í gær:

# Hlynur Geir og Ásta meistarar

**GOLF** Hlynur Geir Hjartarson úr GK og Ásta Birna Magnúsdóttir, sem er einnig úr GK, urðu í gær Íslandsmeistarar í holukeppni en mótið fór fram á Korpúlfsstaðavelli.

Selfyssingurinn Hlynur Geir lagði Ottó Sigurðsson úr GR í úrslitum en í undanúrslitum vann Hlynur sigur á Arnóri Inga Finnbjörnssyni úr GR. Sigmundur Einar Másson úr GKG varð þriðji en hann lagði Arnór í bronsleiknum.

Sigur Ástu Birnu kom nokkuð á óvænt en hún gerði sér lítið fyrir og lagði Ragnhildi Sigurðardóttur úr GR í æsispennandi úrslitaleik þar sem úrslit réðust á átjándu holu. Ásta Birna lagði Valdísi Þóru Jónsdóttur úr GL í undanúrslitum. Valdís tapaði síðan fyrir Þórdísi Geirsdóttur úr GK í leiknum um þriðja sætið. **- hbg**



**SIGURREIF** Þau Hlynur Geir og Ásta Birna sjást hér með verðlaun sín í Korpunni í gær.

MYND/KYLFINGUR.IS



**FINNAN FARINN** Steve Finnan hefur leikið sinn síðasta leik fyrir Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Grindavík hafnaði tilboði frá Inverness í Ramsay:

# Hærri upphæðir fara gegnum Hofsós

**FÓTBOLTI** Ekkert varð af því að Skotinn Scott Ramsay hjá Grindavík gengi í raðir skoska úrvalsdeildarliðsins Inverness Caledonian Thistle. Skoska liðið hefur sýnt áhuga á Ramsay síðustu daga en hafði ekki erindi sem erfiði.

Fyrst vildu Skotarnir fá Ramsay að láni en það hugnaðist Grindvíkingum ekki. „Við erum enn í baráttunni hér heima og þess utan var enginn fjárhagslegur akkur í því fyrir okkur að lána hann þannig að það mál var nánast dautt frá byrjun,“ sagði Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Grindavíkur.

Ingvar segir að Grindvíkingar hafi í kjölfarið gert Skotunum það ljóst að þeir yrðu að kaupa Ramsay ætluðu þeir sér að fá hann. „Þeir sendu tilboð á endanum en það var nú ekki merkilegt. Það fara hærri upphæðir í gegnum Hofsós. Því tilboði var þar af leiðandi hafnað,“ sagði Ingvar við Fréttablaðið í gærkvöldi.

- hbg



**ÁFRAM Í GRINDAVÍK** Scott Ramsay verður áfram í Grindavík eftir að Grindavík hafnaði tilboði frá Inverness Caledonian Thistle. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sviptingar hjá Liverpool:

## Finnan út og Riera inn

**FÓTBOLTI** Það gekk mikið á hjá Liverpool á lokadegi félagaskiptanna í gær.

Bakvörðurinn Steve Finnan var seldur til spænska félagsins Espanyol en kaupverð var ekki gefið upp. Frá Espanyol kom síðan hinn 26 ára vinstri vængmaður Albert Riera. Talið er að Liverpool hafi greitt átta milljónir punda fyrir leikmanninn, sem skrifaði undir fjögurra ára samning.

Liverpool fékk síðan hinn 18 ára Brasilíumann Vitor Flora á frjálsri sölu frá Brasilíu. Flora er framherji.

Liverpool lánaði síðan Úkraínumanninn Andriy Voronin til Herthu Berlin út tímabilið.

Svo bárust þær fréttir einnig frá Liverpool í gær að Fernando Torres yrði frá í þrjár vikur vegna meiðslanna sem hann hlaut í leiknum gegn Aston Villa um helgina.

- hbg

Everton keypti Saha:

## Kaupverð ekki gefið upp

**FÓTBOLTI** Everton gekk í gær frá kaupunum á framherjanum Louis Saha frá Manchester United. Kaupverðið á þessum þrítuga Frakka var ekki gefið upp en Saha skrifaði undir tveggja ára samning við bláa liðið frá Liverpool.

„Þessi strákur getur gert allt – hlaupið, skallað og spilað félaga sína uppi,“ sagði David Moyes, stjóri Everton, sem er himinlifandi með nýja liðsstyrkinn en Saha er þriðji leikmaðurinn sem Everton fær í sumar.

Áður hafði Everton gengið frá kaupum á þeim Lars Jacobsen og Segundo Castillo.

- hbg




ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

ÓDÝRT VINNUAFL FYRIR 700 KR. Á DAG*

FRÁBÆR KJÖR




VW Caddy hefur getið sér gott orð fyrir áreiðanleika, þægindi og hagstætt verð. Komdu núna í HEKLU - Notaða bíla á Kletthálsi og gerðu hagstæð kaup. Við erum sveigjanleg í samningum.

Atvinnubílar

*Volkswagen Caddy 2004 með 299.700 kr. útborgun (Heildarverð: 999.000 kr.)
Miðað við gengistryggðan bílasamning til 48 mánaða.
Árleg hlutfallstala kostnaðar 15,29%.

Opið 10–18 virka daga | Opið 12–16 laugardaga
Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

> **Topher Grace**

„Helst af öllu vil ég hlutverk sem eru bæði skopleg og alvarleg því þannig er lífið.“ Grace leikur í kvikmyndinni P.S. sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR ÓTTAST ÓGURLEGAN FISK

# *Fiski-zilla ógnar vistkerfi*

Maður er óneitanlega margs vísari um dýralífið, þökk sé sjónvarpsstöðinni National Geographic Wild. Til að mynda vita áhorfendur nú, ef þeir vissu það ekki fyrr, að utan stranda Maine-ríkis í Bandaríkjunum berjast risavaxnir skrímslahumrar daglega upp á líf og dauða. Yfir skrímslahumrahersingunni ríkir heimsins stærsti humar; aldur hans er óræður, kannski óákvarðanlegur, og hann ryður minni humrum úr vegi sínum eins og jarðýta á ferð um leikskólalóð. Vitneskjan um að þetta ferlíki rölti, á þessari stundu, um á botni Atlantshafsins er viðkvæmum sálum kannski um megn. Þeir sem ekki kunna við tilhugsunina um risahumar ættu að hætta að lesa núna, því það sem á eftir kemur er ekki hótinu skárra: Godzilla-fiskurinn.



Á sunnudag sýndi National Geographic Wild afar áhugaverðan heimildarþátt um fiskinn sem hlotið hefur þetta skelfingarþrungna gælunafn. Skyldi engan undra, fiskur þessi er sannkallað skrímsli og það sem verra er, fyrir sex árum gerði hann óútskýrða árás á ferskvatnsvistkerfi Bandaríkjanna, en náttúrulegt umhverfi hans er í Asíu. Fiskurinn getur orðið rúmur metri á lengd, hefur beittar tennur eins og lítill hákarl og er með eindæmum árásargjarn og gráðugur. En ef þessir eiginleikar eru ekki nógir til þess að sannfæra hvern sem er um að fiskurinn er hin mesta skaðræðisskepna þá ætti þetta að duga til: hann getur lifað í allt að því þrjá daga á þurru landi og ferðast á milli stöðuvatna með því að hlykkjast yfir landflæmi. Jafnframt fjölgar hann sér á ógnarhraða og afkvæmin verða fullvaxta og fara sjálf að fjölga sér á fáum vikum. Ef ekki tekst að stöðva útbreiðslu fisksins er útlit fyrir að hann hafi mikil og varanleg áhrif á ferskvatnsvistkerfi í Bandaríkjunum. Eini kosturinn við þetta ófremdarástand er sá að Fiski-zilla er víst góður á grillið.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Dirty Dancing: Havana Nights STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **20.45** The Big Bang Theory STÖÐ 2



▶ **21.00** Design Star SKJÁR EINN



▶ **21.15** Smallville STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka**

**18.00 Arthúr**

**18.25 Feðgar í eldhúsinu** (Harry med far i køkkenet) (4:6) Dönsk þáttaröð um sjö ára strák, Harry Kyster, sem er mikill sælkeri og liðtækur kokkur og eldar hér gómsæta rétti með pabba sínum.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.00 Everwood** (11:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood. Aðalhlutverk: Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp, Debra Mooney og John Beasley.

**20.45 Heilabrot** (Hjärnstorm) (7:8) Í þessum sænsku þáttum eru teknir fyrir ýmsir þættir í hugsun og hegðun manna svo sem minni, eftirtekt og ákvarðanataka.

**21.15 19. öldin á röngunni** (1800-tallet på vrangen) (7:8) Í þáttunum er fjallað um ýmsa snillinga, afreksmenn og brautryðjendur meðal Dana á 19. öldinni.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Illt blóð** (Wire in the Blood IV) (4:4) Breskur spennumyndaflokkur þar sem sálfræðingurinn dr. Tony Hill reynir að ráða í persónuleika glæpamanna og upplýsa dularfull sakamál. Aðalhlutverk: Robson Green.

**23.55 Kastljós** (e)

**00.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Garfield 2**

**10.00 Dirty Dancing. Havana Nights**

**12.00 P.S.**

**14.00 Life Support**

**16.00 Garfield 2**

▶**18.00 Dirty Dancing: Havana Nights** Framhald af hini vinsælu dans- og söngvamynd Dirty Dancing. Aðalhlutverk: Romola Garai, Mika Boreem og Polly Cusumano.

**20.00 P.S.** Rómantísk gamanmynd með Gabriel Byrne, Laura Linney og Topher Grace í aðalhlutverkum.

**22.00 Carried Away**

**00.00 Dirty Deeds**

**02.00 Control**

**04.00 Carried Away**

**06.00 Dear Frankie**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (139:300)

**10.15 Sisters** (23:24)

**11.10 60 minutes**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Annapolis**

**14.50 Friends** (2:23)

**15.20 Sjáðu**

**16.18 Ginger segir frá**

**16.38 Ben 10**

**17.03 Justice League Unlimited**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (21:25)

**19.55 Friends** (11:24)

**20.20 Two and a Half Men** (5:19) Charlie Harper lifði í vellystingum þar til bróðir hans Alan, flutti inná hann slippur og snauður, nýfráskilinn, einstæður faðir.

▶**20.45 The Big Bang Theory** (3:17) Leonard og Sheldon eru eldklárir eðlisfræðingar og hreinræktaðir nördar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins. Þegar kemur að mannlegum samskiptum eru þeir óttalegir klaufar og þá sérstaklega við hitt kynið. Þetta breytist þó þegar þeir kynnast nágranna sínum, henni Peggy sem er einlæg, fögur og skemmtileg.

**21.10 Chuck** (1:13)

**21.55 Moonlight** (15:16)

**22.40 Silent Witness** (9:10)

**23.35 60 minutes**

**00.20 Ghost Whisperer** (41:44)

**01.05 ReGenesis** (12:13)

**01.50 Annapolis**

**03.30 Chuck** (1:13)

**04.15 Medium** (1:22)

**05.00 The Simpsons** (21:25)

**05.25 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.20 Þýski handboltinn - Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**18.00 PGA-mótaröðin** Útsending frá lokadeginum á Deutsche Bank mótinu í golfi.

**21.00 Kaupþings mótaröðin 2008** Sýnt frá Kaupþingsmótaröðinni í golfi þar sem mæta til leiks allir bestu og sterkustu kylfingar landsins.

**22.00 Countdown to Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa og Bandaríkin mætast í golfi.

**22.30 UEFA Super Cup 2008** Útsending frá leik Man. Utd og Zenit í UEFA Super Cup.

**00.30 Fitness-helgin 2008** Sýnt frá Fitness-helginni þar hraustasta fólk landsins var samankomið.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Middlesbrough og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Aston Villa og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 English Premier League**

**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Rachael Ray**

**19.20 America´s Funniest Home Videos** (e)

**19.45 Family Guy** (e)

**20.10 Frasier** (7:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk. Þættirnir voru framleiddir í 11 ár og hlutu alls 37 Emmy-verðlaun, fleiri en nokkur önnur sjónvarpsþáttaröð.

**20.35 Less Than Perfect** Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna.

▶**21.00 Design Star** (7:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Hönnuðirnir þrír sem eftir eru fara á flakk og hjálpa þremur fjölskyldum sem eiga það skilið. Náttúruöflin láta til sín taka og allir hönnuðirnir lenda í vandræðum.

**21.50 High School Reunion** (4:6) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fyrrverandi skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þessi skrautlegi hópur hittist á ný.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 C.S.I. New York** (e)

**00.20 Da Vinci's Inquest**

**01.10 Trailer Park Boys**

**02.00 Vörutorg**

**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**

**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Opna Tækniskólamótið

## fer fram 7. september á Hellu

- Ræst út af öllum teigum kl. 9:30. Mæting kl. 8:45.
- Keppt er með og án forgjafar.
- Verðlaun fyrir 5 efstu sætin í punktakeppni í kvenna- og karlaflokki.
- Verðlaun fyrir besta skor án forgjafar.
- Nándarverðlaun á öllum par 3 brautum.
- Lengsta teighögg á 18. braut.

Skráning á **www.golf.is**

zetor

Kaffitár POWERADE. olís CLARINS

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.10**



### Chuck – Nýtt

Drepfyndnir og hraðir spennuþættir frá höfundi The OC og leikstjóra Charlie's Angels. Chuck Bartowski er ósköp venjulegur nörd sem lifir afar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst sem matar hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans. Stórhættulegir hryðjuverkamenn eru tilbúnir að gera allt til að komast yfir leyndarmálin og upphefst mikill eltingarleikur þar sem hann nýtur verndar gullfallegs útsendara frá CIA sem hefur það eina verkefni að halda honum á lífi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Heilabrot (Hjärnstorm)**
**Sjónvarpið kl. 20.45**

Í þessum þáttum fjallar Henrik Fexeus um ýmsa þætti í hugsun og hegðun manna. Í þættinum í kvöld kannar Henrik áhrif auglýsinga á val neytenda. Í auglýsingabransanum eru menn vissir um að hljóð, litir, form og staðsetning hafi afgerandi áhrif á kaupval fólks enda eru fúlgur fjár lagðar í að skapa rétta umhverfið í verslunum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Óskalög sjómanna
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Hafborg
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Flækingur
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarást
**21.10** Sjónþing um Guðmund Ármann
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Rósin rjóð
**22.45** Jazzhátíð Reykjavíkur 2008
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (6:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (7:260)
**17.00 Seinfeld 3**
**17.30 Ally McBeal** (11:23)
**18.15 Smallville** (3:20)
**19.00 Hollyoaks** (6:260)
**19.30 Hollyoaks** (7:260)
**20.00 Seinfeld** Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur.
**20.30 Ally McBeal** (11:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma.
▶ **21.15 Smallville** (3:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.00 So You Think You Can Dance** (16:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**23.25 So You Think You Can Dance**
**00.10 Missing** (17:19) Þriðja þáttaröð spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki.
**00.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Nútímafólk** Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands.
**21.00 Mér finnst...** Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Páll Óskar Hjálmtýsson, Katrín Júlíusdóttir, Elísabet Jökulsdóttir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet med Vejret **11.25** Grøn glæde **11.50** Supernabo **12.20** Skibet skal sejle **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.15** Flight 29 savnes! **13.35** Pigebandet Frank **14.00** SPAM 2008 **14.30** Pelles museplage **14.35** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **15.00** Lucky Luke **15.25** F for Får **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Med livet i hænderne **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander. Inden frosten **21.30** Seinfeld **21.55** Møde med... forfatteren Hanne-Vibeke Holst

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Tinas mat **12.35** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Melodi Grand Prix junior 2005. Finale **14.00** NRK nyheter **14.10** Melodi Grand Prix junior 2005. Superfinale **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Hund i huset **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Dykk Olli, dykk! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen. Luksuscruise i havkajakk **17.55** Ansikt til ansikt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extra-trekning **20.30** Bokprogrammet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Alle dei vakre hestane **23.05** 4·4·2. Bakrommet. Fotballmagasin **23.35** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Solens mat **11.35** Den glade skomakaren **12.55** Logga in! **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Ovanåker - Addis Abeba **15.00** Lilla blåa draken **15.10** Tippe **15.20** Meg och Mog **15.30** Piggley Winks äventyr **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Sixties **18.30** När storken sviker - fem år efteråt **19.00** Videokväll hos Luuk **19.30** Friidrott. GP Lausanne **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Den hårda linjen **22.05** Dödens fält


# Renault Kangoo

Mest seldi atvinnubíll íslands
á frábæru tilboðsverði.




LAGERLOSUN

LAGERLOSUN Á VINSÆLASTA ATVINNUBÍL FYRR OG SÍÐAR. FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ.

Eigum **örfá eintök** eftir af einum vinsælasta atvinnubíl fyrr og síðar, Renault Kangoo. Nýr Kangoo er á leiðinni til landsins og því höfum við ákveðið að selja nokkur eintök af eldri gerðinni á ótrúlegu verði. Ráðgjafar okkar eru tilbúnir við símann. Hringdu í 575 1224 eða sendu fyrirspurn á arnif@bl.is til að tryggja þér eintak. **Fyrstir koma, fyrstir fá!**

VERSLAÐU ATVINNUBÍLA AF ÞEIM SEM GETA ÞJÓNUSTAÐ ÞIG!

Þeir sem eru í atvinnurekstri vita að þjónusta skiptir öllu máli þegar kemur að atvinnubílum. Atvinnurekendur verða að geta treyst á 100% nýtingu bílaflotans. Atvinnubíladeild B&L er þekkt fyrir að þjónusta viðskiptavini sína af miklum metnaði. Verslaðu við ábyrga aðila, sem þú getur treyst.

ATVINNUBÍLAR

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - atvinnubilar@atvinnubilar.is

www.atvinnubilar.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Oftast nær er ég með kveikt á www.hypem.com sem er svona music-blog síða en að öðrum kosti er ég mjög hrifinn af því að hlusta á folk og/eða blús við vinnuna. The Jon Spencer Blues Explosion eða Scott Biram. Síðan hlusta ég mikið á swing, en það er ákveðin heimavinna fyrir Lindy-Hoppið.“*

Þórgnýr Thoroddsen vinnur við eftirvinnslu kvikmynda.

# Pálmi þakkar Guði fyrir holu í höggi

Séra Pálmi Matthíasson, sóknarprestur í Bústaðakirkju, gerði sér lítið fyrir og fór holu í höggi á Öndverðarnesvelli hinn 16. júlí síðastliðinn.

Pálmi, sem byrjaði í golfinu í fyrra með konu sinni Unni Ólafsdóttur, segist hafa hitt ofan í fyrir algjöra tilviljun. „Ég held að þetta sé algjör byrjendaheppni eða þá að það hafi einhver góður verið með mér í liði,“ segir hann og á þar vitaskuld við Guð almáttugan. „Ég þakka honum fyrir hvern dag sem ég fæ að lifa og þakka honum fyrir þetta eins og annað.“

Höggið örlagaríka átti sér stað á elleftu braut sem er par þrjú hola. „Maður sér ekki holuna því það er hlaðinn veggur í kring. Ég leitaði að boltanum um allt en fann hann hvergi. Mér hafði aldrei dottið í hug að líta ofan í holuna og það hefði verið skemmtilegra að sjá kúluna fara ofan í. Þeir sem hafa séð það segja að það sé góð tilfinning.“ Pálmi segir bráðnauðsynlegt að hafa konuna með sér í golfinu, annað gangi einfaldlega ekki upp. „Ég þekki það í mínu starfi að þetta er ekki mjög gott sport þegar annað hjónanna er í þessu. Það er þetta eiginlega bara tilræði við sambandið. En þetta er ótrúlega skemmtileg íþrótt því þú ert alltaf að glíma við sjálfan þig.“

Pálmi vill ekki viðurkenna að preststarfið gefi honum forskot á aðra þegar kemur að golfinu. „Ég held að það sé ágætt að vera prestur í lífinu yfirhöfuð og ég er mjög þakklátur fyrir að vera það. Það er margt sem maður lærir í mínu starfi sem gerir mann þakklátari en ella.“ - fb



**GOLFARI AF GUÐS NÁÐ** Séra Pálmi Matthíasson gerði sér lítið fyrir og fór holu í höggi á Öndverðarnesvelli fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LÁRÉTT**
2. áfall, 6. frú, 8. klettasprunga, 9. pfn., 11. fæddi, 12. útlit yfirborðs, 14. hégómi, 16. í röð, 17. yfirgaf, 18. samhliða, 20. bókstafur, 21. nabbi.

**LÓÐRÉTT**
1. útmá, 3. einnig, 4. kassabók, 5. blekking, 7. rauðber, 10. litningar, 13. skarð, 15. æti, 16. tunna, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lost, 6. fr, 8. gjá, 9. mig, 11. öl, 12. áferð, 14. snobb, 16. áb, 17. fór, 18. með, 20. ká, 21. arða.

**LÓÐRÉTT:** 1. afmá, 3. og, 4. sjóðbók, 5. tál, 7. rifsber, 10. gen, 13. rof, 15. bráð, 16. áma, 19. öð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Gústav.
2. Femínistafélag Íslands.
3. Guðný Halldórsdóttir.


**Burstar og kústar**

uppþvottaburstar, skóburstar, gólfburstar, kústar, skrúbbar og fl.



TAKK hreinlæti ehf.

Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
Kíktu á heimasíðuna okkar
www.takk.is



vísir.is
„...ég sá það á vísi“


EIÐUR ARNARSSON: SÖGUR AF DAUÐA GEISLADISKSINS STÓRLEGA ÝKTAR

# Megas selur meira en Bubbi

Þrátt fyrir frásagnir um margboðaðan dauða geisladisksins lifir hann enn ágætu lífi. Í ár hefur sala á tónlist á CD verið svipuð og í fyrra. Geisladiskurinn er enn lang söluhæsta form útgáfu á tónlist, netsala er einungis 5-10 prósent af heildarsölunni og sala á vínyl, sem þó þykir mest kúl, er vart mælanleg.

Helgi Björns og Sigur Rós eiga söluhæstu innlendu titla ársins. Hestamannaplata Helga, Ríðum sem fjandinn, hefur selst í tæplega 6.000 eintökum og Sigur Rósar-platan Með suð í eyrum við spilum endalaust hefur selst í rúmlega 5.000 eintökum. Sigurður Guðmundsson með Oft ég spurði mömmu og Garðar Cortes með Cortes eru báðir komnir í 3.500 eintök og Megasar-platan Á morgun hefur selst í 3.200 eintökum. Athyglisvert er að Helgi, Sigurður, Garðar og Megas eru allir með tökulagaplötur, svo það hlýtur að mega draga þá ályktun að Íslendingar vilji helst kaupa það sem þeir hafa heyrt áður.

Árangur Megasar á vinsældalistunum vekur athygli. Hann er ótvírætt inni í hlýjunni um þessar mundir. Tökuplatan hans hefur selst í 3.200 eintökum á aðeins einum mánuði. „Mér sýnist þetta vera sú Megasarplata sem hraðast hefur selst,“ segir Rúnar Birgisson, umboðsmaður Megasar. „Plöturnar hans í fyrra seldust í 5-6.000 eintökum hvor, en ég gæti trúað að þessi færi í 7-8.000 áður en árið er á enda.“

Á meðan Megas raðar sér í innkaupapokana á Bubbi Morthens ekki eins upp á pallborðið. Fjórir naglar, fyrsta platan hans með frumsömdu efni í þrjú ár, hefur selst í um 3.000 eintökum á þremur mánuðum. „Jú, þetta er nokkuð undir væntingum,“ viðurkennir Eiður Arnarsson hjá Senu, sem gefur Bubba út. „Bubbi hefur reyndar alltaf selst betur á veturna en sumrin – einhverra hluta vegna – og ég er viss um að þessi plata á mikið inni.“ Kannski Bubbi ætti að syngja gömul íslensk dægurlög næst?

Aðrar íslenskar plötur standa þessum nokkuð að baki. Bang Gang hefur selst í 2.000 eintökum og Dísa í 1.500 eintökum. Vel kynnt plata Merzedes Club slefar hins vegar aðeins í þúsund eintök. Platan kom einfaldlega allt of seint út til að geta nýtt sér þann meðbyr sem vöðvabúntin höfðu í kringum Eurovision-keppnina.

Safnplötur gera það gott. Kassinn 100 bestu lög lýðveldisins hefur farið í 5.500 eintökum þrátt fyrir umdeilt lagaval, Pottþétt 47 í 4.500 eintökum og Laugardagslögin í 3.000 eintökum. Þá hefur kassi Þursaflokksins selst í 1.500 eintökum á meðan kassar Sálarinnar hafa selst í um 500 eintökum hvor kassi.

„Á þessari öld hefur sala á geisladiskum haldist nánast óbreytt á milli ára,“ segir Ásmundur Jónsson hjá Smekkleysu. „Aðalbreytingin er sú að sala á erlendri tónlist hefur dregist mikið saman en íslensk tónlist bara tekið stærri sneið af kökunni í staðinn.“

Eiður hjá Senu tekur undir þetta: „Erlend tónlist selst töluvert minna í ár en í fyrra, sem var aftur minna en árið þar á undan. Þessi sama þróun á sér stað um allan heim.“

Þrátt fyrir þetta er mest selda plata ársins erlend: gömul Abba-lög í nýjum búningi úr bíómyndinni Mamma Mia. Platan er um þessar mundir söluhæsta platan hvarvetna í hinum vestræna heimi og íslenskar konur gefa þeim erlendu ekkert eftir í Abba-æðinu, 6.700 eintök eru þegar seld á Íslandi.

gunnarh@frettabladid.is



**ALDREI SELST JAFN HRATT** Megas er inni í hlýjunni þessa dagana og selur plötur sem aldrei fyrr.



**UNDIR VÆNTINGUM** Þrátt fyrir að vera með fyrstu frumsömdu plötuna sína í þrjú ár hefur Bubbi selt minna en búist var við. Hann á þó væntanlega mikið inni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það hefur ekki beint verið hátt risið á íslenskum tónleikahöldurum eftir sumarið. Fæstir tónleikar gengu sem skyldi og átti gengishrun krónunnar stóran þátt í því. **Grímur Atlason** segist hættur tónleikahaldi og aðrir segja að engir tónleikar séu fyrirhugaðir á næstunni. Þrátt fyrir það heyrast sögur að þau **Ragnheiður Hanson** og **Halldór Kvaran** í RR hafi ekki lagt árar í bát. Heyrst hefur að rokkgoðin í **AC/DC** og **Metallica** séu efst á vinsældalistanum þar á bæ enda eru báðar sveitirnar á leið í stór tónleikaferðalög. Halldór sagði í samtali við Fréttablaðið að þessi tvö nöfn væru á meðal þeirra sem þau hefðu spurst fyrir um en ekkert væri hins vegar frágengið að svo stöddu.



Quarashi-hópurinn spilaði sitt síðasta gigg á „glötuðu giggi“ á Akureyri 2005. Í fyrra bauð Glitnir banki bandinu að koma saman á ný gegn myndarlegri greiðslu en því var hafnað. **Sölvi Blöndal** aftók það með öllu og sagði bandið hætt. Ekkert bólar því á kombakki þótt aldrei skuli segja aldrei. Sölvi klárar um þessar mundir hagfræðinám í Svíþjóð en **Ómar Swarez** er í auglýsingabransanum. Rapparann **Steina** mátti svo sjá í Kolaportinu um helgina þar sem hann seldi hluti úr einkaeign. Hann er á leið til Skotlands í nám og fannst tilvalið að létta á innbúinu af því tilefni.



Umræða um borgarmálin hefur hvergi nærri lognast út af. Nú hefur ný rödd kvatt sér til hljóðs, því í vefsamfélaginu Facebook hefur verið stofnaður hópurinn **„Unni Birnu** sem borgarstjóra“. Á heimasvæði hópsins má lesa að meðlimir telji „Reykjavíkurborg betur stjórnað af Unni Birnu heldur en Hönnu Birnu“. Hópurinn fer stækkandi, en telur nú um 78 manns. Unnur Birna er ekki þeirra á meðal.



- hdm, glh, sun

# Nútímalegri Samúel á netið

Tímaritið Samúel snýr aftur í mánuðinum, í tæka tíð fyrir fjörutíu ára afmæli blaðsins. „Forveri Samúels byrjaði á því sögufræga ári 1968, þannig að ég miða afmælið við það ár,“ segir ritstjórinn Þórarinn Jón Magnússon, sem ýtti blaðinu úr vör á sínum tíma. Það verður þó með eilítið öðru sniði núna. „Strákurinn minn vinnur í netheimum og hann er að koma mér inn í nútímann og dusta af mér rykið. Þetta verður netútgáfa, því það eru allir inni á netinu nú til dags,“ útskýrir Þórarinn.

Á síðunni samuel.is má sjá brotabrot af því sem koma skal, en upp úr miðjum mánuði geta notendur farið að lesa bæði gamalt efni og nýtt. „Blaðið kom út samfleytt í heilan aldarfjórðung og náði að verða sjö þúsund blaðsíður. Það er því af nógu að taka, og greinilegt að nostalgían er vinsæl,“ segir Þórarinn kíminn. „Maður sér það bara á þessum gömlu rokkstjörnum sem flæða yfir okkur,“ bætir hann við, en Þórarinn og starfsfólk hans safna nú efni í möppur af miklum móð og stefna að því að geta bætt nýju efni inn á heimasíðuna daglega í eitt ár.

Samúel var á sínum tíma „karlrembublað“, eins og Þórarinn orðar það sjálfur, og mun halda því striki. Margir tengja blaðið eflaust einnig við nektarmyndir, en þar birtust reglulega myndir af fáklæddum fegurðardísum. „Menn hafa kannski tekið best eftir því, en það fer nú eftir áhugasviði hvers og eins. Það var töluvert meira í blaðinu, það fjallaði um skemmtanalíf og tísku, ferðalög og bílasport, kvikmyndir og tónlist,“ útskýrir Þórarinn. - sun



**SAMÚEL SNÝR AFTUR** Þórarinn Jón Magnússon stefnir á að birta bæði gamalt efni og nýtt á vefsíðunni www.samuel.is innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## e-kortin kynna með stolti í samstarfi við 2B Company og Thorsson

# Soweto gospelkórinn frá Suður - Afríku




**Þessi gospelkór hefur hlotið einróma lof hvarvetna þar sem hann hefur komið fram og fékk m.a. Grammy-verðlaun 2007. Það má treysta á stórskostlega söng- og tónlistarupplifun í Laugardalshöll 8. október.**




**Forsala fyrir e-korthafa** er hafinn á **www.ekortin.is**
og stendur í þrjá daga. Einungis selt í sæti.

**e-korthafar fá 25% afslátt af miðaverði á forsölunni 2.-4. september og 15% afslátt eftir það.**

Verð: stúka: 5.900 kr.

Verð: salur: 6.900 kr.

**Almenn sala hefst 4. september á www.midi.is.**

TP THORSSON PRODUCTIONS

KORTIN ekortin.is

2B COMPANY

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## *Ég og ímynd Íslands*

Eitt helsta tískuorðið nú á dögum er orðið „ímynd“. Fyrirtæki, sveitarfélög og þjóðir eyða geysilegum tíma og fjármunum í þetta fyrirbæri. Ég hef reyndar alltaf haft óbeit á þessu hugtaki þar til í gær þegar ég fékk mér kaffi í spænska þorpinu Guadix.

**ÞAR** til í gær var ég nefnilega gamaldags og hugsaði frekar um orðstír sem lifir að eilífu með tilheyrandi vandræðum. Eins og til dæmis þeim að þurfa endalaust að vera dæmdur af verkum sínum. En eins og allir vita hefur fólk takmarkaðan tíma til þess að meta framgöngu heils fyrirtækis og hvað þá heillar þjóðar. Og til að auðvelda fólki þessa vinnu hafa markaðströllin tekið að sér að búa til ímynd þar sem flekkleysið, hamingjan, framtakssemi og traustið svífa yfir vötnum.

**AÐ** sjálfsögðu höfum við Íslendingar verið afar uppteknir af „ímynd okkar út á við“ eins og markaðströllin kalla þetta fyrirbæri. Við erum því afar varkárir til orðs og æðis frammi fyrir heimsbyggðinni. Rétt eins og gjaldkeri í banka verður að gæta að þokka sínum í hvívetna, svo allir bæklingarnir með brosandi viðskiptavinum innan um fallegt, áreiðanlegt og því sem næst fullkomið starfsfólk missi ekki marks.

**OG** það er heldur ekkert smá sem búið er að rífast um þessa ímynd því ekki erum við öll sammála um það hvernig við viljum vera á svipinn þegar heimurinn smellir af. Svo að ímyndin er dýr; hún hefur kostað pólitískt fárviðri og svo náttúrlega hellings tíma og peninga.

**ÉG** fann því til máttar míns þegar ég fór inn á barinn Los Arcos í Guadix og fólkið á þessum helsta samkundustað þorpsins vildi vita hvaðan karl væri kominn. En það var strax lýðnum ljóst að ég væri langt að heiman. Og viti menn, Andalúsarnir atarna vissu varla nokkurn skapaðan hlut um Ísland. Ég hafði því ímynd landsins í höndum mér og gat gert hvað sem er við hana.

**ÉG** verð að viðurkenna að það var freistandi að vinna smá hryðjuverk með því að segja frá verðlaginu, skandínavísku forræðishyggjunni og lágkúrulegu vínmenningunni. En mér rann blóðið til skyldunnar svo ég setti upp svipinn sem gjaldkerinn er með í bankabæklingnum og talaði um þorskinn og náttúrufegurðina.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 2. september, 246. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.11 | 13.27 | 20.42 |
| Akureyri | 5.50 | 13.12 | 20.32 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


WWW.UU.IS

# Hver borg er heimur



**Sevilla** – Sigrar hjarta þitt

9. - 13. okt. / uppselt
23. – 26. okt.
13. – 17. nóv. / 10 sæti laus
27. nóv. – 1. des. / laus sæti

Verð frá 73.442,-
á mann í tvíbýli með morgunverði á Tryp Macarena 27. nóv. í 4 nætur.

**Bilbao** – Einstök og öðruvísi

16. – 20. okt. | 30. okt. – 2. nóv.
20. – 24. nóv.



Verð frá 65.149,-
á mann í tvíbýli með morgunverði á Barceló Avenida 30. október í 3 nætur.

**Dublin** – Smávaxin stórborg

9. – 12. okt. | 23. – 26. okt.
30. okt.– 3. nóv. / Uppselt | 20. – 23. nóv.



Verð frá 69.963,-
á mann í tvíbýli með morgunverði á Jury's Inn 20. nóvember í 3 nætur.

**Madrid** – Borg í fullu fjöri

2. – 5. okt. (Flogið frá Akureyri)
6. – 9. nóv.



Verð frá 68.580,-
á mann í tvíbýli með morgunverði á Senator Gran Vía 6. nóvember í 3 nætur.

Lifandi heimsborgir taka ferðalöngum opnum örmum yfir veturinn. Úrval-Útsýn gerir þér kleift að kynnast hinum mörgu andlitum Spánar: Madrid, höfuðborginni sem aldrei sefur, Sevilla, hinu forna menningarsetri, og Bilbao í Baskalandi, þar sem listin blómstrar. Loks er það Dublin á Írlandi, þar sem má gera góð kaup og slaka á á írskum pöbbum.

**Bókunarsíminn er opinn til kl. 19 alla virka daga og frá kl. 10–14 á laugardögum**

ÚRVAL·ÚTSÝN

MasterCard VISA

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ Sími 585 4000 ~ Fax. 585 4065 ~ INFO@UU.IS ~ WWW.UU.IS